

Sakfelling án dóms og laga?

Um nafn- og myndbirtingar í fjölmiðlum af grunuðum, ákærðum
og dæmdum mönnum

-Meistararitgerð til Mag. jur. prófs í lögfræði -

Heiðrún Björk Gísladóttir

Lagadeild

Félagsvísindasvið

Umsjónarkennari: Eiríkur Jónsson, dósent

Febrúar 2012

Útdráttur

Á undanförnum áratugum hafa orðið miklar tækniframfarir í heiminum. Fjölmiðlar hafa ekki farið varhluta af þessum framförum og hefur veraldarvefurinn þar spilað veigamikilið hlutverk. Vegna hraða breytinganna hefur löggjafanum hins vegar reynst erfitt að fylgja þeim eftir með regluverki.

Viðfangsefni ritgerðarinnar er nafn- og myndbirting í fjölmiðlum af grunuðum, ákærðum og dæmdum mönnum. Ekki er að finna lagareglur sem beinlínis taka á álitaefninu en mikið mæðir á reglum stjórnskipunarréttar um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs, sbr. 73. og 71. gr stjórnarskrárinnar ásamt 10. og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem lagagildi hefur hér á landi sbr. lög nr. 62/1994. Auk fyrrefndra ákvæða stjórnarskrár hafa 70. gr. hennar og 6. gr. Mannréttindasáttmálans gildi en þar er tryggður er réttur sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar.

Almennar lagareglur ásamt siða- og vinnureglum fjölmiðla koma til skoðunar. Þær lagareglur sem helst reynir á er að finna í XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og í ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Einnig hafa reglur í öðrum lögum þýðingu. Til fyllingar hinum almennu lagareglum koma siða- og vinnureglur fjölmiðla. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur ítrekað staðfest mikilvægi þess að blaðamenn starfi samræmi við góða blaðamannshætti.

Ofangreindar réttarreglur eru heimfærðar á stöðu sakbornings á ýmsum stigum máls. Þegar maður er grunaður er óvíst hvort ákæra verði gefin út. Verður öll fjölmiðlaumræða að taka mið af því enda í höndum dómstóla að ákvarða um sekt manns eða sýknu. Þrátt fyrir það er fjölmiðlum játað rúmt svigrúm til umræðu um mál á þessu stigi ef það er talið eiga erindi í almenna þjóðfélagsumræðu. Kemur þar m.a. til skoðunar hvort hinn grunaði er almannapersóna. Eftir að ákæra hefur verið gefin út á hendur manni gildir reglan um opinbera málsmeðferð skv. 10. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Hafa fjölmiðlar mjög frjálssar hendur um frásagnir af málum á þessu stigi auk heimildar til þess að nafngreina þá sem sökum eru bornir. Ávallt verður þó að horfa til þess, sem áður sagði, að það er í höndum dómstóla að kveða upp dóm yfir mönnum. Menn, sem afplánað hafa dóma, hafa gert upp sakir sínar við samfélagið, a.m.k. eftir leiðum réttarríkisins. Umfjöllun fjölmiðla um slíka aðila er stundum réttlæt看leg, t.d. ef viðkomandi hefur til dæmis ítrekað komist í kast við lögin. Getur almenningur þá haft hagsmuni af því að fá upplýsingar þar um og er að sama skapi ólíklegt að fjölmiðlaumræða verði til þess að sverta ímynd viðkomandi þar sem hann hefur í raun séð um það sjálfur með hátterni sínu. Ef staðan er sú að aðili hefur bætt ráð sitt er óvíst að umfjöllun um gamlan refsíðóm eigi erindi til almennings.

Formáli

Ritgerð þessi er lokahnykkurinn á fimm ára námi við lagadeild Háskóla Íslands. Áhugi minn á fjölmiðlarétti kviknaði á haustönn 2010 þegar ég sat það námskeið. Hugmyndina að ritgerðarefninu fékk ég þegar tiltekið manndrapsmál var til rannsóknar hjá lögreglu síðsumars árið 2010. Var sakborningur í málinu mikið til umfjöllunar og allnærri honum gengið. Var það mér umhugsunarefni að sakborningurinn ætti líklega ekki afturkvæmt í samfélag heiðvirtra borgara jafnvel þó svo að óvíst væri á þeim tímapunkti hvort hinn saknæmi verknaður hefði verið af hans völdum. Ég ákvað þá að kanna hvaða réttarreglur giltu um fjölmiðlaumfjöllun um grunaða menn. Síðar kom kveikjan að því að fjalla einnig um ákærða og dæmda menn. Rannsóknarefni ritgerðarinnar lýtur því að því hversu langt fjölmiðlar geti gengið í skjóli tjáningarfrelsis í umfjöllun sinni um grunaða, ákærða og dæmda menn. Er réttlæt看legt að nafngreina slíka aðila í fjölmiðlum, hvað þá að birta mynd af þeim? Álitaeftnið er afar lifandi eins og höfundur varð var við þar sem illa gekk að leggja lokahönd á ritgerð þessa vegna sífelldra nýrra raunverulegra dæma.

Ég vil nota tækifærið og þakka fjölskyldu minni fyrir stuðninginn á meðan náminu stóð. Foreldrum mínum, Gísla H. Jónssyni og Jóhönnu Úlfarsdóttur, kann ég þakkir fyrir alla hjálp þeirra, hvort sem var í formi hvers kyns upplýftingar eða matarboða en föður mínum má sérstaklega þakka fyrir að lesa þessa ritgerð yfir. Úlfari, bróður mínum, vil ég þakka fyrir yfirlestur á ritgerðum og hjálp við námið undanfarin ár. Systur minni, Hörpu Sif, má þakka sérstaklega fyrir að hrista í mig vitið þegar það var nauðsynlegast. Að sama skapi vil ég þakka Guðrúnu Örnú, vinkonu minni fyrir að vera mér ávallt hvatning um að gera betur í leik og starfi. Auk þess á hún þakkir skilið fyrir yfirlestur ritgerðarinnar. Loks vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Eiríki Jónssyni, fyrir framúrskarandi leiðsögn. Eftirfarandi ljóð fannst mér eiga vel við efni ritgerðarinnar.

*Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt,
eins og dropi breytir veig heillar skálar.
Þel getur snúist við atorð eitt.
Aðgát skal höfð í nærveru sálar.*

*Svo oft leyndist strengur í brjósti sem brast,
við biturt andsvar, gefið án saka.
Hve iðrar margt lif eitt augnakast,
sem aldrei verður tekið til baka.
(Úr Einræðum Starkaðar e. Einar Ben.)*

Reykjavík, 4. janúar 2012

Heiðrún Björk Gísladóttir

Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
2 Fjölmiðlar og hlutverk þeirra	5
2.1 Inngangur	5
2.2 Hlutverk fjölmiðla	5
2.3 Skyldur og ábyrgð fjölmiðla	8
3 Reglur stjórnskipunarréttar er varða nafn- og myndbirtingu	9
3.1 Inngangur	9
3.2 Tjáningarfrelsi	9
3.2.1 Inngangur	9
3.2.2 Tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár og MSE.....	10
3.2.3 Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 73. gr.....	12
3.2.4 Ákvæði 2. máls. 2. mgr. 73. gr.....	12
3.2.5 Takmarkanir á tjáningarfrelsi	15
3.3 Friðhelgi einkalífs	22
3.3.1 Inngangur	22
3.3.2 Ákvæði er varða friðhelgi einkalífs í stjórnarskrá og MSE	23
3.3.3 Takmarkanir á friðhelgi einkalífs.....	26
3.3.4 Þrír dómur MDE varðandi nafn-og myndbirtingu í tengslum við einkalíf	27
3.4 Mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í íslenskum rétti.....	30
3.5 Rýmkað tjáningarfrelsi – almannapersónur	33
3.5.1 Inngangur	33
3.5.2 Almennapersóna vegna stöðu sinnar.....	34
3.5.3 Aðrar almannapersónur	35
3.5.4 Almennapersóna fyrir tilvist sína eina	37
3.5.5 Ályktanir varðandi almannapersónur	40
3.6 Álitaefni um góða trú	41
3.6.1 Inngangur	41
3.6.2 Dómur MDE er varða góða trú.....	42
3.6.3 Íslensk dómaframkvæmd er varðar góða trú.....	44
3.7 Réttur sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar	46
3.7.1 Inngangur	46
3.7.2 Gildissvið	47
3.7.3 Réttur til að teljast saklaus þar til sekt er sönnuð.....	48
4 Ákvæði almennra laga.....	51
4.1 Inngangur	51
4.2 Ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940	51

4.2.1 Inngangur	51
4.2.2. Ákvæði 229. gr. hgl.....	51
4.2.3 Ærumeiðingar.....	59
4.3 Skaðabótalög nr. 50/1993.....	64
4.3.1 Inngangur	64
4.3.2 Ákvæði 26. gr. skaðabótalaga	64
4.4 Fjölmíðlalög nr. 38/2011.....	68
4.4.1 Inngangur	68
4.4.2 Ákvæði 26. gr. fjölml.	68
4.4.3 Rétturinn til andsvara, sbr. 36. gr. fjölml.	69
4.4.4 Refsi- og fébótaákvæði.....	69
4.4.5 Ályktanir.....	70
4.5 Reglur sakamálaréttarfars.....	70
4.5.1 Inngangur	70
4.5.2 Reglan um opinbera málsmeðferð.....	71
4.5.3 Sannleiksreglan	76
4.5.4 Jafnræðisreglan.....	76
4.5.5 Þýðing gæsluvarðhaldsúrskurðar eða handtöku.....	77
4.5.6 Ályktanir um þýðingu meginreglna sakamálaréttarfars	79
4.6 Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.....	79
4.7 Lögreglulög nr. 90/1996.....	80
5 Siðareglur og vinnureglur	82
5.1 Inngangur	82
5.2 Siðareglur B.Í	82
5.3 Vinnureglur fjölmiðla.....	86
5.4 Áhrif siðareglna blaðamanna og vinnureglna fjölmiðla.....	89
6 Ályktanir um stöðu sakbornings á ýmsum stigum máls	91
6.1 Inngangur	91
6.2 Grunaðir menn.....	91
6.3 Ákærðir menn.....	97
6.4 Dæmdir menn.....	101
7 Niðurstöður og lokaorð	105
Heimildaskrá	109
Dómaskrá	114
Lagaskrá	116

1 Inngangur

Á undanförunum áratugum hafa orðið gríðarlegar tækniframfarir í heiminum sem hafa gert umhverfi fjölmiðla að mörgu leyti ólíkt því sem það var fyrir tveimur áratugum síðan og enn ólíkara því sem var fyrir meira en hálfri öld þegar lög nr. 57/1956 um prentrétt voru sett. Aukin tækni hefur leitt til mikilla breytinga á fjölmiðlum og nú er svo komið að hægt er að nálgast fréttir á nánast sama tíma og hinn fréttæmi atburður á sér stað. Við lifum í upplýsingasamfélagi og þetta er vissulega hluti af því. Í skjóli tjáningarfrelsis geta fjölmiðlar seðjað fréttábyrstan almenning og fullnægt þörfum hans fyrir upplýsingar um allt sem hugurinn gírnist. Tjáningarfrelsið er eitt af mikilvægustu mannréttindum íbúa nútímaþjóðfélags sem býr við lýðræðisskipulag. Þess verður þó ekki notið án ábyrgðar. Í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1994 sbr. lög nr. 97/1995 (hér eftir stjtskr.) er mælt fyrir um heimildir til takmörkunar á því. Eitt af meginskilyrðum þessarar heimildar til takmörkunar varðar réttindi eða mannorð annarra. Er það einnig orðað í 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir MSE) sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994. Tjáningarfrelsið kann þó að skerða rétt annarra til einkalífs sem verndaður er í 71. gr. stjtskr. sbr. 8. gr. MSE. Togstreitan milli þessara tveggja stjórnarskrárvernduðu ákvæða er meðal viðfangsefna fjölmiðlaréttarins.

Ritgerð þessi fjallar um nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum af grunuðum, ákærðum og dæmdum mönnum. Hér á landi hefur ekki verið gerður munur á grunuðum manni og sökuðum manni líkt og gert er í Danmörku og ljóst er að maður verður ekki sakborningur¹ hér við tiltekna athöfn. Afar óljósar grunsemdir duga þó ekki til að maður verði talinn sakborningur. Hefur verið talið að um leið og viss grunur vaknar um að maður sé tengdur broti á refsiverðan hátt, á að líta á hann sem sakborning og öðlast við það réttarstöðu sakaðs manns.²

Hugtakið *ákærði* er einungis notað um sakborning eftir að mál hefur verið höfðað gegn honum, sbr. 2. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (hér eftir nefnd sml.). Hafi ákærður maður verið fundinn sekur og dæmdur til að þurfa að þola refsingu hefur hann stundum verið nefndur *dómfelldi*.³ Í þeirri umfjöllun er hér fer á eftir verður notast við hugtökin grunaður, ákærður og dæmdur maður til aðgreiningar.

¹ Hugtakið sakborningur er skilgreint í 1. mgr. 27. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þar segir: Sakborningur er sá maður sem borinn er sökum eða grunaður um refsiverða háttsemi. Enn fremur sá lögaðili sem er sakaður eða grunaður um að bera ábyrgð á slíkri háttsemi.

² Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1418-1419.

³ Eiríkur Tómasson: *Réttarstaða sakbornings og verjanda*, bls. 1.

Fjölmiðlaumfjöllun hefur víðtæk áhrif enda fjölmiðlar áhrifamiklir og upplýsingar sem þeir koma á framfæri ferðast víða, sér í lagi eftir tilkomu netmiðla. Hér á landi eru engin lagaákvæði sem berum orðum fjalla um nafn- eða myndbirtingu. Í ritgerðinni verður fjallað um réttarreglur þær sem líklega yrði gripið til ef mál er varðar nafn- og myndbirtingu af áður nefndum toga kæmi til kasta dómstóla.

Í öðrum kafla er að finna stuttan inngang um fjölmiðla og þeirra hlutverk. Einnig er þar vikið að skyldum fjölmiðla og ábyrgð.

Í þriðja kafla er fjallað um reglur stjórnskipunarréttar sem þýðingu hafa fyrir efni ritgerðarinnar. Reynir þar einna helst á ákvæði stjórnarskrár er varða friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi. Einnig er fjallað um reglur 70. gr. stjkskr., m.a. ákvæði 2. mgr. hennar sem kveður á um sakleysi manna uns sekt er sönnuð og hvenær sú regla á við. Auk umfjöllunar um stjórnarskrárákvæðin er í þessum kafla vikið að sambærilegum ákvæðum MSE.

Í fjórða kafla ritgerðarinnar er að finna umfjöllun um ákvæði almennra laga sem þýðingu hafa fyrir álitafnið. Ber þar helst að nefna XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.) sem varðar brot gegn friðhelgi einkalífs og ærumeiðingar en b-liður 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 (hér eftir skbl.) sem kveður á um ólögmetta meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns kemur einnig til skoðunar. Auk þess hafa ákvæði sml. þýðingu, einkum 10. gr. þeirra er varðar opinbera málsmeðferð. Er í þessum kafla að auki fjallað um fjölmiðlalög nr. 38/2011 (hér eftir einnig nefnd fjölml.) ásamt lögum um vernd persónuupplýsinga nr. 77/2000 (hér eftir nefnd persvl.).

Í fimmta kafla eru þær siðareglur sem gilda um fjölmiðla teknar til athugunar. Má þar helst nefna siðareglur Bláðamannafélags Íslands (hér eftir B.Í.) en einnig er fjallað um vinnureglur sem ákveðnar fjölmiðlar hafa sett sér. Er fjallað um þýðingu slíkra siðareglna fyrir álitafni þau sem til skoðunar er.

Í sjötta kafla beinast spjótin loks að því hvernig fyrirnefndar réttarreglur og siðareglur má heimfæra á nafn- og myndbirtingu sakbornings á mismunandi stigum máls. Verður fyrst farið yfir stöðu grunaðs manns, þar á eftir stöðu hans eftir að ákæra hefur verið gefin út og loks eftir að dómur hefur gengið eða afplánun lokið. Ályktanir verða dregnar í hverju tilviki fyrir sig með hliðsjón af raunverulegum dæmum.

2 Fjölmiðlar og hlutverk þeirra

2.1 Inngangur

Hugtakið fjölmiðill er notað yfir tæki til að dreifa upplýsingum eða öðru skynjunarhæfu efni til hóps manna, oft á stóru svæði. Einnig er orðið notað yfir fyrirtæki sem stundar fjölmiðlun, þ.e. dreifir upplýsingum.⁴ Í 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. fjölml. er fjölmiðill skilgreindur sem hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar.

Vegna örra tækniþróunar síðustu áratuga hefur fjölmiðlaumhverfið breyst til muna. Ljóst er að ekki er lagður sami skilningur í hugtakið fjölmiðill í dag og fyrir til dæmis 20 árum síðan. Á þeim tíma biðu menn þyrstir eftir dagblaði eða fréttatímum dagsins í útvarpi eða sjónvarpi. Nú er öldin önnur og mögulegt að nálgast fréttir nánast á sömu stund og fréttæmir atburðir eiga sér stað til að mynda með tilkomu netmiðla. Breytingarnar hafa verið hraðar og fjölmiðlarétturinn hefur þróast mun hægar en viðfangsefni hans. Líta má á fjölmiðlalög sem lið í viðhorfi löggjafans til þróunar á þessu sviði. Þau lög sem mest reyndi á fyrir gildistöku fjölml., og reynir enn á í tengslum við brot sem áttu sér stað í gildistíð þeirra, voru lög um prentarétt nr. 57/1956 og útvarpslög nr. 53/2000. Í frumvarpi því er varð að fjölml. segir í athugasemdum við 2. gr. að það sé vandkvæðum bundið að móta eina altæka skýringu á hugtakinu fjölmiðill í vegna síbreytilegs umhverfis fjölmiðla. Var lagt til að hugtakið yrði skilgreint með einföldum og almennum hætti sem rúma myndi til framtíðar nýjar tegundir fjölmiðla. Fjölmiðlar þyrftu þó að uppfylla þau grundvallarskilyrði sem fram koma í skilgreiningu ákvæðisins. Einnig kemur fram að inntak hugtaksins ritstjórn kunnri að hafa afgerandi þýðingu fyrir það hvort um fjölmiðil sé að ræða í skilningi frumvarpsins. Ekki var ætlun frumvarpshöfunda að svara í eitt skipti fyrir öll spurningunni um hvað teljist vera fjölmiðill.⁵

2.2 Hlutverk fjölmiðla

Heimsmýnd almennings mótast að miklu leyti fyrir tilstilli fjölmiðla og eiga þeir ríkan þátt í skoðanamýndun manna á öðrum mönnum og málefnum. Stutt er frá skoðunum manna til ákvarðana þeirra. Markviss fjölmiðlaumfjöllun er þannig mikilvægur áhrifavaldur í þjóðfélagsumræðu og oft er talað um fjölmiðla sem „fjórða valdið“, til viðbótar við

⁴ Sbr. *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 130.

⁵ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-2011, bls. 103 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

lögjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið.⁶ Halda má fram að meginhlutverk fjölmiðla sé að flytja fréttir af atburðum sem teljast fréttæmir, að flytja upplýsingar og fróðleik um alls kyns málefni sem brenna á fjölmiðlamönnum, að koma á framfæri hugmyndum um ýmiss konar málefni og fylgjast með handhöfum ríkisvalds ásamt öðrum áhrifamönnum og gagnrýna verk þeirra þegar við á.⁷

Öll starfsemi fjölmiðla byggist á því að afla upplýsinga um málefni sem eiga erindi til almennings og birta þær á aðgengilegan hátt.⁸ Fjölmiðlafrelsi er samheiti yfir þær tegundir lögverndar sem fjölmiðlar eða starfsmenn þeirra njóta til að geta sinnt hlutverki sínu.⁹ Í framkvæmd hefur réttur fjölmiðla til tjáningarfrelsis mikilvæga þýðingu. Af þeim sökum verða að vera enn þungvægari rök fyrir inngripi í tjáningarfrelsi fjölmiðla með vísan í lýðræðislega nauðsyn,¹⁰ sbr. umfjöllun um tjáningarfrelsi í 3. kafla hér á eftir.

Fjölmiðlar geta gegnt veigamiklu hlutverki við að veita ráðamönnum þjóðfélagsins aðhald.¹¹ Hefur þetta mikilvæga hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi verið staðfest margoft í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu (hér eftir MDE) og kom til dæmis fram í *MDE, The Sunday Times gegn Bretlandi*, 26. apríl 1979 (6538/74), *MDE, Oberschlick gegn Austurríki*, 23. maí 1991 (11662/85) og *MDE, Jersild gegn Danmörku*, 23. september 1994 (15890/89). Hefur dómstóllinn gengið svo langt að halda því fram að fjölmiðlar gegni lykilhlutverki í lýðræðissamfélögum og séu í raun meginforsenda fyrir lýðræði í samfélögum. Þá hefur hann talið mikilvægt að hlutverk fjölmiðla sé að miðla upplýsingum og hugmyndum um stjórnámál og opinber málefni, sbr. *MDE Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi*, 20. maí 1999 (21980/93).¹² Af nýrri dómum má nefna *MDE, Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörku*, 17. desember 2004 (49017/99) og *MDE, Sanoma Uitgevers B.V gegn Hollandi*, 14. september 2010 (38224/03) en í fyrirnefnda dómnum m.a. var fjallað um fjölmiðla sem „varðhunda almennings“ (e. public watchdog).

Í eðli fjölmiðla felst að kanna mismunandi sjónarmið og viðhorf. Með því að blaðamenn fái sjálfir að ákveða og meta hvaða aðferðum þeir beita við frétttaflutning sinn hefur MDE viðurkennt sjálfstæði fjölmiðla. Einnig er það dómstólum vísbending um að þeim beri að taka til greina það mat blaðamanns á því hvernig hann hagar frétttaflutningi sínum og viðhorf hans

⁶ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 39.

⁷ Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*, bls. 63.

⁸ Sbr. Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*, bls. 61.

⁹ *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 130.

¹⁰ Jon Fridrik Kjølbro: *Den europæiske menneskerettighedskonvention*, bls. 653.

¹¹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 40.

¹² Jon Fridrik Kjølbro: *Den europæiske menneskerettighedskonvention*, bls. 654.

til starfs síns.¹³ Áhugavert er álit MDE sem kom fram í *MDE, News Verlags GmbH & Co, KG gegn Austurríki, 11. janúar 2000 (31457/96)* að réttur fjölmiðla til að ákveða hvernig upplýsingar væru settar fram nyti sérstakrar verndar, til dæmis hvort ákveðið væri að birta refsikæru í heild sinni eða mynd með frétt. Mál þetta kom til vegna myndbirtingar tímarits af manni sem ákærður var fyrir að hafa sent fjölda bréfasprengja í pólitískum tilgangi. MDE tók fram að með því að banna slíka myndbirtingu í tengslum við fréttir af réttarhöldum yfir hinum ákærða, takmarkaði það möguleika kærands, fyrirtækisins sem átti tímaritið, til að setja fram fréttir. Með því væri tjáningarfrelsi þess takmarkað. Dómstóllinn tók til skoðunar hvort slík takmörkun gæti verið nauðsynleg með tilliti til lýðræðislegra sjónarmiða. Efni fréttanna var talið varða almenning í ljósi þess að um var að ræða pólitískar aðgerðir, bréfasprengjur sem sært höfðu marga menn. Var ekki talið að fréttáflutningurinn gengi of nærri einkalífi sakborningsins. Kom þó fram að stundum væri ekki í lagi að birta slíkar myndir af sakborningum en það færi eftir eðli afbrots og aðstæðum í hverju máli.

Íslenskir dómstólar hafa einnig fjallað um hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi. Í *Hrd. 28. maí 2009 (575/2008)*, tók Hæstiréttur meðal annars fram:

Kjarni umfjöllunarinnar var hvort meðferð umsóknarinnar hefði verið óeðlileg og það helgast af tengslum áfrýjandans við þáverandi umhverfisráðherra í ríkisstjórn Íslands. Beindist umfjöllunin einkum að því hvort ráðherrann kynni að hafa beitt áhrifum sínum í því skyni að tryggja að þessi áfrýjandi fengi ríkisborgararétt fyrr en hún ella hefði fengið. Ætla verður fjölmiðlum svigrúm til umfjöllunar um málefni sem þetta, enda snýst það um athugun á því hvernig stjórnsýslan og kjörnir fulltrúar á Alþingi fara með vald, sem þeim er fengið með lögum. Málefni sem þetta er hluti af almennri þjóðmálaumræðu og á brýnt erindi til almennings.

Í *Hrd. 1995, bls. 408* fjallaði Hæstiréttur um tjáningarfrelsi fjölmiðla:

Tjáningarfrelsi er grundvallarregla í lýðfrjálsu þjóðfélagi[.....] Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í nútímaþjóðfélagi og verður að játa blaðamönnum frelsi til tjáningar. Hins vegar verður að gera þær kröfur til blaðamanna, að þeir byggi umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum.

Framangreind ummæli Hæstaréttar verða að teljast lýsa vel stöðu og hlutverki fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi. Fara verður varlega í takmörkun á frelsi fjölmiðla sem haft gæti áhrif á hlutverk þeirra við aðhald og eftirlit stjórnvalda, sbr. þau þröngu skilyrði sem talin eru upp í tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár og MSE. Nánar verður vikið að hlutverki fjölmiðla og mikilvægi frjálsrar fjölmiðlunar í 3. kafla um tjáningarfrelsið.

¹³ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 363.

2.3 Skyldur og ábyrgð fjölmiðla

MDE hefur staðfest að almenningur eigi rétt á að taka við upplýsingum og fjölmiðlar að sama skapi skyldugir að miðla þeim. Kom þetta fram t.d. í *MDE, The Sunday Times gegn Bretlandi*, 26. apríl 1979 (6538/74), Ef ekki væri um slíka skyldu fjölmiðla að ræða má ætla að réttur almennings til að taka við upplýsingum yrði lítils virði.¹⁴

Fjölmiðlar búa oft yfir miklum og skipulögðum upplýsingum um menn og málefni sem ef til vill eru ekki til annars staðar.¹⁵ Slíku fylgir bæði lagaleg og siðferðisleg ábyrgð. MDE hefur lagt mikla áherslu á að blaðamenn viðhafi góða blaðamannshætti við störf sín, setji upplýsingar fram í góðri trú og í samræmi við siðareglur blaðamanna.¹⁶ Íslenskir blaðamenn eru bundnir af siðareglum B.Í. og auk þess hafa ýmsir fjölmiðlar sett sér sínar eigin vinnureglur. Fjölmiðlamaður sem rækir starfa sinn af gáleysi getur í sumum tilfellum valdið óbætanlegu og ómælanlegu tjóni fyrir þá menn er fréttáflutningur hans lýtur að. Löggjöf hér á landi veitir þeim mönnum sem orðið hafa fyrir slíku tjóni ýmis úrræði til að fá það bætt.¹⁷ Ákvæði 50. og 51. gr. fjölml., b-liðar 1. mgr. 26. gr. skbl. og ákvæði XXV. kafla hgl. koma þar til skoðunar. Ljóst er að fjölmiðlar geta því ekki starfað án ábyrgðar þrátt fyrir að njóta verndar tjáningarfrelsisins. Verður nánar vikið að úrræðum vegna brota fjölmiðla gegn einstaklingum í 4. kafla.

¹⁴ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 47.

¹⁵ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 48.

¹⁶ Harris, O' Boyle og Warbrick: *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 496.

¹⁷ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 49.

3 Reglur stjórnskipunarréttar er varða nafn- og myndbirtingu

3.1 Inngangur

Í fjölmiðlarétti má segja að á kallist tveir pólar. Þegar fjallað er um nafnbirtingu í fjölmiðlum, og myndbirtingu ef hún á við, er í gangi togstreita milli þessara tveggja póla. Annars vegar búa fjölmiðlar hér á landi við víðtækt frelsi, sem varið er af tjáningarfrelsi því sem tryggt er í 73. gr. stjkskr. og 10. gr. MSE. Á hinn bóginn verða fjölmiðlar að þola þær takmarkanir á tjáningarfrelsi sem koma til vegna friðhelgi einkalífs einstaklinga sem varin er í 71. gr. stjkskr. og 8. gr. MSE. Kemur það í hlut dómstóla að meta í hverju tilfelli fyrir sig hvor reglan gangi framur en erfitt getur verið að feta meðalveginn líkt og endurspeglast í hinum mikla fjölda dómsmála hér á landi þar sem ærumeiðingar koma til umfjöllunar. Verða þessi stjórnarskrárákvæði, ásamt fleirum sem þýðingu hafa, tekin til skoðunar hér á eftir og fjallað um hvernig þau eiga við þegar um nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum er að ræða.

3.2 Tjáningarfrelsi

3.2.1 Inngangur

Fyrirmynd stjórnarskrárákvæða um prentfrelsi í Evrópu var upphaflega að finna í 11. gr. frönsku mannréttindayfirlýsingarinnar frá 1789. Þar sagði:

Það eru ein mikilvægustu mannréttindi að mega láta í ljós hugsanir sínar og skoðanir; hver borgari má því tala, rita og prenta það, sem hann vill, en verður þó að bera ábyrgð á misnotkun þessa frelssis, eftir því sem lög mæla fyrir.¹⁸

Í dönsku grundvallarlögunum frá 1849 var að finna prentfrelsisákvæði í 91. gr. Var slíkt ákvæði tekið upp í hina íslensku stjórnarskrá frá 1874 og var það sniðið eftir hinu danska.¹⁹ Íslenska prentfrelsisákvæðið stóð efnislega óbreytt, þrátt fyrir orðalagsbreytingar, í 72. gr. stjkskr., frá 1944 fram að stjórnarskrárbreytingum þeim sem urðu árið 1995 með lögum nr. 97/1995 og tóku gildi þann 28. júní það ár. Fyrir þær breytingar töldu íslenskir fræðimenn að tjáning, umfram hið prentaða mál, væri ekki vernduð.²⁰ Stuttu fyrir stjórnarskrárbreytingarnar hófu dómstólar þó að túlka ákvæðið með víðtækari hætti,²¹ sbr. *Hrd. 1995, bls. 408*, sem kveðinn var upp þann 16. febrúar 1995.

Greinilegt er því að tjáningarfrelsi telst meðal mikilvægustu réttinda í öllum lýðræðisríkjum þar sem það telst forsenda frjálsrar stjórn málaumræðu og þar með

¹⁸ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 56.

¹⁹ Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*, bls. 470.

²⁰ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 57.

²¹ Eiríkur Jónsson: „Hinn kennilegi grundvöllur 73. gr. stjórnarskrárinnar“, bls. 119.

lýðræðislegs stjórnskipulags.²² Má því fullyrða, að vernd sú, sem fólgin væri í prentfrelsisákvæði í stjkskr., myndi ganga alltof stutt í dag vegna síbreytilegra leiða til tjáningar með aukinni tækniþróun.

3.2.2 Tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár og MSE

Ljóst er að tjáning getur farið fram með ýmsum öðrum hætti en á prenti. Má meðal annars nefna, tal, tóna, myndræna tjáningu eða á leikrænan hátt.²³ Í sinni víðtækustu mynd nær hugtakið tjáningarfrelsi yfir málfrelsi, skoðanafrelsi og upplýsingarfrelsi og á slíkt víðtækt gildissvið stoð í 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.²⁴ Tjáningarfrelsið verður þó fyrst virkt þegar tjáning á skoðunum eða hugsunum fer fram, einna helst á almannafæri.²⁵

Um tjáningarfrelsi er nú fjallað í 73. gr. stjkskr. Þar segir:

Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.
Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi.
Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.
Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Með þeim breytingum sem urðu á ákvæðinu árið 1995 var markmiðið að víkka út hina stjórnskipulegu vernd ákvæðisins þannig að það tæki til allra tegunda tjáningar en ekki aðeins hins prentaða máls. Ekki þótti rétt að einungis prentfrelsi nyti verndar þegar margir aðrir miðlar höfðu komið til sögunnar frá því að ákvæðið var upphaflega sett.²⁶ Sótti ákvæðið nú fyrirmynd í 10. gr. MSE og 19. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi frá árinu 1966.²⁷ Áhrif MSE hafa verið margvísleg á íslenskan rétt frá því að hann tók gildi árið 1953 en mest hafa áhrifin þó verið síðastliðin 20 ár.²⁸ Var sáttmálanum veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994 og hefur hann því stöðu almennra laga. Þó má segja að hann hafi sérstaka stöðu enda var mikið horft til hans við stjórnarskrárbreytingarnar árið 1995 og bera mörg mannréttindaákvæða stjkskr. þess skýr merki. Ákvæði er varða tjáningarfrelsi og friðhelgi eru þar ekki undanskilin.

Í 10. gr. MSE kemur fram:

²² Björg Thorarensen: „Stjórnskipunarréttur“, bls. 90.

²³ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 58.

²⁴ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 52 og 58.

²⁵ Sbr. Rhona K. M. Smith: *Textbook on International Human Rights*, bls. 268.

²⁶ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2103.

²⁷ Björg Thorarensen: „Áhrif mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, bls. 375.

²⁸ Sbr. Björg Thorarensen: „Áhrif mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, bls. 374.

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

Eins og sjá má er ákvæðið orðað með aðeins öðrum hætti en ákvæði 73. gr. stjkskr. en þrátt fyrir að framsetningin sé með öðrum hætti eru skilyrði ákvæðanna þau sömu. Í *MDE, Handyside gegn Bretlandi, 7. desember 1976 (5493/72)*, sem var eitt fyrsta mál dómstólsins er varðaði tjáningarfrelsið, setti MDE fram meginrökin fyrir tjáningarfrelsinu. Sagði þar m.a. að tjáningarfrelsið væri einn af hornsteinum lýðræðislegs þjóðfélags. Ætti þetta frelsi ekki aðeins við um upplýsingar eða hugmyndir sem falla í góðan jarðveg heldur einnig þær sem móðga, hneyksla eða fara fyrir brjóstið á ríkinu eða hluta þjóðarinnar.²⁹ Við ákveðnar aðstæður hefur MDE talið að jákvæðar skyldur hvíli á ríkjum til að tryggja tjáningarfrelsi.³⁰

MDE hefur lagt áherslu á að 10. gr. MSE verndi ekki einungis innihald upplýsinga og tjáningar heldur einnig hvernig upplýsingum er miðlað á milli manna³¹ enda er í ákvæðinu berum orðum tekið fram að réttur manns nái einnig yfir frelsi til að taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum. Í *MDE, Lingens gegn Austurríki, 8. júlí 1986 (9815/82)* hafnaði MDE því hins vegar að hlutverk dagblaða verði túlkað það þröngt að það snúist eingöngu um að miðla upplýsingum á meðan lesandinn skuli túlka þær. Hlýtur því að teljast eðlilegt að fjölmiðlar séu viðstaddir réttarhöld og setji fram fréttir eftir þeirra eigin upplifun í stað beinna lýsinga af því sem fyrir augu ber.

Sú tjáning hugsana, skoðana og sannfæringar sem vernduð er í 73. gr. stjkskr. getur varðað hvaða málefni sem er, hvort sem það varðar aðeins fáa eða tilheyri þjóðmálum.³² Með verndun skoðana- og hugsanafrelsis manna er fyrst og fremst verið að setja þá grundvallarreglu að menn verði ekki þvingaðir til ákveðinna skoðana eða tiltekinnar sannfæringar.³³ Í greinargerð með frumvarpi því er varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 sagði meðal annars að skoðana- og tjáningarfrelsið væru í flokki elstu og mikilvægustu réttinda þegnanna og óumdeilanlega ein af undirstöðum lýðræðisþjóðfélags. Á sama hátt væri

²⁹ Sbr. Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 360.

³⁰ Alastair Mowbray: *Cases and Materials on the European Convention on Human Rights*, bls. 627.

³¹ Harris, O' Boyle og Warbrick: *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 465.

³² Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 64.

³³ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 571.

tjáningarfrelsið þó meðal vandmeðförnustu mannréttindanna, enda ekki hægt að njóta þess án ábyrgðar. Gæti því verið nauðsynlegt að setja því skorður vegna tillits til hagsmuna annarra.³⁴ Jafnframt er tekið fram í frumvarpinu að í tjáningarfrelsinu felist einnig réttur til að taka við upplýsingum, vitneskju eða hugmyndum frá öðrum og miðla áfram. Í MSE er sá réttur sérstaklega varinn, líkt og fyrr sagði, en ekki var talin þörf á því við setningu ákvæðisins í stjskr. þar sem slíkur réttur var talinn felast í tjáningarfrelsinu.³⁵

Þess má geta að vernd tjáningarfrelsisins í 73. gr. er bæði formleg og efnisleg. Með formlegri vernd er átt við vernd gegn ritskoðun og öðrum fyrirfram hindrunum við tjáningarfrelsi en með efnislegri vernd er átt við hvort menn verði látnir sæta ábyrgð eftir á fyrir orð sín.³⁶

3.2.3 Ákvæði 1. másl. 2. mgr. 73. gr.

Í 2. mgr. er að finna þungamiðju tjáningarfrelsisákvæðisins en þar kemur fram að hver maður eigi rétt á því að láta í ljós hugsanir sínar.³⁷ Í 1. másl. 2. mgr. 73. gr. kemur fram sú skylda manns að ábyrgjast hugsanir sínar fyrir dómi og því veitir tjáningarfrelsisákvæðið manni ekki vernd til að tjá hugsanir sínar án ábyrgðar. Heimilt er því að takmarka tjáningarfrelsi eftir að tjáning hefur farið fram. Ábyrgð sú, er hér um ræðir, verður aðeins komið fram fyrir dómi, t.d. sem refsí- eða skaðabótaábyrgð, svo sem í meiðyrðamálum. Eru löggjafanum ekki settar takmarkanir í 3. mgr. 73. gr. um þær tegundir viðurlaga sem beita má vegna brota þar sem farið er út fyrir „leyfileg“ mörk tjáningarfrelsis en rétt er þó að nefna að aldrei má ritskoðun verða að refsítegund fyrir slík brot sökum banns við henni í 2. mgr. 73. gr. Þegar menn eða lögaðilar eru látnir sæta ábyrgð vegna tjáningar sinnar reynir á hversu langt hið áður nefnda efnislega tjáningarfrelsi nær. Í 3. mgr. 73. gr. eru listuð nokkur skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo mögulegt sé að setja tjáningarfrelsinu skorður og draga menn til ábyrgðar³⁸ líkt og fjallað verður um í kafla 3.2.5.

3.2.4 Ákvæði 2. másl. 2. mgr. 73. gr.

Í 2. másl. 2. mgr. 73. gr. er að finna bann við ritskoðun. Með ritskoðun er átt við þegar rit er skoðað fyrir prentun til að úrskurða um hvort það megi prenta.³⁹ Í dag myndi þetta einnig eiga við um rit sem ekki eru í prentuðu formi heldur t.d. á veraldarvefnum. Slík ritskoðun færi fram af handhafa ríkisvalds, hvort sem um er að ræða handhafa framkvæmdarvalds eða

³⁴ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2103.

³⁵ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2104.

³⁶ Peter Germer: *Statsforfatningsret*, bls. 273..

³⁷ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 571.

³⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 371.

³⁹ *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 351.

dómvalds. Er ritskoðun bönnuð, án tillits til markmiðs hennar.⁴⁰ Sökum þess að litið er á fjölmiðla sem hornstein tjáningarfrelsisins hafa þau ríki er viðhafa ekki ritskoðun á fjölmiðlum sínum verið álitin dæmi um frjáls ríki sem gefa þegnum sínum kost á að gagnrýni ríkisstjórnina.⁴¹ Ef stjórnvald myndi fyrirfram banna ákveðnar nafn- eða myndbirtingar væri þar líklegast um ritskoðun að ræða.

Þær sambærilegu tálmanir, sem koma fram í lok 2. mgr. eru túlkaðar sem fyrirfram hindranir á því að birta tjáningu, þ.e. skoðun eða hugsun með sambærilegum hætti og átt er við með ritskoðun. Ákvæðið á við, án tillits til tjáningarforms.⁴² Slík fyrirfarandi tálmun á tjáningarfrelsi sem felst í ritskoðun verður talin alvarlegri takmörkun á tjáningarfrelsi en eftirfarandi refsing sem einstaklingur eða lögaðili verður að sæta, sé farið út fyrir mörk tjáningarfrelsisins, sbr. 2. mgr. 73. gr. um að hverjum manni sé heimilt að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast þær fyrir dómi.⁴³ Slíkar viðurlagaráðstafanir eru heimilar, svo lengi sem skilyrði 3. mgr. 73. gr. eru uppfyllt.⁴⁴

Lagaákvæði sem fela í sér tálmun á tjáningarfrelsi geta varðað haldlagningu og lögbann. Líkast til er lögbannsaðgerðin þó raunhæfari fyrir efni þessarar ritgerðar, þar sem haldlagning er aðeins heimil ef ætla má að munur hafi sönnunargildi í sakamáli, hans hafi verið aflað á refsiverðan hátt eða ef þeir kunna að verða gerðir upptækir, sbr. 68. gr. sml. Talið er, að svo lengi sem lagaskilyrði lögbanns séu fyrir hendi, sé unnt að stöðva fyrirfram útgáfu rits með lögbanni,⁴⁵ þ.e. lögbann fellur utan ritskoðunarákvæðisins sem slíkt en þarf samt sem áður að uppfylla skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjkskr. Lögbann er bráðabirgðaráðstöfun sem staðfesta verður fyrir dómi. Þegar um fjölmiðlaefni er að ræða verður að gera strangar kröfur um gildi slíks lögbanns, sbr. dóm MDE í máli Sunday Times.⁴⁶ *MDE, The Sunday Times gegn Bretlandi*, 26. apríl 1979 (6538/74) varð til þess að mikilvæg stoð tjáningarfrelsis myndaðist í Vestur-Evrópu. Fjölmiðlamenn hafa allvíðtækt frelsi til umfjöllunar um dómsmál nema fyrir liggi að réttaröryggi sé fyrir borð borið. Sé hætta á því er það svo meðal flestra vestrænna Evrópuþjóða að einhverjar lagahömlur eru á fjölmiðlaumfjöllun. Þessar hömlur eru þó misvíðtækar og hafa úrlausnir MDE haft sitt að segja. Reglur ensks réttar voru t. a. m. mjög strangar áður fyrr í garð fjölmiðlamanna um birtingu upplýsinga úr óloknum dómsmálum.⁴⁷

⁴⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 363-364.

⁴¹ Sbr. Rhona K.M. Smith: *Textbook on International Human Rights*, bls. 267 og 269.

⁴² Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 58-59.

⁴³ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 59.

⁴⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 364.

⁴⁵ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 367.

⁴⁶ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 62-63.

⁴⁷ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 392.

Fyrrgreint dómssmál varðaði takmarkanir sem lagðar höfðu verið við birtingu blaðagreina vegna skaðabótamála sem rekin voru á þessum tíma fyrir breskum dómstólum. Á árunum 1959-1962 höfðu nokkur hundruð vansköpuð börn fæðst á Bretlandseyjum og talið var að rekja mætti vansköpunina til skaðlegra aukaverkana taugaróandi lyfs sem mæðurnar höfðu tekið inn á meðgöngunni. Foreldrar sumra þessara barna fóru af þessum sökum í skaðabótamál við lyfjaframleiðandann. Lauk mörgum málunum með sáttum og skaðabótagreiðslum. Ekki voru öll málin sætt og voru því allnokkur mál enn í gangi árið 1971.

Þann 24. september 1972 birti The Sunday Times grein sem bar fyrrsögnina „*Our Thalidomide Children: A Cause for National Shame*“, og var þar fullyrt að þau sáttatilboð sem voru í gangi væru skammarlega lág miðað við skaðann sem var skeður. Í greininni kom einnig fram að innan tíðar myndi í blaðinu birtast ítarleg umfjöllun um málið. Eftir birtingu þessarar greinar taldi lyfjaframleiðandinn að hin komandi og ítarlega umfjöllun gæti haft skaðleg áhrif á stöðu fyrirtækisins í málaferlunum. Er slíkt kallað í breskum rétti „Contempt of Court“ en er þar átt við háttsemi sem er til þess fallin að hindra, fordæma eða koma með einhverjum hætti í veg fyrir framgang réttvísinnar í ákveðnu máli eða almennt. Gat slík háttsemi jafnvel leitt til fangavistar.⁴⁸ Lögbann var lagt við birtingu greinanna. Þrátt fyrir það var mikil fjölmiðlaumfjöllun í gangi um málið og var það einnig rætt í breska þinginu. Þann 23. júní 1976 var lögbanninu loks aflétt og nokkrum dögum síðar birti The Sunday Times hina ítarlegu grein. Útgefendur blaðsins höfðu allan tímann reynt að fá lögbanninu aflétt og farið með málið fyrir öll dómstig í Bretlandi án árangurs. Á æðsta dómstiginu lét einn dómari m.a. hafa eftir sér að ef fjölmiðlum væri gefið það vald að dæma í málum færi illa fyrir óvinsælu fólki og óvinsælum viðfangsefnum. Taldi hann að frelsi fjölmiðlanna væri ekki hætta búin með slíkum takmörkunum og að auðveldara væri að fullnægja lögnum ef fjölmiðlum væri óheimilt að hafa áhrif á mál sem enn væru til meðferðar.⁴⁹ Töldu útgefendur blaðsins niðurstöðu æðsta dómstóls Breta vera í andstöðu við 10. gr. MSE. Féllst Mannréttindanefndin á það og gekk síðan málið til MDE þar sem niðurstaða fékkst 26. apríl 1979. Dómarar MDE klofnuðu í afstöðu sinni og rétt náðist meirihluti fyrir niðurstöðunni (11 dómarar gegn 9). Var lögð mikil áhersla á að tjáningarfrelsið væri einn af grundvallarþáttum lýðræðisþjóðfélags. Væri því einnig ætlað að vernda tjáningu sem væri óþægileg fyrir stjórnvöld eða samfélagið í heild eða jafnvel móðgandi. Meðan mál væru til meðferðar fyrir dómstólum eða sáttatferli í gangi þýddi það ekki að málið gæti ekki verið til umræðu annars

⁴⁸ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 393.

⁴⁹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 394.

staðar, þar á meðal í fjölmiðlum eða úti í þjóðfélaginu. Svo lengi sem fjölmiðlar kæmu ekki í veg fyrir framgang réttvísinnar væri það skylda þeirra að deila upplýsingum og hugmyndum tengdum dómsmálum alveg eins og það væri skylda þeirra varðandi önnur mál er varði almenning. Mál, það sem The Sunday Times hafði til umfjöllunar, væri óumdeilanlega mál er varði almenning. Fjölskyldur fórnarlambanna höfðu mikilvæga hagsmuni af því að vita allar undirliggjandi staðreyndir málsins og mögulegar lausnir. Með því að hafa fengið að birta hina umræddu grein hefði mögulega verið komið í veg fyrir vangaveltur og óupplýst málefni. Niðurstaða dómsins var því sú, að virtum öllum atvikum, að ekki hefði verið samfélagsleg nauðsyn af slíkum takmörkunum sem lögbannið hafði í för með sér sem hefði meira vægi en réttur almennings til tjáningarfrelsis. Taldi því hinn tæpi meirihluti að brotið hefði verið gegn 10. gr. MSE.⁵⁰

Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005) er dæmi um nýlegan íslenskan lögbannsdóm. Þar var um að ræða lögbann vegna birtinga upplýsinga úr tölvupósti. Lögbannið var felld úr gildi vegna formsatriða en með tilliti til 229. gr. hgl. var talið að efni tjáningarinnar væri innan leyfilegra marka.⁵¹ Var málið höfðað til staðfestingar lögbanns sem J hafði fengið lagt á vegna birtinga gagna í fjölmiðlum sem hún taldi vera fengin með ólögumætum hætti úr tölvupósthólfi sínu. Í *Hrd. 2002, bls 1941 (218/2002)* var um að ræða keppanda í fegurðarsamkeppni sem myndaði samkeppendur sína án heimildar. Gerði hún heimildarmynd um keppnina. Þegar sýna átti myndina kröfðust aðrir keppendur lögbanns þar sem þeim fannst gengið nærri einkalífi sínu. Í héraðsdómi og fyrir Hæstarétti var sýslumanni gert að leggja lögbann við sýningu myndarinnar þar sem talið var að nægilega hefði verið sýnt fram á að myndin hefði brotið gegn friðhelgi einkalífs keppendanna.

Lögbann telst ekki til ritskoðunar heldur til eftirfarandi tálmana á tjáningarfrelsi. Telst slíkt aðgerð því ekki í andstöðu við tjáningarfrelsisákvæðið. Ef einhver aðili hefur vitneskju um að nafn hans eða mynd muni birtast í fjölmiðli í óþökk sinni getur hann krafist lögbanns við birtingunni. Dómstólar meta að lokum hvort að gildar ástæður séu fyrir hendi til þess að staðfesta lögbannið.

3.2.5 Takmarkanir á tjáningarfrelsi

3.2.5.1 Inngangur

Líkt og við á um flest mannréttindi er hægt að takmarka tjáningarfrelsið að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í 3. mgr. 73. gr. stjkskr. er að finna þrjú skilyrði sem heimila að

⁵⁰ Sjá 65. – 68. efnisgrein dómsforsendnanna.

⁵¹ Sbr. Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 368 (neðanmálsgrein).

tjáningarfrelsinu séu settar skorður. Sambærileg skilyrði er að fnna í 2. mgr. 10. gr. MSE. Til þess að slík takmörkun sé réttlætanleg verða öll þrjú skilyrðin að vera uppfyllt.⁵² Í fyrsta lagi verða slíkar skorður að eiga sér lagaheimild. Í öðru lagi verður takmörkunin að þjóna lögmætu markmiði, nánar tiltekið einhverju þeirra markmiða sem talin eru upp í ákvæðinu en þau eru allsherjarregla eða öryggi ríkisins, heilsa eða siðgæði manna eða réttindi eða mannorð annarra. Í þriðja lagi þarf takmörkun að vera nauðsynleg og samrýmast lýðræðishefðum.⁵³

3.2.5.2 Takmörkun verður að eiga sér stoð í lögum

Almennir borgarar verða að eiga möguleika á því að gera sér grein fyrir hvaða skorður tjáningarfrelsinu eru settar til þess að eiga kost á að haga sér samkvæmt því. Það er í meginatriðum markmiðið sem býr að baki fyrsta skilyrði 3. mgr. 73. gr. Ljóst er að ábyrgð verður ekki byggð á ákvæði 3. mgr. einu og sér heldur veitir það löggjafanum heimild til þess að útfæra slíkar skorður. Ef um refsíábyrgð er að ræða eru skilyrðin strangari, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjkskr.⁵⁴ Í framkvæmd MDE hefur dómstóllinn ekki aðeins miðað við sett lög heldur einnig óskráðar réttarreglur eða fordæmi, sbr. áðurnefndan *MDE, The Sunday Times gegn Bretlandi*, 26. apríl 1979 (6538/74), þar sem dómurinn taldi að fordæmisréttur (e. common law) gæti talist lögbundin takmörkun í skilningi ákvæðisins.⁵⁵ Hér á landi hefur þó verið stuðst við sett lög frá Alþingi. Ef um er að ræða reglugerðir verður að vera skýr lagastoð að baki þeim, þar sem fram koma takmörk og umfang réttindaskerðingarinnar sem talin er nauðsynleg, ef þær ættu að teljast fullnægjandi til skerðingar á tjáningarfrelsinu. Hér koma einnig til greina þjóðréttarreglur sem hafa lagagildi.⁵⁶ Sú takmörkun sem lög mæla fyrir um má ekki vera of almenn, heldur verður hún að vera bundin við ákveðnar aðstæður eða tilvik.⁵⁷

Nú mætti álykta að ef banna ætti nafn- og myndbirtingu sakborninga í fjölmiðlum almennt séð væri um ákveðna takmörkun á tjáningarfrelsi fjölmiðla að ræða og yrði slíkt bann að vera skýrlega orðað í lögum.

3.2.5.3 Takmörkun verður að stefna að réttmætu markmiði

Þær skorður sem tjáningarfrelsinu eru settar verða, sem fyrr segir, að hafa réttmætt markmið. Eitthvert þeirra atriða sem talin eru upp í 3. mgr. 73. gr. verða því að vera til staðar. Í fyrsta

⁵² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 373.

⁵³ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 372.

⁵⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 373.

⁵⁵ Mark W. Janis, Richard S. Kay og Anthony W. Bradley: *European Human Rights law. Text and materials*, bls. 310.

⁵⁶ Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*, bls. 48.

⁵⁷ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 581.

lagi mega lög sem takmarka tjáningarfrelsi vera í þágu allsherjarreglu.⁵⁸ Sem dæmi um lagaákvæði af þessu tagi má nefna 125. gr. alm. hgl. en þar eru sektir eða fangelsi viðurlögin við því að draga opinberlega dár að eða smána trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags á Íslandi. Ákvæði 37. gr. og 38. gr. laga nr. 48/2005 um fullnustu refsinga eru annað dæmi um takmörkun í þágu allsherjarreglu. Um er að ræða heimild til að skerða tjáningarfrelsi fanga í formi símtala, bréfaskipta og aðgangs að fjölmiðlum. Þess má geta að 71. gr. stjtskr. verndar bréfaskipti sem þátt í einkalífi manna.⁵⁹

Líkt og áður sagði eru skerðing á tjáningarfrelsi í þágu öryggis ríkisins, til verndar heilsu manna og til verndar siðgæði, allt dæmi um markmið sem teljast myndu réttmæt við skerðingu tjáningarfrelsis.⁶⁰ Oftast reynir þó á takmörkun þá sem réttlætt er með vísun í réttindi og mannorð annarra. Á þeim grundvelli hvílir öll meiðyrðalöggjöf og refsiverndin í XXV. kafla hgl.⁶¹ og hið sama má segja um reglu b-liðar 1. mgr. 26. gr. skbl. Í dómaframkvæmd er yfirleitt enginn ágreiningur um það hvort verið sé að stefna að réttmætu markmiði með tilteknum takmörkunum heldur rísa flest mál vegna brota á tjáningarfrelsi, a.m.k. fyrir MDE, vegna vafa um hvort nauðsyn hafi borið til í lýðræðislegu þjóðfélagi að skerða tjáningarfrelsið til að ná fram einhverju þeirra lögmæltu markmiðum sem nefnd eru í ákvæðinu.⁶²

Í 2. mgr. 10. gr. MSE, er að finna sams konar upptalningu á atriðum sem réttlætt geta takmarkanir á tjáningarfrelsi en þar eru auk þess talin upp fleiri atriði. Þar er vísað í landvarnir, bann við uppljóstrun trúnaðarmála og takmarkanir til að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla. Er þar einnig vísað til glundroða og glæpa en telja má líklegt að heimfæra megi það undir allsherjarreglu.⁶³ Má velta upp þeirri spurningu hvort það væri andstætt stjórnarskrárákvæðinu að takmarka tjáningarfrelsi vegna þessara umfram atriða sem talin eru upp í 2. mgr. 10. gr. MSE. Ekki virðist hafa verið ætlun stjórnarskrárgjafans að hafa ákvæðin alveg sambærileg þar sem í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að stjórnarskipunarlögum árið 1995 kemur fram að MSE innihaldi að vissu leyti rýmri heimildir til takmörkunar.⁶⁴ Hefur ekki reynt á þennan mun ákvæðanna fyrir dómstólum og hefur hann takmarkað gildi fyrir efni þessarar ritgerðar.

⁵⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 374.

⁵⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 374.

⁶⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 374-375.

⁶¹ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 585.

⁶² Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*, bls. 51.

⁶³ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 376-377.

⁶⁴ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2105.

3.2.5.4 Nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi

Í fjölmiðlum vegast á tvenns konar stjórnarskrárvarin réttindi, eins og áður hefur komið fram, tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs. Algennt er að árekstrar verði milli stjórnarskrárvarðra mannréttinda en ákvæði 71. gr. og 73. gr. stjkskr. skera sig þó úr hvað þetta varðar.⁶⁵

Þegar takmarka á tjáningarfrelsi þarf að réttlæta það með vísan til markmiða þeirra sem talin eru upp í 3. mgr. 73. gr. Er þetta mat flókið þar sem ávallt þarf að taka mið af þeim miklu hagsmunum sem felast í tjáningarfrelsinu fyrir lýðræðisþjóðfélög. Getur matið reynst enn erfiðara þegar um er að ræða málefni sem ofarlega eru á baugi í þjóðfélagsumræðunni.⁶⁶ Þegar matið er hvort nauðsyn í lýðræðisþjóðfélagi sé til staðar verður annars vegar að horfa til þeirra markmiða sem stefnt er að með því að setja tjáningarfrelsinu skorður og hins vegar þeirra afleiðinga sem þessar skorður geta haft.⁶⁷

Flest þau mál sem koma til kasta MDE vegna 10. gr. velta á mati á því hvort nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi hafi verið til staðar eða ekki. Þarf dómstóllinn þá að meta hvort sú íhlutun sem kært er út af sé vegna þjóðfélagslegrar nauðsynjar, hvort hún hafi verið í samræmi við lögmæt markmið sem stefnt var að og hvort ástæður yfirvalda fyrir íhlutuninni hafi verið nægar.⁶⁸ Við mat sitt þarf dómstóllinn því að vega hversu nauðsynlegt inngríp í tjáningarfrelsið er á móti þeim afleiðingum sem það getur haft.⁶⁹ Þegar slík nauðsyn er metin koma nokkur atriði til skoðunar. Meta verður innihald tjáningar en pólitískar umræður eða aðrar umræður um málefni er varða almenning njóta ríkustu verndarinnar. Einnig hefur dómurinn talið leyfilegt að fjalla um persónulega eiginleika stjórnámamanns ef þeir hafa áhrif á hæfileika hans til að gegna hinu opinbera embætti, sbr. til dæmis *MDE, Schwabe gegn Austurríki*, 28. ágúst 1992 (13704/88).⁷⁰ Oft eru uppi álitamál um hversu langt megi ganga í gagnrýni á stjórnámamenn og hversu langt þeir megi ganga í að verjast gagnrýni, sbr. *Hrd. 2003, bls. 3136 (36/2003)*.⁷¹ Hefur það verið staðfest af hálfu MDE að stjórnámamenn þurfi, vegna stöðu sinnar, að þola meiri gagnrýni en hinn almenni borgari vegna mikilvægs aðhalds fjölmiðla og mikilvægi opinnar stjórnálaumræðu og hefur MDE getið þess að sérstakrar varúðar beri að gæta við takmarkanir á tjáningarfrelsi þegar um stjórnálaumræðu er að ræða. Má í því samhengi nefna t.d. *MDE, Lombardo gegn Möltu*, 24. apríl 2007 (7333/06). Í forsendum dómstólsins kom fram að þegar um væri að ræða réttláta gagnrýni mætti ekki

⁶⁵ Björg Thorarensen: „Eðli mannréttindareglna í stjórnarskránni og eftirlitshlutverk dómstóla“, bls. 105.

⁶⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 377.

⁶⁷ Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*, bls. 52.

⁶⁸ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 370.

⁶⁹ Kyrre Eggen: *Vernet om ytringsfriheten etter art. 10 i Den europeiske menneskerettighetskonvesjon*, bls. 97.

⁷⁰ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 371-372.

⁷¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 378-382.

ganga eins langt í takmörkunum á tjáningarfrelsi þegar stjórnámamenn ættu hlut að máli og þegar um almennan borgara væri að ræða. Þyrftu stjórnámamenn ekki aðeins að þola aðhald löggjafar- og dómsvalds heldur einnig almenningsálitsins.⁷² Vegna hinnar valdamiklu stöðu sem slíkir aðilar eru í verða þeir því að umbera afar mikla gagnrýni á störf sín.⁷³

Ljóst er að fjölmiðlar og rannsóknarblaðamennska þeirra tryggja eðlilega framkvæmd lýðræðis með því að gera almennum borgurum kleift að veita stjórnámamönnum aðhald ásamt því að gera almenningi mögulegt að vera hluti af hinu pólitíska ákvörðunarferli.⁷⁴ Því lengra frá almennri þjóðmálaumræðu sem umfjöllun fjölmiðils telst því meira svigrúm hafa aðildarríki til takmarkana á tjáningarfrelsi.⁷⁵

Dómaframkvæmd hefur sýnt fram á nokkur atriði sem hafa hlutverki að gegna við mat á hinn lýðræðislegu nauðsyn. Skiptir máli í hvaða samhengi ummæli eru sett fram, hvert eðli þeirra er og tilgangur og á hvaða vettvangi tjáningin kemur fram.⁷⁶ Sá vettvangur sem hér um ræðir eru fjölmiðlar, eðli ummæla er nafn- og myndbirting.

Í *MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88)*, var meðal annars fjallað um tilgang ummæla. Þar taldi dómstóllinn að tilgangur höfundar hefði verið að hvetja dómsmálaráðherra til að hefja rannsókn á lögregluofbeldi. Af þeim sökum hefði orðalag höfundar ekki talist óhóflegt.⁷⁷ Í framhaldi af þessum dómi urðu miklar breytingar á afstöðu íslenskra dómstóla til rýmra tjáningarfrelsis þegar um gagnrýni á stofnanir samfélagsins og opinbera starfsmenn er að ræða en fram til ársins 1995 var í gildi sérstök takmörkun á tjáningarfrelsi í 108. gr. hgl. sem nú hefur verið breytt.⁷⁸

Í *MDE, McVicar gegn Bretlandi, 7. maí 2002 (46311/99)*, var það notað sem rökstuðningur fyrir nauðsyn takmörkunar að ærumeiðing gæti haft afar alvarlegar afleiðingar fyrir þann einstakling sem fyrir verður. Þar var um að ræða ásakanir á hendur frjálsíþróttamanni um ólöglega lyfjanotkun.⁷⁹

Allar undantekningar verður að skýra þröngt. Einnig verður að taka sérstakt tillit til réttinda og skyldu fjölmiðla til umfjöllunar um málefni, sérstaklega þau er erindi eiga til almennings. Auk þess verður að hafa í huga rétt almennings til þess að taka við skoðunum, upplýsingum og hugmyndum.⁸⁰ Í *MDE, Jersild gegn Danmörku, 23. september 1994*

⁷² Sjá 54. efnisgrein dómsforsendnanna.

⁷³ Harris, O' Boyle og Warbrick: *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 455.

⁷⁴ Sbr. Harris, O' Boyle og Warbrick: *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 465.

⁷⁵ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 373.

⁷⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 377-378.

⁷⁷ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 377.

⁷⁸ Sbr. Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 382.

⁷⁹ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 378.

⁸⁰ Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*, bls. 55.

(15890/89), tók dómstóllinn m.a. fram að eftirlit hans með aðildarríkjunum væri afar strangt ef stjórnvöld reyndu að aftra fjölmiðlum frá því að taka þátt í umræðum er vörðudu almenning.⁸¹ Jafnframt sagði, líkt og í Sunday Times málinu, að þrátt fyrir að fjölmiðlar mættu ekki ganga of nærri einkalífi fólks væri það samt sem áður skylda þeirra að miðla upplýsingum og hugmyndum er vörðudu almenning og á sama hátt væri það réttur almennings að taka við slíkum upplýsingum.⁸² Í þessum sama dómi kom fram það mat MDE að blaðamenn væru best til þess fallnir að ákveða sjálfir hvaða aðferðum þeir beiti við frétttaflutning.⁸³

Í þessu samhengi má nefna tvo nýrri dóma Hæstaréttar. Í *Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008)*, var um að ræða meiðyrðamál sem höfðað var vegna ummæla á vefsíðu. Krafðist Ó ómerkingar ummælanna og miskabóta ásamt því að G, sá er viðhafði ummælin, yrði gert skylt að birta forsendur og dómsorð á vefsvæði sínu. Skrif G vörðudu m.a. skoðanir Ó sem fram komu í aðdraganda alþingiskosninga og lutu að meintu útlendingahatri Ó. Taldi Hæstiréttur að skoða mætti skrif G sem lið í almennri umræðu um stjórnmál í aðdraganda alþingiskosninga sem birst hafði í miðli sem opinn var hverjum sem er. Ummæli G voru talin ályktanir sem hann taldi sig geta reist á orðum Ó og ekki hægt að slá föstu að þær hefðu verið staðlausar. Um var því að ræða gildisdóma. Var G sýknaður af kröfum Ó. Héraðsdómur hafði komist að gagnstæðri niðurstöðu og tekið kröfur Ó til greina. Sé tekið mið af niðurstöðu Hæstaréttar er réttlætanlegt að nær sé gengið mannorði annarra ef um er að ræða ummæli í tengslum við almenna stjórnmálaumræðu. Í *Hrd. 28. maí 2009 (575/2008)*, var um að ræða mál vegna umfjöllunar í fréttapættinum Kastljósi og fréttatímum útvarps og sjónvarps. L og B höfðudu málið til heimtu bóta vegna miska sem þau töldu sig hafa orðið fyrir vegna umfjöllunarinnar er varðaði umsókn L um ríkisborgararétt. Laut umfjöllunin aðallega að því hvort meðferð umsóknarinnar hefði verið óeðlileg þar sem L var tengdadóttir þáverandi umhverfisráðherra og hefði þar af leiðandi fengið hraðari afgreiðslu á umsókn sinni en ella. Töldu þau einnig að um brot gegn 228. og 229. gr. hgl. hefði verið að ræða vegna myndbirtingar. Taldi Hæstiréttur að slík umræða, sem liður væri í almennri þjóðfélagsumræðu, ætti erindi til almennings. Sú viðleitni þáttastjórnenda að sýna fram á að afgreiðsla umsóknar L væri tortryggileg hefði ekki beinst að L og B, heldur að þáverandi umhverfisráðherra og allsherjarnefnd Alþingis. Ljóst væri hins vegar að ekki hefði verið farið rétt með allar staðreyndir málsins og hefðu þáttastjórnendur þar af leiðandi brotið gegn starfsskyldum sínum

⁸¹ Sbr. Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 361-362.

⁸² Sjá 30. efnisgrein dómsforsendnanna.

⁸³ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 363.

og ekki sýnt L og B viðhlítandi tillitssemi. Hin persónulegu málefni er vörðuðu L og B hefðu þó verið svo samofin málefnum að útilokað hefði verið að greina á milli. Hæstiréttur tekur síðan fram að einstaklingar verði að nokkru marki að þola að persónuleg málefni, er þá varða, komi í slíkum tilvikum til almennrar umfjöllunar. Var ekki fallist á kröfur L og B.

Svo virðist af dómaframkvæmd að ef ummæli verða talin eiga erindi til almennings vegur tjáningarfrelsi fjölmiðla þyngra en rétturinn til friðhelgi einkalífs. Hins vegar er augljóst að ekki eiga öll einkamálefni erindi til almennings.

Þegar meta skal hvort takmörkun sé nauðsynleg gerir MDE greinarmun á gildisdómum eða staðhæfingum. Gildisdóma er ekki hægt að sanna og slíka kröfu væri ógerningur að uppfylla og myndi í raun setja skorður við skoðanafrelsið, sbr. *Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008)*, þar sem sjá má að Hæstiréttur tekur mið af þessari aðferðafræði MDE. Líklega væri réttlætlanlegra að takmarka tjáningarfrelsi þegar um er að ræða staðreyndir frekar en gildisdóma. Hins vegar verður gildisdómur að vera byggður á einhverjum grundvelli og settur fram í góðri trú.⁸⁴

Dómstólar beita meðalhófsreglu við ákvörðun á því hvort of langt hafi verið gengið í skerðingu á tjáningarfrelsi enda felur ákvæði 3. mgr. 73. gr. í sér ákveðna meðalhófsreglu, þar sem fram kemur að takmörkun þurfi að vera nauðsynleg. Á sambærilegan hátt beitir MDE meðalhófsreglunni við að meta nauðsyn takmarkana. Ljóst er að nauðsyn takmarkana þarf að vera mikil til að inngrip í tjáningarfrelsi sé heimilt (e. „pressing social need“). Hafa aðildarríki svigrúm við mat á því hvort slík nauðsyn sé til staðar en ákvörðun ríkja í þessum efnum heyrir þó undir mat MDE.⁸⁵ Í *MDE, Du Roy og Malaurie gegn Frakklandi, 3. október 2000 (34000/96)*, taldi MDE franska lagasetningu, sem lagði bann við því að greina frá refsikærum frá einstaklingum, ganga of langt. Var banninu ætlað að tryggja sakleysi og vernda hina kærðu fyrir opinberri umfjöllun. Taldi MDE hins vegar að hægt væri að tryggja rétt manna til að teljast saklausir þar til sekt þeirra væri sönnuð með öðrum og vægari leiðum heldur en slíku almennu og algjöru banni.⁸⁶

Ef um er að ræða of þung viðurlög vegna brota sem felast í tjáningu hefur dómstóllinn túlkað það sem brot á 10. gr., sbr. til dæmis *MDE, Skalka gegn Póllandi, 27. maí 2003 (43425/98)*.⁸⁷ Hins vegar hefur MDE talið að fangelsisrefsing fyrir fjölmiðlabrot teljist ekki andstæð 10. gr. við sérstakar aðstæður. Á það einkum við ef um er að ræða tilvik þegar önnur

⁸⁴ *Theory and Practice of the European Convention on Human Rights*, bls. 794-795.

⁸⁵ Jon Fridrik Kjølbro: *Den europæiske menneskerettigheds konvention – for praktikere*, bls. 650-651.

⁸⁶ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 379.

⁸⁷ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls 379.

grundvallarréttindi hafa lotið í lægra haldi vegna tjáningarinnar.⁸⁸ Inngrip í tjáningarfrelsi verður því alltaf að vera viðeigandi og fullnægjandi í hvert sinn og í samræmi við það lögmæta markmið sem stefnt er að.⁸⁹

Spyrja má í hvaða tilfellum nafn- og myndbirtingar sakborninga eigi erindi til almennings. Mögulegt er að ganga að því sem vísu að oftast séu upplýsingar um refsiverð brot sakborninga viðkvæmar fyrir hinn sakaða og nána venslamenn hans. Eru slíkar upplýsingar líklega enn viðkvæmari ef dómur hefur ekki gengið í máli hans enda þá ekki fullvíst að sakborningur hafi framið refsivert brot. Má halda því fram að á því stigi eigi upplýsingar um nafn og jafnvel mynd af hinum grunaða ekkert erindi til almennings. Að minnsta kosti verður að fara fram mat á því hvort nafn- eða myndbirtingin geti talist hluti af almennri þjóðfélagsumræðu.

Með tilliti til alls framangreinds er ljóst að hin stjórnarskrárvarða regla um tjáningarfrelsi er meginregla og óheimilt að víkja frá henni nema að uppfylltum þeim skilyrðum er koma fram í 3. mgr. 73. gr. og hið sama má segja um 10. gr. MSE. Hafa fjölmiðlar mikilvægu hlutverki að gegna í hverju lýðræðisþjóðfélagi og ljóst að standa verður vörð um tjáningarfrelsi þeirra. Ef hins vegar á að takmarka tjáningarfrelsi þeirra að einhverju leyti verður að gæta meðalhófs. Einnig verður að skoða hvort ummælin, í þessu tilfelli nafn- og myndbirting sakborninga, eigi erindi til almennings og í hvaða samhengi og tilgangi ummæli eru sett fram.

3.3 Friðhelgi einkalífs

3.3.1 Inngangur

Sífelld togstreita er milli hinna tveggja stjórnarskrárvörðu réttinda, tjáningarfrelsisins og friðhelgi einkalífsins eins og áður hefur verið vikið að. Iðulega koma upp tilvik þar sem þessi tvö réttindi skarast. Ber fjölmiðlarétturinn þess augljóslega merki. Í nútímaþjóðfélagi þar sem borgurum eru tryggð réttindi eins og tjáningarfrelsi og önnur mannréttindi höfð í heiðri þykir sjálfsagt að einkalífið njóti einnig verndar. Fullyrða má að fyrrnefndu réttindin yrðu lítils virði ef menn gætu átt í stöðugri hættu á að troðið væri á einkalífi þeirra.⁹⁰ Almennt er viðurkennt að réttarreglur þær, sem ætlað er að vernda einkalíf manna, skuli skoða í ljósi réttarreglna og lagaverndar sem gilda um tjáningarfrelsi.⁹¹

⁸⁸ Sbr. *MDE, Cumpănă og Mazăre gegn Rúmeníu*, 17. desember 2004 (33348/96). Sjá 115. efnisgrein dómsforsendnanna.

⁸⁹ Kyrre Eggen: *Vernet om ytringsfriheten etter art. 10 i Den europeiske menneskerettighetskonvesjon*, bls. 99.

⁹⁰ Sbr. Kjartan Gunnarsson: „Friðhelgi einkalífs“, bls. 181.

⁹¹ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 101.

3.3.2 Ákvæði er varða friðhelgi einkalífs í stjórnarskrá og MSE

Ákvæði 71. gr. stjkskr. og 8. gr. MSE vernda friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í 8. gr. MSE er bréfaskiptum einnig veitt vernd. Einkum verður horft til friðhelgi einkalífs í þessari umfjöllun. Upphaflega var markmið ákvæðis um friðhelgi heimilisins, sem finna mátti í 66. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, að vernda borgarana gegn afskiptum stjórnvalda og þá sérstaklega við rannsókn sakamála. Á síðari tímum með aukinni tæknivæðingu hefur friðhelgi einkalífs einnig stafað hættu af einstaklingum og lögaðilum. Er löggjafanum því skylt á grundvelli 71. gr. stjkskr. að setja reglur sem vernda einstaklingana innbyrðis. Friðhelgi einkalífs skal því bæði veitt refsivernd og að sama skapi skal vera mögulegt að krefjast bóta vegna afskipta af einkalífi fólks.⁹² Þegar ákvæði 71. gr. stjkskr. kemur til kasta dómstóla hér á landi er það yfirleitt vegna ágreinings um jafnvægi milli friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis.⁹³

Í ákvæðinu segir:

Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Í 8. gr. MSE kemur fram:

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.
2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

Ákvæði 71. gr. stjkskr. og 8. gr. MSE má flokka bæði sem neikvæð mannréttindi og jákvæð. Með neikvæðum mannréttindum er átt við að einstaklingurinn skuli vera frjálss undan afskiptum ríkisins og réttindi hans séu best tryggð á þann hátt að ríkið sýni af sér athafnaleysi. Jákvæð mannréttindi leggja hins vegar ákveðnar athafnaskyldur á ríkið.⁹⁴ Kemur þetta berlega í ljós þegar kærumál varðandi 8. gr. fyrir MDE eru skoðuð en þeim er hægt að skipta í tvo flokka. Annars vegar þar sem tekið er til skoðunar hvort ríki hafi gengið of langt til þess að skerða réttindi meðal annars með afskiptum sínum. Hins vegar þar sem fjallað er um hvort

⁹² Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2100.

⁹³ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 285.

⁹⁴ Björg Thorarensen: „Eðli mannréttindareglna í stjórnarskránni og eftirlitshlutverk dómstóla“, bls. 94-95.

ríki hafi gripið til nægilegra ráðstafana til að tryggja réttindin. Meginreglan er sú að ríki eigi ekki að hafa afskipti af samskiptum einstaklinga innbýrðis en dómstóllinn hefur staðfest að þegar sambönd hafa myndast milli einstaklinga beri ríkinu að vernda þau meðal annars með löggjöf. Á sama hátt hefur MDE staðfest að aðildarríkjum beri skylda til að grípa til aðgerða til verndar friðhelgi einkalífs, þar á meðal í samskiptum einstaklinga innbýrðis, sbr. *MDE, X og Y gegn Hollandi*, 26. mars 1985 (8978/80). Þessi dómur er tveggja áratuga gamall en oft síðan hefur dómstóllinn staðfest að hinar jákvæðu skyldur séu fyrir hendi og jafnframt að þeim séu sett ákveðin mörk, sbr. *MDE, Botta gegn Ítalíu*, 24. febrúar 1998 (21439/93). Taldi dómstóllinn þá kröfu kæranda að fá tryggt fullt aðgengi að baðströnd fjarri heimili sínu of víðtæks eðlis og það óákveðna að ekki væru nægileg tengsl milli aðgerða þeirra sem ríkið hefði átt að grípa til gagnvart einkaaðilum og friðhelgi einkalífs kærands.⁹⁵ Í *MDE, Marckx gegn Belgíu*, 13. júní 1979 (6833/74), kom fram stefnumarkandi álit dómstólsins varðandi þetta atriði. Um var að ræða friðhelgi fjölskyldulífs og tók MDE fram að 8. gr. legði ekki einungis þá neikvæðu skyldu á ríki að halda að sér höndum varðandi afskipti af þessum réttindum heldur gætu jákvæðar skyldur verið innifaldar til þess að tryggja friðhelgi einkalífs.⁹⁶ Hér má einnig nefna *MDE, von Hannover gegn Þýskalandi*, 24. júní 2004 (59320/00), sem nánar verður fjallað um síðar.

Friðhelgi er ekki skilgreind í ákvæðum stjkskr. eða MSE en má skilgreina á þann hátt að um sé að ræða rétt einstaklings til að vera laus við utanaðkomandi afskipti eða ónæði.⁹⁷ Hugtakið einkalíf er afar víðtækt og nær yfir heimili og fjölskyldu ásamt bréfaskiptum, sbr. 2. mgr. 71. gr. stjkskr. og 1. mgr. 8. gr. MSE. Auk þess tekur það til alls sem lýtur að persónulegum högum manns. Er í raun um að ræða rétt manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til þess að hafa lífshætti og einkahagi sína í friði ásamt því að samskipti hans og tilfinningaleg sambönd við aðra njóti verndar fyrir afskiptum annarra.⁹⁸ Kjartan Gunnarsson skilgreinir friðhelgi einkalífs í ritgerð sinni um það efni á neikvæðan hátt, þ.e. út frá því hvað telst brot gegn friðhelgi einkalífs. Nefnir hann nokkur atriði og þar á meðal:

Í þriðja lagi er það brot gegn friðhelgi einkalífs að segja frá eða útbreiða á ólöglegan hátt vitneskju um einkalíf annars manns, þar undir falla frásagnir af einkalífinu, opinberun mynda, brot á þagnarskyldu.⁹⁹

⁹⁵ Sbr. Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 289-290.

⁹⁶ Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 288.

⁹⁷ *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 147.

⁹⁸ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2099.

⁹⁹ Kjartan Gunnarsson: „Friðhelgi einkalífs“, bls. 174-175.

Skoða má framkvæmd eftirlitsstofnana MSE til að finna út inntak hugtaksins einkalíf en oft þarf MDE að taka afstöðu til þess hvort tiltekin réttindi falli undir vernd 8. gr. Meðal þeirra atriða sem dómstóllinn hefur talið felast í hugtakinu er vernd á einkahögum manns og líkamlega og andlegu sjálfræði hans. Að auki felur ákvæðið í sér vernd gegn árásum á æru og mannorð manna, ásamt vernd auðkenna og nafns.¹⁰⁰

MDE tók fyrst til umfjöllunar hvort vernd æru og mannorðs félli undir 8. gr. MSE, í *ákv. MDE, Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi, 20. október 2005 (4591/04)*. Laut kæra Kjartans að því að íslenska ríkið hefði ekki uppfyllt skyldu sína til að vernda friðhelgi einkalífs hans. Hafði hann tapað meiðyrðamáli vegna ummæla um hann á opinberum vettvangi. Gegndi hann þá starfi formanns bankaráðs Landsbanka Íslands og framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins. Taldi MDE þessi réttindi ekki koma berum orðum fram í 1. mgr. 8. gr. MSE. Á hinn bóginn bar að líta til þess hversu víðtækt hugtakið „einkalíf“ væri og ekki yrði það skilgreint á tæmandi hátt. Fólgnir væru í æru og mannorði hagsmunir sem bæri að skoða ef kvartað væri undan því að ríkið tryggði ekki rétt til friðhelgi einkalífs að fullu. Málinu var hins vegar vísað frá. Talið var að frelsi til að gagnrýna störf kæranda ætti að veða þyngra en réttur hans til að njóta verndar æru og mannorðs.¹⁰¹

Meðal annarra atriða sem falla undir réttinn til friðhelgi einkalífs eru auðkenni manns, sjálfsmynd og það sem einkennir hann sem persónu. Er hér átt við rétt manns til að ráða nafni sínu, útliti, klæðnaði, kynímynd og kynhneigð ásamt rétti manns til að þekkja uppruna sinn og uppvaxtarsögu.¹⁰²

Í *MDE, Stjerna gegn Finnlandi, 25. nóvember 1994 (18131/91)*, staðfesti MDE að nafn manns gæti talist til einkalífs hans.¹⁰³ Um var að ræða finnskan mann sem kærði finnska ríkið þar sem honum var synjað um að breyta eftirnafni sínu. Taldi hann að um brot gegn 8. gr. MSE væri að ræða. MDE tók fram að ekki væri vísað til nafns í ákvæðinu en þar sem nafn manns væri mikilvægur þáttur í auðkenningu hans taldi rétturinn það hluta af einkalífi manna. MDE taldi að bann finnskra stjórnvalda við breytingu eftirnafns væri ekki brot gegn 8. gr. Ef um hefði verið skyldu af hálfu ríkisins þess eðlis að viðkomandi breytti nafni sínu hefði líklega frekar verið um brot að ræða, sbr. t.d. *MDE, Daróczy gegn Ungverjalandi, 1. október 2008 (44378/05)*. Ljóst er því að nafn manns, að minnsta kosti eftirnafn hans, fellur undir hugtakið einkalíf.

¹⁰⁰ Sbr. Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 291-293.

¹⁰¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur-Mannréttindi*, bls. 289-290.

¹⁰² Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 295.

¹⁰³ *Theory and Practice of the European Convention on Human Rights*, bls. 685.

3.3.3 Takmarkanir á friðhelgi einkalífs

Takmarkanir á friðhelgi einkalífs er að finna í 2. og 3. mgr. 71. gr. stjkskr. Annars vegar er um að ræða takmörkun vegna aðgerða lögreglu og annarra yfirvalda við rannsókn sakamáls og hins vegar takmarkanir ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.¹⁰⁴ Fyrri atriðið lýtur einkum að ýmsum þvingunaraðgerðum sem yfirvöldum eru heimilar og koma ekki til umfjöllunar í þessari ritgerð.

Líkt og berum orðum er tekið fram í ákvæðum 3. mgr. 71. gr. stjkskr. og almennt gerist þegar takmarka á mannréttindi þurfa skilyrði þau sem takmarka friðhelgi einkalífs að hvíla á lagaheimild. Er þá átt við sett lög frá Alþingi.¹⁰⁵ Einnig er takmörkun heimil ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Getur það m.a. átt við um tjáningarfrelsisréttindi annarra.¹⁰⁶ Í ákvæði 2. mgr. 8. gr. MSE er einnig fjallað um skilyrðið um lagaheimild en auk þess er vikið að fleiri atriðum sem heimila takmörkun á friðhelgi einkalífs. Hefur það ekki sérstaka þýðingu þar sem mörg þeirra atriða sem þar eru talin upp gætu fallið undir 2. mgr. 71. gr. stjkskr. Áður en gildissvið ákvæðisins var víkkað út árið 1995 var talið, að þrátt fyrir að friðhelgi einkalífs teldist til óskráðra grundvallarreglna væri samt sem áður heimilt að setja þeim réttindum takmörk í þágu atriða svipuðum þeim sem talin eru upp í 2. mgr. 8. gr. MSE.¹⁰⁷ MDE metur hvort lagaheimild sé til staðar á þrenns konar máta. Í fyrsta lagi verður takmörkunin að eiga sér stoð í lögum aðildarríkisins. MDE fellst yfirleitt á túlkun dómstóla aðildarríkjanna á því hvað teljist lög, nema sterk rök mæli gegn. Í öðru lagi verða þau lög að vera aðgengileg. Í þriðja lagi verða lögin að vera fyrirsjáanleg á þann hátt að hægt sé að sjá fyrir þær afleiðingar sem takmörkun hefur í för með sér.¹⁰⁸ Um skilyrði 2. mgr. 8. gr. um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi vísast til umfjöllunar um slíka nauðsyn í 73. gr. stjkskr. og 10. gr. MSE hér að framan.

Þegar friðhelgi einkalífs einstaklings er takmörkuð á einhvern hátt skiptir miklu máli að gætt sé meðalhófs. Má það m.a. sjá af orðum 3. mgr. 71. gr. stjkskr. og 2. mgr. 8. gr. MSE þar sem fram kemur að takmarka megi réttindi ef brýna nauðsyn beri til. Ef hægt er að velja milli tveggja leiða við takmörkun réttinda um friðhelgi einkalífs ber því að velja þá leið sem vægari er.¹⁰⁹ Þegar MDE metur hvort skapast hafi jákvæðar skyldur af hálfu ríkis beitir hann einnig þeirri meðalhófsreglu sem innbyggð er í ákvæði 8. gr. Finna þarf hið eðlilega jafnvægi milli

¹⁰⁴ Sbr. Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 294.

¹⁰⁵ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 294.

¹⁰⁶ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmíðlaréttur*, bls. 110.

¹⁰⁷ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 296.

¹⁰⁸ Clare Ovey og Robin C.A White: *Jacobs and White, The European Convention on Human Rights*, bls. 312-313.

¹⁰⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 297.

hagsmuna samfélagsins annars vegar og hins vegar hagsmuna einstaklingsins af því að ríkið grípi til ákveðinna aðgerða til að tryggja einstaklingnum réttindi til friðhelgi einkalífs. Ríki hafa svigrúm til mats þegar slíkt jafnvægi er fundið.¹¹⁰

Ef talið verður að nafn- og myndbirting teljist þáttur í einkalífi manna er því ekki nóg fyrir ríki að vernda þegna sína gegn utanaðkomandi afskiptum af einkalífi þeirra heldur hvílir að einhverju marki jákvæð skylda á íslenska ríkinu að tryggja, til dæmis með lagasetningu, að nafn manna eða mynd verði ekki birt í fjölmiðlum við ákveðnar aðstæður. Samkvæmt framangreindu hefur ríkið þó talsvert svigrúm við mat á því hvort hagsmunir samfélagsins vegi meira en hagsmunir einstaklingsins af friðhelgi einkalífs.

3.3.4 Þrír dómur MDE varðandi nafn- og myndbirtingu í tengslum við einkalíf

Í *MDE, N.F. gegn Ítalíu, 2. ágúst 2001 (37119/97)* var kærandi dómari sem hafði verið hluti af frímúrarareglu. Frétti hann af ákærum á hendur félögum innan reglunnar og sagði sig úr henni. Var hann þá gerður að óvirkum félagi. Vegna ákæruna fékk dómarráð sendan lista yfir dómara í frímúrarareglunni frá skrifstofu saksóknara á Ítalíu en dómurum var ekki heimilt að taka þátt í slíku starfi. Var dómurinn yfirheyrður vegna þessa og sagður óhæfur til að gegna embættinu. Var honum veitt áminning. Þessi listi yfir nöfn dómara var að lokum gerður opinber í fjölmiðlum. Laut kæra dómarsins að því að með birtingu listans í fjölmiðlum hefði verið brotið gegn rétti hans til friðhelgi einkalífs hvort sem það taldist í lagi fyrir hann eður ei að vera frímúrari. Í rökstuðningi MDE kom fram að samkvæmt fyrri dómaframkvæmd réttarins samanstæði „einkalíf“ manns af líkamlegum og andlegum heilindum. Væri ákvæði 8. gr. aðallega ætlað að vernda persónuleika manna í samskiptum við aðra einstaklinga, án utanaðkomandi afskipta. Í þessu máli hefði kærandi ekki sannað að birting upplýsinganna í fjölmiðlum hefði valdið honum einhverju tjóni. Þess heldur hefði hver sem er getað nálgast upplýsingarnar í skrá um félagi Frímúrarareglunnar. Af þeim sökum hefði ekki verið um brot á 8. gr. að ræða.

Samkvæmt framansögðu taldi dómurinn ekkert athugasvert við birtingu nafnalistans þar sem hann var hvort eður aðgengilegur fyrir almenning. Má líklega nota þennan dóm MDE sem fordæmi ef um er að ræða nafnbirtingu sakbornings sem hefur verið ákærður þar sem nafn hans liggur fyrir hvort sem er fyrir hvern þann sem æskir þess að finna það. Ef um er að ræða einstakling sem ekki hefur verið ákærður á nafn hans ekki að vera opinbert meðal annars vegna rannsóknarhagsmuna. Nafn manns sem hefur afplánað dóm hefur oftast verið birt í dómi sem hægt er að nálgast auðveldlega, ýmist á prentuðu formi eður rafrænu. Þá þarf að

¹¹⁰ Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 290.

spyrja hvort réttlæt看legt sé að draga slíkan mann inn í sviðsljós fjölmiðla á ný eftir að hann hefur tekið út refsingu sína.

Í *MDE, Mosley gegn Bretlandi, 10. maí 2011 (48009/08)*, var um að ræða myndbirtingu af háttsettum einstaklingi innan Formúlu 1 kappaksturskeppnanna í breska dagblaðinu News of the World. Um var að ræða myndir og myndbandsbrot sem fylgdu frétt af M í kynsvalli með 5 konum. Héldu blaðamenn dagblaðsins því jafnframt fram að kynsvallið hefði verið með nasistaþema. M kærði breska ríkið undir þeim formerkjum að það hefði ekki staðið við sínar jákvæðu skyldur að vernda friðhelgi einkalífs hans. Taldi hann að dagblaðinu hefði verið skylt að láta hann vita fyrirfram af myndbirtingunni til þess að hann gæti krafist lögbanns. MDE stóð frammi fyrir mati á jafnvæginu milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs. Tók dómurinn fram að þrátt fyrir að myndbirting teldist þáttur í tjáningarfrelsinu teldist hún það svið þar sem vernd vegna réttinda annarra væri gríðarlega mikilvæg. Ætti það sérstaklega við þar sem myndirnar sýndu mjög persónulegar og nánar upplýsingar um einstaklingana auk þess sem myndböndin voru tekin upp með földum myndavélum. Þegar verið væri að meta andstæða hagsmuni líkt og tjáningarfrelsið og friðhelgi einkalífs þyrfti að skoða hvort slík myndbirting og efni hennar ætti eitthvert erindi til almennings. Niðurstaða dómsins var á þá leið að hægt væri að gagnrýna dagblaðið harkalega vegna þessa. Ekki aðeins hefðu þeir birt fréttir um kynlífshegðun M heldur einnig myndir og myndbandsbrot. Ljóst væri að myndbirting hefði miklu meiri og útbreiddari áhrif en frásagnir einar sér. Um var að ræða einstakling sem mikið hefði verið fyrir augum almennings og nyti umfjöllun um hann verndar 10. gr. MSE. Ef um væri að ræða efni sem væri mjög persónulegt eða viðkvæmt kæmi 8. gr. hins vegar til. Sama ætti við ef um væri að ræða málefni sem ekki ætti erindi til almennings. Dómstóllinn tók fram að horfa yrði til fleiri mála ef skylda ríkis til að vernda friðhelgi einkalífs fólks ætti að ná yfir að fólk væri fyrirfram látið vita af myndbirtingu í blöðum. Yrði að hafa í huga að 10. gr. gerði aðeins ráð fyrir þröngum undantekningum. Dómstóllinn taldi að í 8. gr. fælist ekki skylda til lögbindingar þess að einstaklingum yrði gert ljóst efni eða myndir komandi dagblaða ef það varðaði þá. Var því ekki talið að um brot á 8. gr. MSE væri að ræða.

Það sem ráða má af þessum dómi MDE er að myndbirting hafi mun víðtækari áhrif heldur en frásögn án myndar. Ef því væri slegið föstu að nafnbirting sakbornings í fjölmiðlum teldist til brota á friðhelgi einkalífs hans má ætla að brotið teldist alvarlegra ef mynd fylgdi frásögninni. Ætla má að slíkt myndi vekja meiri athygli almennings enda mynd oft fljótari að grípa augað en texti. Að auki er það ljóst að þegar um slíka myndbirtingu er að ræða gilda hin sömu sjónarmið og áður hefur verið vikið að, þ.e. birtingin verður að hafa eitthvað vægi í almennri þjóðfélagsumræðu. Ef gengið er nærri einkalífi manns og viðfangsefnið á ekki

heima í lýðræðislegri umræðu er birtingin ekki heimil. Auk framangreinds er því slegið föstu að með því að skylda fjölmiðil til að vara viðkomandi við að mynd hans verði birt í fjölmiðli sé gengið of nærri tjáningarfrelsinu og ákvæði 8. gr. leggi ekki slíka skyldu á aðildarríki.

Í *MDE, Sciacca gegn Ítalíu, 11. janúar 2005 (50774/99)*, snerist málið um kennara í einkaskóla, Frú Sciacca, sem var m.a. grunuð um fjársvik og falsanir. Var hún sett í stofufangelsi, ásamt fleirum, þann 28. nóvember 1998. Nokkrum dögum síðar hélt saksóknari, sem ábyrgur var fyrir rannsókn málsins, blaðamannafund. Á fundinum var birt mynd af ákærðu. Í kjölfarið birtu tvö dagblöð greinar um málið. Í öðru blaðinu var, þann 5. desember 1998, fjallað um ásakanir á hendur Sciacca og fleirum, og nákvæmlega útlistað fyrir hvað hún var ákærð og dregnar ályktanir um hvernig hin meintu afbrot höfðu verið framin. Næsta dag birtist í sama blaði mynd af Sciacca ásamt fleiri ákærðum. Í öðru dagblaði birtist á forsíðunni sama dag mynd af öllum ákærðu í málinu ásamt fyrirsögn sem laut að því að hinir ákærðu hefðu sett upp „gerviskóla“. Á tveimur dögum, þann 5. og 6. desember 1998 voru myndir af Sciacca og hinum ákærðu birtar fjórum sinnum. Í öll skiptin var um að ræða mynd sem tekin var af Sciacca þegar hún stofufangelsuð. Þann 8. desember 2002 var refsing Sciacca ákveðin, fangelsisvist í eitt ár og tíu mánuði og sektargreiðsla upp á 300 evrur. MDE fór yfir meint brot ríkisins á 8. gr. MSE. vegna birtingar myndar hennar á blaðamannafundinum. Þurfti dómstóllinn því að meta hvort aðildarríkið, Ítalía, hefði uppfyllt þær skyldur sínar að skipta sér ekki af einkalífi Sciacca. Ef um árás á einkalíf Sciacca hefði verið að ræða þurfti að meta hvort sú árás uppfyllti þær skyldur sem koma fram í 2. mgr. 8. gr. Dómstóllinn sagði orðrétt:

Regarding whether there has been an interference, the Court reiterates that the concept of private life includes elements relating to a person's right to their image and that the publication of a photograph falls within the scope of private life (see *Von Hannover*, cited above, §§ 50-53). It has also given guidelines regarding the scope of private life and found that there is “a zone of interaction of a person with others, even in a public context, which may fall within the scope of 'private life' ” (ibid.). In the instant case the applicant's status as an “ordinary person” enlarges the zone of interaction which may fall within the scope of private life, and the fact that the applicant was the subject of criminal proceedings cannot curtail the scope of such protection. Accordingly, the Court concludes that there has been interference.

Taldi MDE að slík árás á einkalíf sem fólst í myndbirtingu af Sciacca sem sakborningi hafi ekki verið á lagagrundvelli líkt og skilyrt er í 2. mgr. 8. gr. Nægði það til að ákvarða að um brot á 8. gr. hafi verið að ræða. Væntanlega er hér um brot á neikvæðum skyldum ríkisins að ræða þar sem Ítalska ríkið uppfyllti ekki skyldu sína um athafnaleysi heldur braut gegn borgara með afhendingu myndar til fjölmiðla. Dómurinn slær því s.s. föstu að mynd einstaklings sé hluti af einkalífi hans og myndbirting á meðan á máli stendur sé ekki réttlætunleg, að minnsta kosti ekki ef um er að ræða mynd sem kemur frá stjórnvöldum, líkt og í þessu tilviki.

3.4 Mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í íslenskum rétti

Þegar mál er varða tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs koma til kasta dómstóla verður í hvert sinn að kanna hvort atriðið vegur þyngra, að einstaklingur fái að njóta friðar um sína einkahagi og mannorð eða frjáls lýðræðisleg umræða um málefni sem varða almenning. Eftir stjórnarskrárbreytinguna árið 1995 hafa dómstólar rökstutt niðurstöður sínar varðandi mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs með nákvæmari hætti.¹¹¹ Áður voru dæmi um rökstuðning dómstóla með vísan til grunnreglna um persónuvernd, sbr. *Hrd. 1968, bls. 1007*. Dómstólum er þó aldrei stætt á því að rökstyðja ákvarðanir sínar með ófullnægjandi hætti. Sem dæmi um dóma sem fallið hafa á síðari árum er varða álitanefnið má nefna *Hrd. 1999, bls. 857 (252/1998)*. Málið varðaði ævisögu geðlæknis en höfðað var refsímál gegn höfundu hennar. Voru í bókinni birt ýmis einkamálefni sjúklunga. Vísaði Hæstiréttur til mikilvægis tjáningarfrelsis í lýðræðisþjóðfélagi og að rithöfundur nyti sérstaklega rúms frelsis á því sviði. Einnig kom fram að við ákvörðun á mörkum tjáningarfrelsis hefði í dómaframkvæmd á síðastliðnum árum verið litið til þess að vegna lýðræðishefða yrði að tryggja að fram gæti farið þjóðfélagsleg umræða. Í þessu máli voru slíkir hagsmunir ekki taldir í húfi og því ekki talið réttlætlegt að svo nærri væri gengið friðhelgi einkalífs líkt og þarna var gert. Einnig má hér nefna áðurnefndan *Hrd. 4. október 2007 (37/2007)* er varðaði upplýsingar um einkamálefni J sem finna mátti í tölvupósthólfi hennar. Fram kom í dómi Hæstaréttar að þegar virt væri sú ríka vernd sem 1. mgr. 71. gr. stjkskr. veiti einkalífi manna, yrði ekki séð hvaða erindi þessar upplýsingar, er vörðuðu ástarsamband J og nafngreinds manns, áttu til almennings. Annar áðurnefndur dómur, varðandi sama aðila, *Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005)*, varðaði staðfestingu á lögbanni sem J hafði fengið lagt við að ákveðinn fjölmiðill birti upplýsingar úr tölvupóstsamskiptum hennar við nafngreindan mann og lutu að ákveðinni lögreglurannsókn. Var talið að skrif fjölmiðilsins hefðu að geyma efni er átti erindi til almennings og varðaði umdeilt þjóðfélagsmál. Var fallist á með stefndu í málinu að ekki hefði verið gengið nær einkalífi áfrýjanda en óhjákvæmilegt hafi verið í opinberri umræðu um málefni er varðaði almenning.

Í *Hrd. 11. desember 2008 (34/2008)* var tekinn fyrir fréttáflutningur tveggja dagblaða meðal annars af hjúskaparslitum M. Með frétt annars dagblaðsins fylgdi stór mynd af M. Krafist var ómerkingar á nokkrum ummælum. Dómstóllinn sagði umfjöllunina um einkahagi M ekki tengjast þjóðfélagslegri umræðu og að M hefði ekki gefið tilefni til slíkrar umræðu með því að ræða sín hjúskaparmál við fjölmiðla. Voru öll ummælin sem krafa M laut að

¹¹¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 305.

ómerkt. Athyglisvert er þó að Hæstiréttur tekur fram, þrátt fyrir að hann staðfesti dóm héraðsdóms, að frásögn af hjúskaparslitum ein og sér teljist ekki brot gegn 1. mgr. 71. gr. stjkskr. Heildstætt mat dómsins á samhengi ummælanna við meginumfjöllunarefni greinanna var talin ástæða til ómerkingar.

Hrd. 10. nóvember 2011 (65/2011) varðaði ummæli er bæjarfulltrúar úr Kópavogi höfðu uppi vegna viðskipta F ehf. og sveitarfélagsins. Voru ummælin látin falla í ljósi umræðu um vissar brotalamir í stjórnslu Kópavogsbæjar. F ehf. var í eigu dóttur og tengdasonar fyrirverandi bæjarstjóra í Kópavogi en fyrirtækið hafði, á árunum á undan, tekið að sér margvísleg verkefni fyrir Kópavogsbæ. Laut umfjöllunin meðal annars að því að F ehf. hefði fengið greitt fyrir óklárað verk. Töldu F ehf. og forsvarsmenn þess að verið væri að saka þau um óheiðarleg vinnubrögð og kröfðust ómerkingar ýmissa ummæla. Hæstiréttur tók fram að umfjöllun um ætlaðar misfellur í stjórnslu Kópavogsbæjar varðaði opinber málefni og ætti þar með fullt erindi til almennings. Í forsendum Hæstaréttar kom meðal annars fram:

Stefndu voru kjörnir bæjarfulltrúar í Kópavogi og höfðu sem slíkir sérstakt aðhalds- og eftirlitshlutverk. Eru sterk þjóðfélagsleg rök til þess að svigrúm þeirra til að rækja það hlutverk verði ekki takmarkað umfram það sem brýnir lögvarðir hagsmunir annarra krefjast. Í opinberri umfjöllun um stjórnsluframkvæmd Kópavogsbæjar er laut að viðskiptum bæjarins við Frjálsa miðlun ehf. var óhjákvæmilegt að í umræðum um ónógt aðhald og eftirlit af hálfu bæjarins með þeim viðskiptum væri í einhverjum mæli fjallað um félagið og reikningsgerð af þess hálfu. Áfrýjandinn Frjáls miðlun ehf. hafði um árabíl átt verulegan hluta viðskipta sinna við Kópavogsbæ. Félagið varð því að þola slíka umfjöllun og gagnrýni henni tengda að vissu marki og verður að setja því þröng mörk að tjáningarfrelsi stefndu verði við þessar aðstæður takmarkað með tilliti til hagsmuna áfrýjenda, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 16. febrúar 1995 í máli nr. 122/1992, sem birtur er á bls. 408 í dómasafni þess árs.

Voru bæjarfulltrúarnir sýknaðir.

Í þessu samhengi má einnig nefna fyrirnefndan *Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008)*, þar sem ómerkingu ummæla var hafnað þar sem þau voru talin eiga erindi í almenna stjórnsmálaumræðu.

Í *Hérd. Rvk. 13. október 2011 (E-6524/2010)* var til umfjöllunar meiðyrðamál vegna nágrannadeilna í Garðabæ 2010. Í DV voru nöfn þeirra aðila sem hlut áttu að máli birt ásamt því að heimilisföng þeirra voru gefin upp og myndir af húsum þeirra birtar. Í þessu máli krafðist stefnandi ómerkingu nánar tilgreindra ummæla sem meðal annars lutu að gömlum refsidómi sem hún hafði hlotið. Einnig var tekið fram í umfjölluninni að stefnandi og maður hennar ættu sér langa sögu ákærumála. Í fréttunum voru birtar myndir af húsi hjónanna og bifreið þeirra. Í málalíbúnaði stefnda mótmælti hún meðal annars að verið væri að rifja upp þennan gamla refsidóm sem hún hafði hlotið ásamt réttarsátt sem hún hafði gengist undir.

Taldi hún „þennan gamla fortíðardraug“ ekki eiga erindi við almenning í dag. Tók dómurinn fram:

Það er einkar ósmekklegt af stefnda að vísa til dóms er stefnandi hlaut árið 1989 vegna atburða er áttu sér stað tveimur árum áður. Í tilviki stefnanda á dómurinn ekkert erindi við almenning í dag, né er hann innlegg í umfjöllun um stefnanda, nema þá til að sverta orðspor hennar. Stefndi hafði nefndan dóm undir höndum eins og fram kemur í DV föstudaginn 17. september 2010 (bls. 16). Þrátt fyrir það er hallað réttu máli og ásýnd stefnanda gerð verri en hún í raun var.

Í niðurstöðunum sagði einnig:

Ágreiningslaust er að stefnandi var dæmd í 15 daga skilorðsbundið fangelsi með dómi sakadóms Reykjavíkur árið 1989 og er það eini refsíðadómurinn sem stefnandi hefur hlotið. Árið 1978 undirgekkst stefnandi réttarsátt í sakadómi Reykjavíkur og samþykkti að greiða 30.000 króna sekt til ríkissjóðs vegna brots á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Hér er um 32 ára og 23 ára gömul mál að ræða sem ósmekklegt er að draga inn í umfjöllun málsins um stefnanda. Stefnandi er með hreint sakarvottorð og ekki liggur fyrir að hún hafi verið kærð til lögreglu, sbr. umfjöllun hér að framan. Því er ósannað að nefnd ummæli eigi við rök að styðjast gagnvart stefnanda. Verður því fallist á kröfu stefnanda um ómerkingu þeirra með vísan til 241. gr. sbr. 235. gr. alm. hgl.

Í *Hrd. 19. mars 2009 (448/2008)* var um að ræða meiðyrðamál sem F, sem ítrekað hafði verið dæmdur fyrir fíkniefnamisferli, höfðaði gegn tveimur blaðamönnum vegna greinar um að hann hefði haft vörslur fíkniefna og selt þau og verið umsvifamikill í þeirri sölu. Birtust ummælin í dagblaðinu *Blaðinu*. Krafðist F ómerkingu ummælanna, miskabóta ásamt fjárhæðar til að standa straum af birtingu dómsins í dagblöðum. Taldi Hæstiréttur að ummælin sneru öll að atvikum sem gerst höfðu fyrir um áratug og vísað var til mannsins í þátíð. Taldi rétturinn ekki unnt að fallast á að ummælin hefði verið uppspuni eða án tilefnis þar sem F hafði ítrekað verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni. Af þeim sökum yrðu ummælin ekki til þess fallin að sverta ímynd hans þar sem hann hafði skapað sér þessa ímynd sjálfur. Hafi blaðgreinarnar aðallega fjallað um starfsaðferðir lögreglunnar og var F nefndur í dæmaskyni þar. Hafi sú umræða verið þáttur í almennri þjóðfélagsumræðu og því átt erindi til almennings. Var kröfum F því hafnað.

Ljóst er af ofangreindum dómum að dómstólar þurfa að meta í hverju máli hvort þyngra vægi þyngra, tjáningarfrelsi og nauðsyn opinberrar umræðu eða friðhelgi einkalífs. Ef um er að ræða frásögn eða umfjöllun sem nauðsynlegt þykir að sé höfð á yfirborðinu verður friðhelgi einkalífs takmörkuð að því leyti. Á hinn bóginn ef um er að ræða málefni sem ekkert erindi eiga til almennings og þjóðfélagsumræða getur vel verið án, verður tjáningarfrelsið takmarkað, svo fremi sem gengið er inn á friðhelgi einkalífs.

Þegar um er að ræða nafn- og myndbirtingar í fjölmiðlum af grunuðum, ákærðum eða dæmdum mönnum er víst að sambærilegt mat þarf að fara fram. Ef um er að ræða grunaðan afbrotamann sem áður hefur hlotið traust almennings, svo sem með kosningu á Alþingi, eða í önnur trúnaðarstörf má spyrja hvort slíkt eigi ekki heima í almennri þjóðfélagsumræðu. Þar er

um að ræða einstakling sem sjálfur hefur komið sér í opinbera stöðu. Hins vegar verður alltaf að hafa hliðsjón af meginreglu 2. mgr. 70. gr. stjkskr. um að hver maður telst saklaus uns sekt hans sé sönnuð sem vikið verður að í kafla 3.7.3. Ef um er að ræða einstakling sem ekki telst opinber persóna hlýtur matið að verða erfiðara.

3.5 Rýmkað tjáningarfrelsi – almannapersónur

3.5.1 Inngangur

Að framan hefur verið fjallað um mikilvægi þjóðfélagslegrar umæðu í tengslum við ákvæði um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs. Hefur almennt verið talið að ef umfjöllun á heima í almennri þjóðfélagsumræðu gangi tjáningarfrelsi framur friðhelgi einkalífs, jafnvel þó svo að gengið sé nærri friðhelgi einkalífs manns. Á sumum sviðum og í tengslum við umfjöllun um ákveðna einstaklinga hefur fjölmiðlum verið játað rýmkað tjáningarfrelsi. Á þetta við um svokallaðar almannapersónur.¹¹² Er þá átt við aðila sem af einhverjum sökum koma oft fyrir í fjölmiðlum en aðrir, og eiga það oft sameiginlegt að koma sér þangað sjálfir með einhverri háttsemi, þó það sé ekki algilt. eru slíkir aðilar oft á tíðum tengdir hinni þjóðfélagslegu umræðu.

Almannapersónur eru persónur eða aðilar sem eru alkunnir eða afar áberandi í þjóðfélaginu.¹¹³ Sem dæmi um almannapersónur má nefna stjórnálamann, embættismenn, þekktu viðskiptajöfra, fjölmiðlamann, íþróttamann eða listamann.¹¹⁴ Fjallað er um almannapersónur í ályktun þings Evrópuráðsins nr. 1165/1998. Kemur þar fram í 7. gr.:

Public figures are persons holding public office and/or using public resources and, more broadly speaking, all those who play a role in public life, whether in politics, the economy, the arts, the social sphere, sport or in any other domain.¹¹⁵

Hægt er að skipta almannapersónum í þrjá flokka.¹¹⁶ Í fyrsta lagi sá sem kemur sér sjálfur í þá aðstöðu með starfi sínu að teljast til almannapersónu til dæmis stjórnálamaður, í öðru lagi getur maður komið sér í slíka aðstöðu vegna hæfileika sinna eða lista og í þriðja lagi getur maður lent í því fyrir einskæra tilviljun þ.e. verið frægur fyrir það eitt að vera til.¹¹⁷ Réttarstaða þessara hópa er ekki sú sama þegar kemur að vernd friðhelgis einkalífs.

¹¹² E. public figures.

¹¹³ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 119.

¹¹⁴ „Fjölmiðlum ber að haga umfjöllun í samræmi við lög um persónuvernd“, <http://www.mbl.is>.

¹¹⁵ Sbr. Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 109.

¹¹⁶ Sbr. Páll Sigurðsson: „Nærgöngul myndbirting af almannapersónum – er einkalífsverndin að styrkjast á kostnað tjáningarfrelsisins?“, bls. 17.

¹¹⁷ Páll Sigurðsson: „Nærgöngul myndbirting af almannapersónum – er einkalífsverndin að styrkjast á kostnað tjáningarfrelsisins?“, bls. 17.

3.5.2 *Almannapersóna vegna stöðu sinnar*

Fyrst ber að nefna þann sem er almannapersóna að eigin vali. Er það sá sem með skipulögðum hætti vekur athygli á persónu sinni. Sem dæmi um slíka persónu má nefna stjórnámamann sem heldur úti ötulli kosningabaráttu.¹¹⁸ Líkt og áður hefur komið fram hefur MDE ítrekað staðfest mikilvægi frjálsrar þjóðfélagssumræðu og að mikið þurfi að koma til svo takmarka megji tjáningarfrelsi þegar um ræðir upplýsingar sem erindi eiga til almennings. Aðilar, sem, sem gegna slíkum trúnaðarstörfum í þjóðfélaginu, líkt og stjórnámamenn verða að þola ítarlegri fjölmiðlaumfjöllun en hinn almenni sem sviðsljósið beinist ekki að. Slík umfjöllun getur lotið að persónulegum málefnum skipti þau máli við rækslu embættis eða starfs. Í þessu samhengi getur verið mikilvægt að viðkomandi er gegnir slíku trúnaðarstarfi sé ekki óreglumaður í fjármálum eða í lífinu almennt og þar af leiðandi með verri dómgreind en ella.¹¹⁹ Sömu sjónarmið geta átt við um aðra sem hafa komið sér á framfæri í almennri þjóðfélagssumræðu, t.d. menn sem hafa verið áberandi í viðskiptalífinu eða með öðrum hætti látið til sín taka á opinberum vettvangi.¹²⁰ Með þessum hætti veitir nærgöngul fjölmiðlaumfjöllun mikilvægt aðhald fyrir skattborgara.¹²¹ Slíkt aðhald yrði að öllum líkindum ekki veitt með öðrum hætti en mörkin verða að vera skýr. Ekki má líðast að samfélagið gefi út „veiðileyfi“ á þjóðþekktu einstaklinga. Allir hafa sína persónulegu grundvallarvernd, mannhelgi.¹²² Yfirleitt þykir ekki ástæða til að almenningur fái vitneskju um hjónaskilnaði, tómsundaiðju eða mataræði þeirra almannapersóna sem hér um ræðir. Börn þeirra skulu einnig njóta friðhelgis einkalífs líkt og almennir borgarar.¹²³

Íslenskir blaðamenn teljast vart stunda rannsóknarblaðamennsku, að minnsta kosti ekki að miklu marki. Eitt mál vakti þó mikla athygli hér á landi upp úr aldamótunum 2000. Um var að ræða umfjöllun DV um málefni þingmanns og formanns bygginganefndar Þjóðleikhússins. Þann 13. júlí 2001 birtist frétt í DV undir fyrirsögninni „Starfsmaður Byko klagði þingmann.“ Hafði Á, þáverandi formaður bygginganefndar Þjóðleikhússins, tekið út efni og vörur úr Byko og skráð til sendingar á Þjóðleikhúsið. Breytti hann síðan merkingu sendingarinnar og voru vörurnar sendar á heimili hans í Vestmannaeyjum. Aðspurður sagði Á upphaflega að um „klaufaleg mistök“ væri að ræða. Síðar kom í ljós að Á hafði tekið út

¹¹⁸ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 120.

¹¹⁹ Sigríður Rut Júlíusdóttir: „Mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í umfjöllun um opinberar persónur“, bls. 122.

¹²⁰ Sbr. umfjöllun í *Hérd. Reykn. 22. mars 2011 (E-1088/2010)*, sem fjallað verður um síðar og *Hérd. Rvk. 22. september 2011 (E-7299/2010)*.

¹²¹ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 120.

¹²² Páll Sigurðsson: „Nærgöngul myndbirting af almannapersónum – er einkalífsverndin að styrkjast á kostnað tjáningarfrelsisins?“, bls. 19.

¹²³ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 121.

vörur á fleiri stöðum í nafni Þjóðleikhússins, svo sem kantsteina hjá BM-Vallá. Fór það loks svo að Á sagði af sér þingmennsku og sakarannsókn hófst. Í *Hrd.* 2003, bls. 435 (393/2002) var Á sakfelldur fyrir umboðssvik í opinberu starfi, fjárdrátt, mútupægni og rangar skýrslur til yfirvalda. Hlaut hann tveggja ára fangelsi.

Mál þetta sýnir mátt fjölmiðla á skýran hátt. Þótt rannsóknarblaðamennska sé ekki upp á marga fiska hér á landi er þetta mál blaðamönnum til fyrirmyndar. Þeir rannsökuðu málið af mikill elju og niðurstaðan leiddi til rannsóknar lögreglu, saksóknar og sakfellingar. Fjallað er á greinargóðan hátt um almannapersónu og ætluð afbrot hennar í tengslum við opinbert starf hennar. Hér á við líkt og MDE hefur margoft að stjórnámálamenn og þeir er gegna opinberum störfum verði að þola nærgöngula umfjöllun um starf sitt og að einhverju leyti um persónu sína, svo lengi sem umfjöllun á heima í almennri þjóðfélagsumræðu. Ef ekki hefði verið um að ræða jafnþjóðþekktan mann sem auk þess gegndi opinberri stöðu, má telja ólíklegt að svo viðamikil umfjöllun hefði ratað í fjölmiðla. Að minnsta kosti ekki áður en ákæra var gefin.

3.5.3 Aðrar almannapersónur

Leikarar og tónlistarmenn eru annað dæmi um almannapersónur samkvæmt eigin vali. Slíkir skemmtikraftar gegna ekki trúnaðarstörfum fyrir þjóðfélagið þar sem hjálp fjölmiðla við að tryggja aðhald er nauðsynleg. Þeir hafa í flestum tilvikum komið sér sjálfir á framfæri með list sinni eða öðrum hæfileikum.¹²⁴ Persónulegir hagir þessara almannapersóna hafa yfirleitt ekki erindi inn á borð almennings,¹²⁵ þótt almenningur sé oft á tíðum forvitinn þar um, en ekki er hægt að ganga svo langt að segja að fjölmiðlar láti einkamálefni fólks í skemmtanaiðnaðinum í friði. Slíkar persónur eiga líklega ekki sömu vernd á öllum sviðum og við getur átt um hinn almenna borgara enda viðkomandi í sjálfsvald sett að hafa sig í frammi. Leikari eða tónlistarmaður getur einnig haft verulegan fjárhagslegan ávinning af því að vera í sviðsljósi fjölmiðlanna.¹²⁶ Í slíku sviðsljósi getur hann átt allan sinn starfsframa og lífsviðurværi.¹²⁷ Að sama skapi geta listamenn haft ýmis samfélagsleg völd og geta listir notið verndar með vísan til lýðræðislegrar umræðu, sbr. *MDE, Müller gegn Sviss, 24. maí 1988 (10737/84)*.¹²⁸

Í *Hrd.* 1. mars 2007 (278/2006) voru málavextir þeir að tónlistarmaðurinn Á var myndaður í bifreið sinni með vindling í munnvikinu og birtist myndin á forsíðu tímarits með fyrirsögninni „Bubbi fallinn.“ Á hafði ítrekað komið fram í fjölmiðlum við starf sitt sem

¹²⁴ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 121.

¹²⁵ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 121.

¹²⁶ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 121.

¹²⁷ Sigríður Rut Júlíusdóttir: „Mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í umfjöllun um opinberar persónur“, bls. 124.

¹²⁸ Eiríkur Jónsson: „Hinn kennilegi grundvöllur 73. gr. stjórnarskrárinnar“, bls. 132.

tónlistarmaður ásamt því að leggja nafn sitt við vímuefna- og tóbaksforvarnir. Kröfur Á í málinu voru á þá leið að fyrirsögnin yrði dæmd dauð og ómerk ásamt því að honum yrðu dæmdar miskabætur. Í dómi Hæstaréttar kom fram að ekki væri hægt að skilja forsíðufyrirsögnina á annan hátt en að fullyrt væri að Á væri byrjaður að neyta vímuefna enda þekkti þorri þjóðarinnar til vímuefnaneyslu hans á fyrri árum. Taldi rétturinn að fullyrðingin fæli í sér ærumeiðandi aðdróttun eins og hún var sett fram og voru ummælin dæmd dauð og ómerk á grundvelli 241. gr. hgl. Samhljóða ummæli í greininni sjálfri voru hins vegar ekki dæmd dauð og ómerk þar sem þau voru sett í samhengi við texta sem fjallaði um að Á hefði hafið reykingar á ný. Var fyrirsögnin talin brjóta gegn ákvæði 235. gr. hgl. þar sem hún var röng og var talin fela í sér aðdróttun. Einnig var um brot gegn 1. og 2. mgr. 236. gr. hgl. þar sem aðdróttunin var höfð uppi gegn betri vitund og dreift opinberlega. Varðandi myndbirtinguna tók Hæstiréttur fram að myndirnar af Á hefðu verið teknar af honum í bíl þegar hann staðnæmdest á rauðu ljósi. Hann hafði ekki vitneskju um myndatökuna og gaf ekki samþykki sitt fyrir henni. Þegar metnar væru þær skorður sem friðhelgi einkalífs setti tjáningarfrelsinu var talið skipta grundvallarmáli hvort hið birta efni, myndir eða texti, gæti talist þáttur í almennri þjóðfélagssumræðu og ætti þannig erindi til almennings. Að mati Hæstaréttar var sú ekki raunin með myndbirtingunni. Vísað var til þess að hann hefði verið á ferð um Reykjavík á bifreið sinni þegar umræddar myndir voru teknar og hefði hann við þær aðstæður með réttu mátt vænta þess að friðhelgi einkalífs síns yrði virt. Voru honum dæmdar miskabætur á grundvelli 26. gr. skbl.

Dómur þessi vekur upp ýmsar spurningar. Í fyrsta lagi fullyrðir Hæstiréttur að fyrirsögnin sé villandi og dæmir hana sem aðdróttun. Ljóst er að umrædd fyrirsögn getur talist villandi en er ekki of langt gengið að dæma hana sem aðdróttun? Varla verður fyrirsögnin talin ósönn þar sem Á var byrjaður aftur að reykja. Í öðru lagi er ljóst að myndbirtingin taldist brot gegn friðhelgi Á. Hann er opinber persóna sem margoft hefur komið fram í fjölmiðlum og hefur ferill hans sem tónlistarmaður notið góðs af. Má því spyrja hvort friðhelgi einkalífs slíkra almannaþersóna nái til athafna þeirra á almannaþæri, eða aðeins til einkabíls þeirra. Ef staðan væri sú að um væri að ræða myndbirtingu í tengslum við afbrot almannaþersónu hlyti að teljast í lagi að mynd fylgi máli þar sem um er að ræða aðila sem sjálfur hefur valið að vera í sviðsljósinu.

Í *Hrd*, 24. nóvember 2011 (100/2011) var til úrlausnar mál sem knattspyrnumaðurinn E, höfðaði gegn blaðamanni DV ásamt ritstjórum þess vegna umfjöllunar um fjárhagsmálefni hans. Taldi hann það brot á friðhelgi einkalífs síns og krafðist þess að stefndu skyldu sæta refsingu skv. 229. gr. hgl., ásamt því að greiða sér miskabætur og kostnað vegna birtingar

dómsins. Dóminum þótti umfjöllun DV um lántökur E lýsa dæmigerðu ferli um afleiðingar útlánastefnu íslenskra viðskiptabanka og áhættusækni íslenskra fjárfesta sem kynni að hafa átt þátt í hruni íslenska efnahagslífsins árið 2008 við fall íslensku viðskiptabankanna þriggja og hefði því haft mikil áhrif á alla starfsemi í landinu og kjör almennings. Við þær aðstæður gæti skerðing á frelsi fjölmiðla til umfjöllunar um þessi fjárhagsmálefni E ekki talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Auk þessa tók Hæstiréttur fram í sambandi við umfjöllun um laun E frá tilteknu knattspyrnufélagi að E væri þjóðþekktur sem atvinnumaður í knattspyrnu og hefði ekki komið sér undan því að vera í sviðsljósi fjölmiðla sem slíkur. Launamál þekkra atvinnuknattspyrnumanna væru reglulega til umfjöllunar í fjölmiðlum og tengdust því starfi E. Umfjöllun blaðsins hefði að þessu leyti ekki talist brot á friðhelgi einkalífs E. Að lokum var ekki fallist á það að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs E með umfjöllun vefrits DV um spilafíkn hans. Áður hafði umfjöllun um það birst hjá öðrum fjölmiðlum ásamt því að E hafði sjálfur gert spilafíkn sína að umtalsefni í viðtölum. Voru ritstjórnarnir og blaðamaðurinn því sýknaðir af kröfum Eiðs.

Þarna fjölluðu fjölmiðlar um atriði sem almannapersónan er ekki þekkt fyrir, s.s. lántökur E í tengslum við fjárfestingar. Að mati Hæstaréttar er hins vegar talið eðlilegt að slíkt sé dregið inn í opinbera umræðu meðan það réttlættist af umræðu sem almennt á erindi til almennings, sbr. málefni sem tengdust íslenska efnahagshruninu.

3.5.4 Almannahpersóna fyrir tilvist sína eina

Andstætt því sem greinir hér að framan eru ýmsir sem öðlast frægð án fyrirhafnar. Raunhæft dæmi um slíkt er konungbórið fólk. Fólk er ekki í sjálfsvald sett í hvers konar aðstæður eða fjölkskyldu það fæðist. Þeir sem fæðast inn í konungsfjölskyldur fæðast sem þekktar persónur. Dána heitin prinsessa af Wales var lengi sú kona sem gríðarlega athygli vakti hvert sem hún fór og hvað sem hún gerði.¹²⁹ Hún var reyndar ekki fædd inn í konungsfjölskyldu en giftist Karli Bretaprins, erfingja bresku krúnunnar, árið 1981. Á meðan á hjónabandi þeirra stóð gegndi hún reyndar formlegum skyldum en þrátt fyrir endalok hjónabands þeirra minnkaði áhugi fjölmiðla á Díönu ekki. Þó síður væri. Lífi hennar lauk á sviplegan hátt árið 1997 þegar hún lenti í umferðarslysi í París þegar bíl hennar var ekið á ógnarhraða til að forðast ágenga blaðamenn og fréttaljósmyndara.¹³⁰ Í kjölfar þessa atburðar, árið 1997, varð mikil almenn umræða víða um lönd um fjölmiðla og réttarvernd almannahpersóna gagnvart þeim. Meiri vilji

¹²⁹ Páll Sigurðsson: „Nærgöngul myndbirting af almannahpersónum – er einkalífsverndin að styrkjast á kostnað tjáningarfrelsisins?“; bls. 15.

¹³⁰ Páll Sigurðsson: „Nærgöngul myndbirting af almannahpersónum – er einkalífsverndin að styrkjast á kostnað tjáningarfrelsisins?“; bls. 16.

virtist vera til að styrkja einkalífsvernd almannaþersóna gegn ágengri umfjöllun í fjölmiðlum.¹³¹

MDE, Von Hannover gegn Þýskalandi, 24. júní 2004 (59320/00) er af mörgum talinn marka viss vatnaskil í fjölmiðlarétti. Er dómurinn talinn fela í sér breytta stefnu varðandi vernd friðhelgis einkalífs almannaþersóna og þrengi frelsi fjölmiðla til að fjalla um þess háttar fólk og einkamálefni þess.¹³² Karólína prinsessa af Mónakó var nánast orðin almannaþersóna fyrir fæðingu sína. Hún er eldri dóttir Rainer III. fursta af Mónakó og kvikmyndaleikkonunnar Grace Kelly. Karólína giftist Ernst August, prins af Hannover og er því nú á dögum titluð prinsessa af Hannover. Hún er ríkiserfingi Mónakó en sinnir engum opinberum skyldum.¹³³

Frá árinu 1990 hafði Karólína reynt, fyrir þýskum dómstólum, að sporna gegn opinberri myndbirtingu í fjölmiðlum úr hennar einkalífi. Í þýskum blöðum höfðu meðal annars birst myndir af henni á hestbaki sem teknar höfðu verið á almannafæri. Þýskir dómstólar dæmdu að slíkar myndbirtingar brytu ekki gegn friðhelgi einkalífs hennar. Karólína skaut málinu til MDE. Dómstóllinn tók fram að möguleiki væri á að tilvik sem ættu sér stað á almannafæri gætu samt sem áður fallið undir friðhelgi einkalífs. Einnig fjallaði dómurinn um réttmætar væntingar, þ.e. að fólk ætti almennt ekki að vænta þess að einkalíf þeirra væri gert opinbert undir ákveðnum kringumstæðum. Augljóst væri að myndirnar væru úr einkalífi Karólínu. Taldi MDE einsýnt að ekki væri verið að kvarta undan aðgerðum ríkisins gegn friðhelgi einkalífs Karólínu, öllu heldur aðgerðarleysi þess. Ríkið hefði ekki gripið til viðeigandi ráðstafana til að vernda einkalíf prinsessunnar en ríkjum bæri að grípa til slíkra aðgerða. Dómstóllinn taldi ekki nógu skýrt kveðið á um þetta í lögum Þýskalands en fullyrti að ríki hefðu ákveðið svigrúm til að útfæra slíkar ráðstafanir í slíkum tilvikum.¹³⁴

Dómstóllinn lagði áherslu á að þrátt fyrir mikilvægi fjölmiðla í lýðræðisríkjum og hlutverk þeirra að miðla upplýsingum til almennings, sem erindi eiga til þeirra, yrðu þeir að halda sig innan við ákveðin mörk. Ekki mætti ganga of nærri réttindum annarra. Myndir þær sem birtust í fjölmiðlum væru iðulega teknar við áreiti ljósmyndara og einstaklingar upplifðu þar af leiðandi slíkar myndatökur sem árás á einkalíf sitt.¹³⁵ Gera yrði skýran greinarmun á

¹³¹ Páll Sigurðsson: „Nærgöngul myndbirting af almannaþersónum – er einkalífsverndin að styrkjast á kostnað tjáningarfrelsisins?“, bls. 16.

¹³² Páll Sigurðsson: „Nærgöngul myndbirting af almannaþersónum – er einkalífsverndin að styrkjast á kostnað tjáningarfrelsisins?“, bls. 29.

¹³³ Páll Sigurðsson: „Nærgöngul myndbirting af almannaþersónum – er einkalífsverndin að styrkjast á kostnað tjáningarfrelsisins?“, bls. 29-30.

¹³⁴ Sigríður Rut Júlíusdóttir: „Mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í umfjöllun um opinberar persónur“, bls. 135-136.

¹³⁵ Sigríður Rut Júlíusdóttir: „Mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í umfjöllun um opinberar persónur“, bls. 136.

nauðsyn þess að birta í fjölmiðlum það sem við kæmi opinberum embættismönnum og mögulega hjálpaði til við aðhald almennings og hins vegar að birta upplýsingar um einkalíf einstaklings sem ekki gegndi opinberum embættum eða hlutverkum. Lögð var áhersla á það að myndirnar af Karólínu ættu ekkert erindi til almennings sem innlegg í opinbera umræðu heldur sneru einungis að einkalífi hennar. Myndirnar hefðu verið teknar án samþykkis Karólínu og án hennar vitundar. Allir, jafnvel þeir sem væru mjög frægir, ættu réttmætar væntingar til verndar friðhelgi einkalífs síns. Mikilvægt væri að koma til móts við hinar auknu tækniframfarir nútímans sem auðveldað hefðu árásir á friðhelgi einkalífs manna og að á aðildarríkjum hvíldi því skylda til að draga skýrar línur í löggjöf sinni. Skýr skil skyldu vera á milli almennra borgara og þeirra sem teldust opinberar persónur og slíkar persónur þyrftu leiðbeiningar um hvenær þær teldust á almannafæri og þar af leiðandi leyfilegt „skotmark“ fyrir ljósmyndara fjölmiðla. Þar sem þetta var ekki talið nægilega skýrt í löggjöf Þýskalands var umfjöllunin um Karólínu talin hafa brotið gegn einkalífsvernd hennar.¹³⁶

Á Íslandi er engin konungsfjölskylda og má því halda því fram að ólíklegt sé að sambærileg staða verði uppi á teningnum hér á landi og uppi var á teningnum í máli Karólínu prinsessu. Þó er hægt að líta til fjölskyldna almannapersóna, t.d. stjórnámálanna eða forseta. Fjölskyldur eða börn þeirra hafa yfirleitt lítið um frægð tiltekins fjölskyldumeðlims að segja en geta þó vissulega notið góðs af. Hefur það verið álitid að börn og fjölskyldumeðlimir almannapersóna skuli njóta alveg sömu réttarstöðu um einkalífsvernd sína og áskilin er almennum borgurum.¹³⁷ Í *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009)* var um að ræða meiðyrðamál er H, eiginkona G, höfðaði á hendur tilteknum aðilum vegna ummæla er birtust í DV. G var forstöðumaður meðferðarheimilisins B og hafði verið grunaður um kynferðisbrot gegn skjólstaðingum sínum. Krafðist hún ómerkingar fjórtán ummæla ásamt miskabótum. Blaðgreinin varðaði rannsókn á málefnum eiginmanns hennar en hann var sakfelldur með *Hrd. 4. desember 2008 (334/2008)* fyrir að hafa ítrekað haft kynferðismök við konur, sem á þeim tíma voru vistmenn í B. Hluti einna ummæla af þeim fjórtán sem krafa H laut að var ómerktur. Önnur ummæli voru ekki talin fela í sér brot. Við ákvörðun á upphæð miskabóta tók Hæstiréttur fram:

Í ummælunum fólst gróf aðdróttun að aðaláfrýjanda um refsiverðan verknað. Ummælin birtust með áberandi hætti í víðlesnu blaði og voru þau fallin til að hafa áhrif á æru og starfsheiður aðaláfrýjanda. Á hinn bóginn verður ekki lítið fram hjá þeim áhrifum sem fyrrnefnt refsímál og umræða um það hljóta þegar að hafa haft í þeim efnum.

¹³⁶ Sigríður Rut Júlíusdóttir: „Mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í umfjöllun um opinberar persónur“, bls. 136.

¹³⁷ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 121.

Hæstiréttur vék ekki sérstaklega að stöðu H sem eiginkonu almannaþersónu. Mál G vakti gríðarlega athygli í þjóðfélaginu á þeim tíma sem rannsókn þess stóð sem hæst. H var til rannsóknar hjá lögreglu vegna málsins en var ekki ákærð. Meðferð máls G fyrir dómstólum varð til þess að sum ummælin í meiðyrðamáli þessu voru talin sönnuð og því vítalaus. Þrátt fyrir að mál þeirra hjóna hafi vissulega verið hluti af almennri þjóðfélagsumræðu, og maður hennar sérstaklega vegna stöðu sinnar, taldi rétturinn að hún þyrfti ekki að þola að ákveðnum ummælum yrði beint gegn henni. Við ákvörðun fjárhæðar miskabóta leit Hæstiréttur þó til þeirrar umræðu sem fram hefði farið um málið og áhrif hennar á æru og starfsheiður Helgu.¹³⁸

3.5.5 Ályktanir varðandi almannaþersónur

Ef um er að ræða stjórnámalann eða annan opinberan starfsmann sem framið hefur afbrot sem á einhvern hátt geta haft áhrif á starf hans hlýtur að teljast í lagi að fjalla um það opinberlega og einnig birta mynd af viðkomandi svo kjósendur geti þekkt, sbr. mál þingmannsins Á og mörg fordæmi MDE um mikilvægi stjórnálaumræðu í lýðræðisþjóðfélagi.

Ef um annars konar almannaþersónur er að ræða gæti staðan orðið önnur þó svo að það sé ekki fullvíst. Þá erum við með þersónu sem hefur fjárhagslegan ávinning af því að koma sér á framfæri. Hann hefur valið þá leið sjálfur að vera þjóðþekktur ýmist vegna listar sinnar eða annars konar hæfileika. Spurningin lýtur að því hvort almenningur geti átt rétt til þess að fá upplýsingar á sama tíma og skylda hvílir á stjórnvöldum að tryggja upplýsingaflæðið. Eitt sjónarmið er staða slíkra einstaklinga sem fyrirmynda annarra. Ef um er að ræða íþróttamann eða einhvers konar afreksmann sem gerist síðar sekur um afbrot sem rýrt getur hann að álitu í augum almennings hlýtur hinn almenni borgari að eiga rétt á að vita um það á sama hátt og hann fær vitneskju um atriði sem eru hinum fræga til álitisauka. Hins vegar verður ávallt að hafa í huga reglu 2. mgr. 70. gr. stjkskr. um sakleysi manns uns sekt er sönnuð. Ef slík umfjöllun á sér stað áður en viðkomandi er fundinn sekur verður hún honum líklega til álitshnekkis, jafnvel án þess að fótur sé fyrir henni. Þetta verður því ávallt að skoða og varhugavert að fjalla um slík mál áður en þau koma til kasta dómstóla. Í slíkum málum, og ef um þjóðþekktan einstakling er að ræða, gæti bein nafnbirting verið óþörf ef lýsingar í fjölmiðlum eru á þá leið að auðveldlega er hægt að finna út hvaða frægi einstaklingur býr að

¹³⁸ Kærendur eða þolendur afbrota, sem ekki teljast almannaþersónur eiga ekki að þurfa að sæta umfjöllun fjölmiðla um þersónuleg málefni sín, sbr. *Hrd.* 2002, bls. 1212 (306/2001). Þar var lögmaðurinn J dæmdur til greiðslu miskabóta til X. X hafði kært föður sinn fyrir kynferðisbrot en hann var sýknaður af því. J var lögmaður föðursins. Lét hann ýmis ummæli falla um X, m.a. í fjölmiðlum. Talið var að X hefði á engan hátt gefið J réttmætt tilefni til þess að vega að þersónu sinni eða æru. Verður fjallað um þetta í kafla 6.2 og tekið nýlegt raunverulegt dæmi þar sem þetta á við.

baki.¹³⁹

Þegar um er að ræða almannapersónu sem ekkert hefur gert til að „verðskulda“ frægð sína getur staðan verið önnur. Ef viðkomandi tilheyrir konungsfjölskyldu getur verið að því fylgi opinberar skyldur líkt og á við um stjórnámamann í lýðræðisríki. Má því leiða að því líkur að sams konar reglur gildi um slíkan einstakling þar sem um er að ræða aðila sem starfar í þágu almennings og þar af leiðandi hlýtur almenningur að eiga rétt á vitneskju um það ef hann verður uppvís að einhverju misjöfnu. Þetta á þó aðeins við um nafn- og myndbirtingar í tengslum við eitthvað saknæmt. Sumar slíkar persónur hafa þó engum opinberum skyldum að gegna. Þær hafa aðeins komist í þá aðstöðu fyrir tilviljun, mögulega vegna stöðu foreldra sinna, að verða frægir einstaklingar. Hlýtur því að teljast heldur óeðlilegt ef slíkar almannapersónur eru dregnar inn í sviðsljósið sérstaklega, vegna einhvers ákveðins afbrots, frekar en almennir borgarar. Líkt og staðfest var í Von Hannover dóminum eiga slíkar almannapersónur, sem í raun eru ofurfrægar, rétt til þess að einkalíf þeirra sé virt á þeim stöðum þar sem þeir eiga réttmætar væntingar til. Hægt er að færa viss rök fyrir því að slíkir aðilar séu þó ekki í sambærilegri stöðu við almenna borgara að því leyti til að þeir lifa oft við góð efni á kostnað skattborgara.

3.6 Álitaeftni um góða trú

3.6.1 Inngangur

Að framan hefur reglum stjórnskipunarréttar um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs verið lýst ásamt því jafnvægi sem finna þarf á milli þessara tveggja mannréttinda þegar ætluð brot koma til kasta dómstóla. Að sama skapi hefur verið horft til almannapersóna en staða þeirra sem slík hefur vissulega þýðingu við mat á því hvort of nærri hefur verið gengið friðhelgi einkalífs þeirra. Falla þær undir svokallað rýmkað tjáningarfrelsi. Annað, sem þýðingu getur haft þegar fundið er jafnvægi milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs er huglæg afstaða fjölmiðlamanns. Í þeim málum er varða jafnvægi milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs, einkum meiðyrðamálum, hefur sú vörn rutt sér til rúms að ef ummæli eru sett fram í góðri trú geti þau talist réttlætanager. Er því þá haldið fram að ummæli hafi ekki verið sett fram af illum hug.¹⁴⁰ MDE horfir mjög til þessa sjónarmiðs þegar um er að ræða meiðyrðamál en dómstóllinn notast oft við þetta heiti, „góð trú“ (e. good faith), þegar hann metur háttsemi og huglæga afstöðu aðila.¹⁴¹ Í eftirfarandi umfjöllun er að finna nokkra dóma MDE þar sem því

¹³⁹ Sbr. „Þekktur íslenskur poppari flæktur í stórt kókaínsmygl“, <http://www.dv.is>

¹⁴⁰ Sbr. Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 56.

¹⁴¹ Sbr. Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 58.

hefur verið slegið föstu að meðan ummæli eru sett fram í góðri trú, þrátt fyrir að erfitt reynist að færa sönnur á þau, sé ekki tilefni til skerðingar tjáningarfrelsis. Einnig verður tekið til athugunar hvort þetta sjónarmið sé einnig að finna í íslenskum rétti.

3.6.2 Dómar MDE er varða góða trú

MDE hefur í mörgum málum slegið föstu mikilvægi þess að blaðamenn starfi í góðri trú til að tryggja að upplýsingar séu nákvæmar og traustar og í samræmi við siðareglur blaðamanna.¹⁴²

Í *MDE, Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörku, 17. desember 2004 (49017/99)* kom meðal annars fram það mat dómstólsins að við því væri að búast af blaðamönnum að þeir ynnu í góðri trú og byggðu á traustum staðreyndum.¹⁴³ Málið varðaði tvo sjónvarpsfréttamenn sem höfðu til umfjöllunar rannsókn gamals morðmáls sem átti sér stað í Danmörku. Í sjónvarpsþættinum ræddu þeir við aðila sem verið höfðu vitni í málinu. Sjónvarpsmennirnir gagnrýndu verulega rannsókn málsins. Héldu þeir fram að atriði í viðtalinu væru gildisdómar sem ekki væri hægt að leggja á þá að sanna. Danska ríkið hélt því fram að sjónvarpsmennirnir hefðu farið út fyrir það sem kalla mætti gildisdóma. Í 78. efnisgrein tók dómurinn m.a. fram:

The Court observes in this connection that protection of the right of journalists to impart information on issues of general interest requires that they should act in good faith and on an accurate factual basis and provide “reliable and precise” information in accordance with the ethics of journalism.

MDE taldi að ekki hefði verið um brot gegn 10. gr. MSE að ræða. Það er athyglisvert að horfa í tilvitnuð sjónarmið réttarins. Af þeim má leiða að þegar blaðamenn fjalla um málefni sem eiga erindi til almennings hvílir á þeim skylda til þess að hafa traustar heimildir þannig að umfjöllun þeirra sé sett fram í góðri trú og í samræmi við siðareglur blaðamanna.

Í *MDE, Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi, 20. maí 1999 (21980/93)*, var um að ræða meiðyrðamál vegna ummæla sem komu fram í viðtali við dagblað. Viðtalið varðaði selaveiðar. Ljóst var að dagblaðið hafði byggt umfjöllun sína á opinberri skýrslu. Í dóminum kom fram að þegar um væri að ræða málefni í sem ættu heima í þjóðfélagsmálefnum, hefði dagblaðið mátt reiða sig á hina opinberu skýrslu án þess að framkvæma sjálfstæða athugun á nákvæmni þeirra staðreynda er þar komu fram. Taldi rétturinn því enga ástæðu til þess að efast um að blaðið hefði unnið að umfjölluninni í góðri trú.¹⁴⁴

¹⁴² Harris, O’ Boyle og Warbrick: *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 496.

¹⁴³ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 376.

¹⁴⁴ Sjá einnig: *MDE, Tønsberg Blad AS og Haukom gegn Noregi, 1. mars 2007 (510/04)*. Um var að ræða umfjöllun dagblaðs um opinberan lista, sem hafði verið útbúinn fyrir fasteignareigendur, sem grunaðir voru um að uppfylla ekki skilyrði reglna um búsetuskyldu í húsum á ákveðnu svæði. Þekktur viðskiptamaður var á listanum, en var síðar fjarlægður af honum og fjallaði dagblaðið um það með þeim ummælum sem urðu kveikjan að málinu. Hæstiréttur Noregs taldi ummæli ærumeiðandi og ómerkti þau. MDE komst hins vegar að þeirri

Í *MDE, White gegn Svíþjóð, 19. desember 2006 (42435/03)* var um að ræða blaðaumfjöllun þar sem fullyrt var að White hefði gerst sekur um morðið á forsætisráðherra Svíþjóðar tíu árum áður. Fyrir sænskum dómstólum voru blaðamennirnir sýknaðir í meiðyrðamáli gegn þeim vegna ummællanna. Voru ummæli þeirra talin eiga sér stoð í staðreyndum og hefðu átt erindi til almennings. White taldi að um brot á 8. gr. MSE hefði verið að ræða þar sem sænska ríkinu hefði mistekist að vernda nafn hans og orðspor. Hann kvartaði því ekki undan aðgerðum af hálfu ríkisins heldur skort á vernd af hálfu þess. MDE féllst ekki á það heldur tók fram að undir ákveðnum kringumstæðum ættu blaðamenn að vera lausir undan þeirri skyldu að sanna réttmæti staðhæfinga. Dómstóllinn tók fram:

Turning to the facts of the present case, the Court first notes that the Court of Appeal found that the information published in *Aftonbladet* and *Expressen*, as such, constituted defamation of the applicant. It is thus important whether the journalists of the two newspapers may be considered to have acted in good faith and complied with the ordinary journalistic obligation to verify factual allegations and, in assessing the responsibility of the Swedish State, whether the courts made a reasonable and sufficient examination in this respect.

Dómstóllinn þurfti að kanna hvort blaðamennirnir hefðu verið í góðri trú í umfjöllun sinni. Tók dómstóllinn þá m.a. til skoðunar að blaðamennirnir höfðu fengið trúverðugar upplýsingar ásamt því að þeir hefðu reynt að ganga úr skugga um trúverðugleika ummællanna. Auk þess hefðu blaðamennirnir gefið White tækifæri til þess að svara fyrir sig. Með þetta að leiðarljósi var það álit MDE að ummælin hefðu verið viðhöfð í góðri trú. Þar sem hið óupplýsta morð á forsætisráðherra Svíþjóðar var málefni sem erindi ætti í opinber umræðu og varðaði almenning yrði White að þola umfjöllunina jafnvel þó að í henni fælust alvarlegar aðdróttanir í hans garð. Var því ekki talið að of nærri væri gengið friðhelgi einkalífs hans.¹⁴⁵

Í *MDE, Flux gegn Moldavíu, 29. október 2008 (22824/04)*, var um að ræða fullyrðingar í blaðagrein um að ákveðinn skólastjóri hefði tekið við peningagreiðslum fyrir að innrita nemendur í skólann.¹⁴⁶ Blaðgreinin byggði ekki á rannsókn af hálfu dagblaðsins heldur á nafnlausu bréfi sem blaðinu hafði áskotnast frá foreldrum nemenda. Hafði skólastjórinn m.a. krafist þess að fá að koma svarbréfi sínu á framfæri í blaðinu en verið hafnað. Bar skólastjórinn m.a. fyrir sig að slíkt væri andstætt góðum blaðamannsháttum. MDE þurfti að meta hvort blaðamennirnir hefðu unnið greinina í samræmi við góða trú. Tók dómurinn m.a. fram að þrátt fyrir hinar alvarlegu ásakanir á hendur skólastjóranum í hinu nafnlausa bréfi hefðu blaðamennirnir ekki haft samband við hann til þess að fá hans sýn á málið. Ákvæði 10.

niðurstöðu að blaðamennirnir hefðu sett fram ummæli sín í góðri trú en þeir höfðu aðallega unnið frétt sína upp úr opinberum gögnum. Var því um brot á 10. gr. að ræða.

¹⁴⁵ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 61.

¹⁴⁶ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 63 (neðanmálgrein).

gr. MSE fæli í sér skyldur sem samanstæðu m.a. af því að blaðamenn hefðu traustar heimildir fyrir umfjöllun sinni og settu hana fram í góðri trú. Þar sem greinin var eingöngu byggð á upplýsingum úr nafnlausu bréfi taldi dómurinn að ummælin hefðu ekki verið viðhöfð í góðri trú.

Stóra spurningin í þessu samhengi lýtur að því í hvaða mæli fjölmiðill þarf, í samræmi við siðareglur sínar, að framkvæma sjálfstæða rannsókn til þess að tryggja nákvæmni og sannindi þeirra upplýsinga sem hann setur fram.¹⁴⁷ *MDE Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi* gefur vísbendingu í þá átt að mikil sjálfstæð rannsókn blaðamanns þurfi ekki að fara fram, a.m.k. ef hann byggir á traustum heimildum, líkt og opinberri skýrslu.

Ef tekið er mið af ofangreindum dómum MDE má sjá að dómurinn lítur svo á að jafnvel þó að meiðandi ummæli skorti traustan grundvöll geti áfellingisdómur aðildarríkis samt sem áður brotið gegn rétti blaðamanns skv. 10. gr. MSE ef staðan er sú að ummæli hafa verið viðhöfð í góðri trú.¹⁴⁸ Þegar verið er að finna út úr því hvort viðkomandi blaðamaður viðhafði góða trú við skrif sín kemur ýmislegt til skoðunar. Hefur MDE þá meðal annars horft til þess hvort að þeim sem meiðyrtur hefur verið hafi verið veitt tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri auk þess sem máli getur skipt hvort háttsemi hlutaðeigandi aðila segi til um hvort hann vilji leiða hið rétta í ljós eður ei. Annað sem horft er til er hvort blaðamaður hefur tekið heimild sína úr samhengi til þess eins að gera frétt áhugaverðar, sbr. *MDE, Stoll gegn Sviss, 10. desember 2007 (69698/01)*, eða hvort umfjöllun telst villandi eða úr hófi. Auk ofangreinds kann tilgangur með umfjöllun að skipta máli, þ.e ef eitthvað gott markmið er með skrifum blaðamanns verður hann líklegri til að vera talinn vera í góðri trú.¹⁴⁹

3.6.3 Íslensk dómaframkvæmd er varðar góða trú

Sjónarmiðið um góða trú hefur hingað til ekki átt mikið upp á pallborðið hjá Hæstarétti Íslands og eru dæmi um mjög stuttan rökstuðning þegar um áfellingisdóma í meiðyrdamálum er að ræða, sbr. t.d. *Hrd. 30. apríl 2009 (475/2008)* og *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)*, sem fjallað verður um í kafla 3.7.3. Í þessum dómum er ekki horft til þess hvort blaðamenn höfðu verið í góðri trú er þeir viðhöfðu ummæli sín. Í tveimur nýlegum héraðsdómum má hins vegar sjá tilhneigingu í þá átt að horfa til hinna góðu blaðamannshátta.

Í *Hérd. Reykn. 22. mars 2011 (E-1088/2010)*, var um að ræða meiðyrdamál vegna ummæla í fréttatíma Ríkisútvarpsins þess efnis að P hefði fengið umtalsverða fjármuni að láni stuttu fyrir hun íslenska bankakerfisins og fjármunirnir hefðu síðan gufað upp. Taldi P, sem

¹⁴⁷ Harris, O' Boyle og Warbrick: *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 497.

¹⁴⁸ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrdamálum“, bls. 62.

¹⁴⁹ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrdamálum“, bls. 62.

hafði verið áberandi í íslensku viðskiptalífi fyrir hrun, að um aðdróttun hefði verið að ræða og krafðist ómerkingar ummæla. Héraðsdómur sló því föstu að lánveitingar í aðdraganda bankahrunsins væru fréttir sem brýnt erindi ættu til almennings. Þ reyndi fyrir dóminum að sanna að hin umstefndu ummæli hefðu verið ósönn. Tók dómurinn fram að eftir bankahrunið haustið 2008 hefðu fjölmiðlar m.a. fjallað um P vegna stöðu hans í viðskiptalífinu. Vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust eftir bankahrunið yrði P að þola nærgöngula umræðu um verk sín og persónu sína. Tók dómurinn síðan fram:

Þó að aðalstefnda kunni við samningu fréttarinnar að hafa skjátlást að einhverju leyti í mati sínu á heimildum, en stefnandi hefur leitt nokkrar líkur að því, hefur ekki verið sýnt fram á að þær fullyrðingar, sem birtust í fréttinni, hafi verið settar fram í vondri trú. Verður í þessu sambandi að líta til þess jarðvegs sem ummælin spruttu úr og til nauðsynlegrar umræðu í þjóðfélaginu um orsakir og afleiðingar bankahrunsins.

Voru hinir stefndu sýknaðir. Í dóminum má sjá augljós ummerki frá Strassborg enda minna forsendur dómsins um margt á aðferðafræði MDE í sambærilegum málum.¹⁵⁰ Málinu var áfrýjað. Í *Hrd. 24. nóvember 2011 (179/2011)*, var hluta héraðsdóms snúið við og ein ummæli dæmd ómerkt. Hins vegar fjallaði Hæstiréttur lítillaga um hina góðu trú, ólíkt fyrrnefndum hæstaréttardómum. Í dóminum kom fram að við vinnslu fréttarinnar hafi stefndi ekki leitað eftir upplýsingum frá áfrýjanda um hans hlið á málinu. Gætti hann því ekki þeirrar skyldu sem fram kæmi í 2. gr. vinnureglna Ríkisútvarpsins. Af þeim sökum hefði hann ekki getað talist vera í góðri trú þegar hann setti fram ummæli sín. Var af þeim sökum fallist á kröfu áfrýjanda um ómerkingu einna ummælanna.

Í *Hérd. Rvk. 22. september 2011 (E-7299/2010)*, er að finna annað dæmi um sjónarmið íslenskra dómstóla um hina góðu trú. Um var að ræða annan mann, H, sem áberandi hafði verið í íslensku fjármálalífi fyrir hrun bankanna. Krafðist hann þess að ummæli í blaðagrein DV þess efnis, að hann hefði tekið stöðu gegn krónunni, yrðu ómerkt og blaðamaður dæmdur til greiðslu miskabóta honum til handa. Byggði H m.a. á því að ummælin hefðu verið ósönn og til þess fallin að verða virðingu hans til hnekkis. Héraðsdómur taldi hins vegar að þar sem um væri að ræða umfjöllun um viðskipti stefnanda með íslenskar krónur nokkru fyrir bankahrunið ætti umræðan erindi til almennings. Tók dómurinn síðan fram:

Blaðamaðurinn vísaði til þeirra upplýsinga sem lágu að baki fréttinni þegar hún var samin. Þótt hann kunni að hafa lagt rangt mat á heimildir við vinnslu fréttarinnar, sem ákveðnar líkur hafa verið leiddar að, hefur ekki verið sýnt fram á að fullyrðingar hans í umstefndum ummælum í kröfufliðum A og B hafi verið settar fram í vondri trú.

Voru stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda.

¹⁵⁰ Sbr. Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 70.

Í hinum tveimur framangreindum héraðsdómum má finna augljósa skírskotun til þeirra aðferða sem notaðar eru hjá MDE í slíkum málum. Ljóst er skv. 2. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, að úrlausnir MDE eru ekki bindandi að íslenskum rétti. Á þessu er hnykkt í athugasemdum með frumvarpi því er varð að fyrrgreindum lögum.¹⁵¹ Hins vegar hafa úrlausnir hans haft gríðarleg áhrif á íslenska löggjöf og dóma, sbr. stjórnarskrárbreytingarnar 1995. Hefur því jafnframt verið haldið fram að dómur MDE séu gögn sem taka verði mið af við skýringu og beitingu sáttmálans hér á landi til þess að íslenskir dómstólar gangi ekki gegn þjóðréttarskuldbindingum íslenska ríkisins.¹⁵² Má því fullyrða að til þess að íslenska ríkið standi við skuldbindingar sínar að þjóðarétti sé þeim rétt að horfa til fordæma MDE. Af nýrri dómum Hæstaréttar má sjá að sjónarmiðið um góða trú blaðamanna er farið að ryðja sér til rúms hér landi við mat á sök blaðamanns í meiðyrðamálum. Ef um nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlaumfjöllun er að ræða og komist er að þeirri niðurstöðu að við framsetningu hennar hafi fjölmiðlamaður verið í góðri trú og starfað í samræmi við góða blaðamannshætti má leiða að því líkur að hann hafi meira frelsi en ella.

3.7 Réttur sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar

3.7.1 Inngangur

Að framan hefur verið fjallað um 73. gr. stjkskr. um tjáningarfrelsi og 71. gr. stjkskr., er varðar friðhelgi einkalífs, sbr. 10. gr. og 8. gr. MSE. Ákvæði 70. gr. stjkskr. um réttláta málsmeðferð varðar einnig viðfangsefni ritgerðarinnar. Eitt það allra mikilvægasta sem hvert réttarkerfi býr við er réttur hvers borgara að leita úrlausnar um réttindi sín og skyldur, hvort sem er í einkamálum eða sakamálum. Ákvæði um rétt sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar kom nýtt inn í stjkskr. í 70. gr. með breytingum árið 1995, sem áður var vikið að. Ákvæðinu var meðal annars ætlað koma í veg fyrir að stjórnvöldum yrði veitt úrskurðarvald um hvort maður hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi og um ákvörðun viðurlaga.¹⁵³ Þegar höfð eru í huga hin miklu völd fjölmiðla í skoðanamyndun almennings á mönnum og málefnum er rétt að ræða um rétt sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar í þessu samhengi.

¹⁵¹ Alpt. 1992-93, A-deild, bls. 5890-5891. Sbr. Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 71.

¹⁵² Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 76.

¹⁵³ Alpt. 1994-95, A-deild, bls. 2096.

3.7.2 Gildissvið

Í 70. gr. stjkskr. segir:

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila. Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

Í 2. mgr. er að finna sérreglu er varðar sakamál. Ákvæði 70. gr. tengist að mörgu leyti öðrum stjórnarskrárákvæðum sem miða að því að ná markmiðum réttarríkisins. Eitt grundvallarmarkmið 70. gr. er að unnt sé að leita sjálfstæðra og óháðra dómstóla meðal annars í þeim tilgangi að skera úr um það hvort of langt hafi verið gengið í að takmarka mannréttindi. Hefur ákvæðið verið talið mikilvægt þegar menn eru bornir sökum um refsiverða háttsemi.¹⁵⁴

Flest þau réttindi sem leiða má af 70. gr. stjkskr. eru tryggð í íslenskri löggjöf og bera þar hæst lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 og sml. Ákvæði 6. gr. MSE var fyrirmynd 70. gr. stjkskr. og hafði mest áhrif á þróun íslenskra réttarreglna, einkum í sakamálaréttarfari, um aðgang manna að dómstólum og réttláta málsmeðferð.¹⁵⁵ Í ákvæði 6. gr. segir:

Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhóllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvela framgang réttvísinnar.

Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:

- a) Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.
- b) Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.
- c) Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar
- d) Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.
- e) Hann fái ókeypis aðstoð tólks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

Eins og sjá má er ákvæðið keimlíkt ákvæði stjkskr. þó svo að 6. gr. MSE sé nákvæmari að mörgu leyti. Oftast er vísað til 6. gr. MSE í sömu svipan og 70. gr. stjkskr. í dómsmálum þar

¹⁵⁴ Sbr. Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 218.

¹⁵⁵ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 219.

sem reynir á þá síðarnefndu.¹⁵⁶

Það að 1. mgr. 70. gr. stjkskr. tryggir þann rétt manns til að dómstóll leysi úr ákæru á hendur honum vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi gerir það að verkum að ekki verður öðrum en dómstóli gert að leysa úr því hvort hann sé sekur eða saklaus ef ákæra á hendur honum hefur verið gefin út. Þessari grunnreglu er þannig ætlað að koma í veg fyrir að manni verði ákveðin viðurlög vegna refsiverðrar háttsemi nema af dómstóli.¹⁵⁷

3.7.3 Réttur til að teljast saklaus þar til sekt er sönnuð

Reglan um rétt hvers manns til þess að teljast saklaus þar til sekt hans er sönnuð er orðuð í 2. mgr. 70. gr. stjkskr. og birtist einnig í 2. mgr. 6. gr. MSE. Slík regla kemur ekki beinlínis fram í sml. en telst þrátt fyrir það ein mikilvægasta meginregla sakamálaréttarfars. Í 108. gr. sml. má þó sjá ummerki hennar. Þar er kveðið á um að sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik honum í óhag hvíli á ákæruvaldinu (lat. in dubio pro reo). Er þannig gengið út frá því að takist ákæruvaldinu ekki að sanna sekt sakbornings sé hann sýkn sakar.¹⁵⁸ Ekki hafa margir dómur gengið um túlkun á ákvæði 2. mgr. 70. gr. hjá íslenskum dómstólum. MDE hefur hins vegar túlkað 2. mgr. 6. gr. í allmörgum dómum, sbr. til dæmis *MDE, Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörku, 17. desember 2004 (49017/99)*. Er því unnt að nota þá dóma til skýringar á ákvæði 2. mgr. 70. gr.¹⁵⁹ Reglu 2. mgr. 70. gr. ber að virða í hvívetna. Jafnvel þó að rökstuddur grunur sé um að einstaklingur hafi gerst sekur um refsivert háttsemi kann frekari rannsókn að leiða í ljós að hann hafi ekkert unnið sér til sakar.¹⁶⁰ Þannig kemur reglan í veg fyrir að lögregluþyriföld eða önnur yfirvöld lýsi því yfir að maður sé sekur um brot áður en hann hefur verið sakfelldur af dómstóli. Þessi stjórnvöld geta þó lýst því yfir að maður sé grunaður um refsiverðan verknað, mál hans sé til rannsóknar eða að hann hafi játað að hafa framið brot.¹⁶¹ Ef lögregla tilkynnir í fréttum að sakborningur hafi játað að hafa framið brot verður ekki talið að það eitt og sér brjóti í bága við fyrirmæli 2. mgr. 6. gr. MSE. Hins vegar verður orðalag slíkrar tilkynningar að vera með varfærum hætti, sbr. *MDE Allenet de Ribemont gegn Frakklandi, 10. febrúar 1995 (15175/89)*.¹⁶²

¹⁵⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 219.

¹⁵⁷ Sbr. Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 233.

¹⁵⁸ Sbr. Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 275.

¹⁵⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 275.

¹⁶⁰ Kristín Edwald: „Upplýsingagjöf lögreglu meðan á rannsókn máls stendur og takmarkanir á aðgangi sakbornings og verjanda að gögnum máls á rannsóknarstigi“, bls. 99.

¹⁶¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 276.

¹⁶² Eiríkur Tómasson: „Saklaus uns sekt er sönnuð: Hvað felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“, bls. 125.

Á hinn bóginn verður ekki talið brotið gegn reglunni ef fjölmiðlar eða aðrir lýsa yfir sekt manns, svo lengi sem slík yfirlýsing verður ekki rakin til yfirvalda, sbr. til dæmis *ákv. MNE, Trøber gegn Noregi, 5. apríl 1995 (21863/93)*.¹⁶³ Þar höfðu norskir fjölmiðlar fjallað um rannsókn á hendur kæranda sem grunaður var um stórfelld fíkniefnabrot og slegið því föstu að hann væri sekur. Var kærinni vísað frá MNE þar sem ekki var sýnt fram á að umfjöllun fjölmiðla mætti rekja til upplýsinga frá norskum yfirvöldum.¹⁶⁴

Hvað íslenska réttarframkvæmd varðar má nefna *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)*, en þar hafði R, sem á þessum tíma var ákærður fyrir fíkniefnainnflutning, meðal annars verið kallaður „kókaínsmyglari“ í frétt í DV. Um viku eftir birtingu þessara ummæla var R sýknaður af ákærinni í héraðsdómi og var sú niðurstaða síðar staðfest í Hæstarétti. Að virtum þeim málalokum taldi dómurinn að ummæli þau sem birtust í DV hefðu falið í sér aðdróttun í garð R og var orðið við kröfu hans um ómerkingu þeirra ummæla. R bar m.a. fyrir sig reglunni um sakleysi manns uns sekt hans er sönnuð. Hæstiréttur vék ekki sérstaklega að reglu 2. mgr. 70. gr. og má ætla að það sé vegna þess að reglan á aðeins við ef yfirlýsing um sekt manns er komin frá yfirvöldum en ekki fjölmiðlum.

Annar þáttur í reglu 2. mgr. 70. gr. stjkskr. og 2. mgr. 6. gr. MSE snýr að banni við því að lýsa mann sekan eftir að hann hefur verið sýknaður. Sömu sjónarmið gilda um beitingu reglunnar og varðandi hinn þátt reglunnar um sakleysi manns uns sekt hans sannast. Verður dómari að gæta að orðavali sínu í sýknudómi og lýsa því ekki yfir að hinn ákærði hafi samt sem áður gerst sekur um hina refsiverðu háttsemi.¹⁶⁵ Þetta sjónarmið kom fram í *MDE, Vilborg Yrsa Sigurðardóttir gegn Íslandi, 30. maí 2000 (32451/96)*. V var handtekin og úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna rannsóknar fíkniefnabrots. Var hún síðar sýknuð af ákæru fyrir íslenskum dómstólum og krafðist í kjölfarið bóta vegna frelsissviptingarinnar. Íslenska ríkið var sýknað af bótakröfu á báðum dómstigum og var sterklega gefið í skyn að V hefði verið sek þrátt fyrir sýknudóm hennar. Vitnaði Hæstiréttur til b-lið 1. mgr. 175. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, en þar var það gert að skilyrði bóta, að frekar mætti telja mann líklegan til að vera sýknan af ákæru en sekan. Fyrir MDE gerðu aðilar sátt sín á milli þar sem íslenska ríkið féllst á að greiða V allhár bætur, auk kostnaðar við meðferð málsins. Einnig harmaði íslenska ríkið hvernig fyrrnefnt ákvæði í íslenskum lögum hefði verið skýrt og þá sérstaklega að sakleysi V hefði verið dregið í efa og réttmæti sýknudóms

¹⁶³ MNE er Mannréttindanefnd Evrópu.

¹⁶⁴ Eiríkur Tómasson: „Saklaus uns sekt er sönnuð: Hvað felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“, bls. 125.

¹⁶⁵ Eiríkur Tómasson: „Saklaus uns sekt er sönnuð: Hvað felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“, bls. 139.

hennar. Var ákvæðið felld úr gildi með lögum nr. 36/1999 vegna þess að það var ekki talið samrýmast 2. mgr. 70. gr. stjkskr. og 2. mgr. 6. gr. MSE.¹⁶⁶

Líkt og fram kom áður hefur reglan fyrst og fremst gildi fyrir stjórnvöld. Á hún því ekki við ef fjölmiðlar lýsa mann sekan áður en sakleysi hans er sannað. Þó verður að hafa í huga hinn skýlausa rétt hvers manns til réttlátrar málsmeðferðar. Fjölmiðlar verða ávallt að virða hann og þá reglu að það er lögregluþyrvalda að rannsaka mál og dómstóla að kveða upp um sekt manns eða sýknu.

¹⁶⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 283, sbr. Alþt. 1998-99, A-deild, bls. 2320.

4 Ákvæði almennra laga

4.1 Inngangur

Fjallað hefur verið um þær reglur stjórnskipunarréttar sem þýðingu hafa fyrir viðfangsefnið, þá sérstaklega 73. og 71. gr. stjkskr., um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs, ásamt ákvæðum sama efnis í 10. gr. og 8. gr. MSE. Auk þess var farið yfir ákvæði 70. gr. stjkskr. og 6. gr. MSE um rétt manns til réttlátrar málsmeðferðar.

Nú verður tekið til skoðunar hvernig hinn almenni löggjafi hefur útfært þessi stjórnarskrárvörðu réttindi með almennum lögum er varða það sem hér er til umfjöllunar. Má þar helst nefna ákvæði XXV. kafla hgl. og b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. en einnig verður fjallað um ákvæði fjölmiðlalaga, persónuverndarlög, reglur sakamálaréttarfars og ákvæði lögreglulaga.

4.2 Ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940

4.2.1 Inngangur

Æra hvers manns, mannorð hans og sjálfsvirðing eru meðal mikilvirkustu persónuréttinda hans. Hefur það ítrekað komið fram í réttarframkvæmd hér á landi í fjölda meiðyrðamála í áranna rás. Æran snertir hið persónulega gildi mannsins sjálfs og hafa meiðyrði áhrif á hugmyndir, dóma eða álit hans eða annarra um þetta gildi hans.¹⁶⁷

Ekki er að finna ákvæði í hgl. þar sem beinlínis er vísað í nafn- og myndbirtingu. Ákvæði sem finna má í XXV. kafla laganna varða ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Má telja þann kafla skýrt dæmi um aðgerð af hálfu löggjafans við að tryggja friðhelgi einkalífs manna, sbr. 71. gr. stjkskr. en á þeim tíma er ákvæði hans voru lögfest studdist löggjafinn við sömu rök og lágu að baki þágildandi 66. gr. stjórnarskrárinnar.¹⁶⁸ Verða nú skoðuð þau ákvæði hgl. sem helst hafa þýðingu fyrir það efni sem hér er fjallað um.

4.2.2. Ákvæði 229. gr. hgl.

4.2.2.1 Inngangur

Ákvæði 229. gr. hgl. hefur í dómaframkvæmd verið talið skipta hvað mestu máli um friðhelgi einkalífs manna. Ákvæði 228. gr. hgl. fjallar um þegar einhver hnýsist í einkamálefni manns en 229. gr. tekur til þess þegar skýrt er frá slíkum einkamálefnum

¹⁶⁷ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 125.

¹⁶⁸ Sbr. Kjartan Gunnarsson: „Friðhelgi einkalífs“, bls. 181.

opinberlega, t.d. ef frásögn birtist í einhverjum fjölmiðlum.¹⁶⁹ Hún hefur því einkum þýðingu fyrir efni þessarar ritgerðar. Ákvæði 229. gr. hljóðar svo:

Hver, sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Dómstólar virðast hafa allvíðtæka heimild til mats á því hvað teljist til einkamálefna manna en hugtakið hefur tekið breytingum í tímans rás. Undir ákvæði 229. gr. má fella heimili og fjölskyldulíf, hrein persónumálefni og fjármál, skattamál, atvinnumál og fleira þess háttar. Undir hrein persónumálefni falla til dæmis framhjáhald, sjúkdómar, sjálfsmorðstilraunir o.fl. Mætti halda því fram að almannahagsmunir krefjist ekki opinberrar frásagnar um slík málefni.¹⁷⁰ Þegar um er að ræða brot gegn ákvæði 229. gr. er ásetningur skilyrði refsíabýrgðar og er því ekki refsað fyrir gáleysisbrot. Ekki skiptir máli hvort þau ummæli eða frásögn sem um ræðir séu sönn eða ekki.¹⁷¹ Það hefur hins vegar þýðingu þegar um er að ræða aðdróttanir en nánar er fjallað um þær í kafla 4.2.4.

Til þess að um brot skv. 229. gr. sé að ræða þarf umfjöllun að vera opinber og á það við ef um er að ræða birtingu einkamálefna í fjölmiðlum. Brot gegn 229. gr. kann að vera refsilaust ef nægar ástæður eru fyrir hendi sem réttlæta brotið. Er það háð mati dómstóla. Það sem skiptir máli við slíkt mat er hvort umdeilt atvik sé nú þegar á almannavitorði eða ef sá sem til umfjöllunar er hefur sjálfur gefið tilefni til umfjöllunar til dæmis með því að vekja athygli á háttarni sínu eða stöðu í fjölmiðlum.¹⁷² Mætti því ætla að ef nafn sakbornings sé á almannavitorði sé í lagi að birta það í fjölmiðlum. Þyrfti þá væntanlega að fara fram mat á því hvað telst vera á almannavitorði. Líklegt er að slík vitneskja þyrfti að minnsta kosti að teljast mjög útbreidd. Ef sakborningur sjálfur er sífellt að vekja athygli á máli sínum í fjölmiðlum, áður en ákæra er gefin út, getur varla talist óeðlilegt að nafn hans og mynd séu birt í framhaldinu. Sama má segja um mann sem hefur afplánað dóm. Ef hann minnir á sig í fjölmiðlum eða stærir sig af broti því sem hann framdi verður varla talið að hann geti borið fyrir sig vernd 229. gr. ef um hann er síðan fjallað í fjölmiðlum.

Í nýlegum dómum hefur 229. gr. hgl. mikið komið til skoðunar. Í *Hrd. 2006, bls. 2759 (37/2007)*, sem áður var reifaður taldi Hæstiréttur að blaðamaður og ritstjóri DV hefðu gerst sekir um brot á 229. gr. hgl. með því að birta upplýsingar úr tölvupósthólfi J. Engin refsing var dæmd en J voru dæmdar miskabætur, sbr. b-liður 1. mgr. 26. gr. skbl. Í *Hrd 2006, bls. 2759 (541/2005)* var einnig um að ræða opinbera birtingu tölvupósta sama aðila og í

¹⁶⁹ Sbr. Kjartan Gunnarsson: „Friðhelgi einkalífs“, bls. 187.

¹⁷⁰ Sbr. Jónatan Þórmundsson, „Brot gegn friðhelgi einkalífs“, bls. 161-162.

¹⁷¹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 115.

¹⁷² Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 116.

fyrirnefndu máli. Í tölvupóstunum komu meðal annars fram upplýsingar um fjárhagsmálefni J sem krafðist þess að ritstjóra dagblaðsins yrði gerð refsing skv. 229. gr. hgl. Féllst dómurinn á að skrif blaðsins um fjárhagsmálefni J hefði lotið að einkamálefnum hennar í skilningi 229. gr. hgl. Hins vegar horfði rétturinn til þess að umfjöllun blaðsins hefði að meginefni varðað málefni sem talin voru eiga erindi til almennings. Þrátt fyrir að jafnframt hefði verið fjallað um fjárhagsmálefni J í umfjöllun blaðsins taldi dómurinn að þau hefðu verið svo samfléttuð fréttæfninu í heild að ekki yrði greint á milli. Var því talið að blaðið hefði ekki gengið nær J en óhjákvæmilegt var í opinberri umræðu um málefni er varðaði almenning. Taldi Hæstiréttur því nægar ástæðu til staðar fyrir birtingu fréttarinnar. Var því ritstjóranum ekki gerð refsing samkvæmt ákvæði 229. gr. hgl. Dómurinn staðfestir því að þrátt fyrir að einkamálefni einstaklings, sem varin eru af 229. gr. hgl., séu gerð opinber geti einstaklingurinn þurft að sæta því svo lengi sem málefnið er talið eiga erindi í almenna þjóðfélagsumræðu þar sem ekki sé farið út fyrir mörk 73. gr. stjkskr. og 10. gr. MSE.

Í *Hrd. 10. mars 2011 (329/2010)* höfðaði D mál gegn ritstjóra vikublaðsins *Vikunnar*, vegna ummæla um hann sem þar birtust. Krafðist D ómerkingar ummæla og meðal annars að ritstjóri blaðsins yrði dæmd til refsingar vegna brots á 229. gr. hgl. Um var að ræða viðtal þar sem viðmælandi sakaði D um refsiverð brot, þar á meðal að hafa numið dóttur sína á brott en barnsmóðir hans var látin. Kom fram í dómi héraðsdóms að þar sem umfjöllun blaðsins laut meðal annars að hjónaskilnaði D og málefnum dóttur hans væri um að ræða einkamálefni í skilningi 229. gr. hgl. Féllust bæði héraðsdómur og Hæstiréttur á að brotið hefði verið gegn 229. gr. en ritstjóranum var hins vegar ekki dæmd refsing. Í *Hrd. 15. desember 2011 (158/2011)* var þess einnig krafist að ritstjóra *Vikunnar* yrði gerð refsing vegna brota á 229. gr. hgl. Féllst Hæstiréttur á að um brot hefði verið að ræða en ritstjóranum var ekki gerð refsing heldur dæmdur til greiðslu miskabóta.

Af framangreindum dómum má ljóst vera að dómstólar meta í hverju tilfelli fyrir sig hvort fjallað hafi verið um einkamálefni einstaklings í skilningi 229. gr. hgl. og hvort brotið hafi verið gegn friðhelgi einkalífs aðila sbr. 71. gr. stjkskr. Við mat á því hvort tilefni ummæla hafi verið nægilegt eða nauðsynlegt í þjóðfélagsumræðu, reynir á samspil þeirra sjónarmiða sem finna má í 71. gr. og 73. gr. stjkskr. Ef um væri að ræða dómsmál vegna nafn- og myndbirtingar sakborninga í fjölmiðlum má slá því föstu að oftast myndi reyna á fyrrgreint ákvæði.

4.2.2.2 Telst nafn- eða myndbirting brot gegn 229. gr.?

Í grein Kjartans Gunnarssonar í Úlfhljóti árið 1978, *Friðhelgi einkalífs*, telur hann að nafn eða mynd teljist vart til einkamálefna manns í skilningi 229. gr. „nema því aðeins, að fleiri atriði komi til, s.s. að nafn eða mynd sýni mann í ógeðfelli eða röngu ljósi eða sé notað í auðgunarskyni, t.d. í auglýsingu...“¹⁷³ Nefnir hann sem dæmi, *Hrd*, 1975 bls. 578. Um ærumeiðingarmál var að ræða sem var höfðað af dætrum látins manns. Atvik málsins voru þau, að fram hafði farið viðtalsþáttur í sjónvarpi við nafnkunnan Íslending. Í þeim þætti fjallaði aðilinn sem til viðtals var um dvöl sína í Kaupmannahöfn og kunningskap við látinn föður kvennanna. Í héraðsdómi kom fram að það sem hefði gerst á milli þessara manna á opinberum fundi teldist ekki einkamálefni í skilningi 229. gr. Hæstiréttur fjallaði ekki sérstaklega um þetta en tók fram að sjónvarpsþátturinn væri ekki að efni, orðfæri, tjáningarformi, myndrænni gerð né ytri búningi, með þeim hætti að fullnægjandi rök væru til þess að telja hann brjóta í bága við lagareglur um æruvernd og friðhelgi einkalífs eða grundvallarreglur um persónuvernd. Ef horft er til þessarar niðurstöðu má segja að birting myndar eða nafns án leyfis þurfi ekki að vera refsiverð. Þó ber að hafa í huga að dómurinn er úr eldri réttarframkvæmd og féll fyrir breytingu mannréttindaákvæða stjkskr. Ekki var að finna jafnafráttarlaust ákvæði í stjórnarskrá líkt og er nú í 71. gr. stjkskr. Þágildandi ákvæði í 66. gr., verndaði samkvæmt orðalagi sínu aðeins friðhelgi heimilisins.¹⁷⁴ Sambærilegt viðhorf má þó sjá í *Hrd*. 25. október 2007 (67/2007) en þar var þáttur sem sýndur var í Ríkissjónvarpinu, og fjallaði um morð á manni á vinnustað hans, ekki talinn fela í sér ólögmdæta meingerð gegn fjölskyldumeðlimum mannsins. Í þessu samhengi má nefna *Hérd*. Rvk. 16. október 2009 (E-12027/2008). Hann sýnir önnur viðhorf. Um var að ræða mál sem höfðað var gegn þáttastjórnendum fréttaskýringarþáttarins K sem sýndur var á Stöð 2. B höfðaði málið gegn stjórnendum þáttarins ásamt eigendum Stöðvar 2 vegna myndskeiðs sem birtist af honum í þættinum. Var um að ræða myndskeið af falinni myndavél þáttargerðarmanna K sem sýndi B ganga í skrokk á öðrum manni. Taldi B að brotið hefði verið á rétti sínum til einkalífs, m.a. réttinum til eigin myndar sem hann taldi byggjast á 71. gr. stjkskr. og 8. gr. MSE. Hann krafðist miskabóta. Í dóminum kom fram að B hefði, með dómi héraðsdóms 20. mars 2009, verið sakfelldur vegna þeirrar árásar sem sást í þætti K. Í þeim dómi hefði komið fram að þau sönnunargögn sem notast var við, þ.á.m. upptaka þáttagerðarmannanna og útprentun á samtali B og mannsins sem hann beitti líkamsmeiðingum, hefðu ekki verið fengin með ólögmdætum

¹⁷³ Kjartan Gunnarsson: „Friðhelgi einkalífs“, bls. 189.

¹⁷⁴ Sbr. Björg Thorarensen: „Áhrif mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, bls. 382 (neðanmálsgrein).

hætti né að tálbeitu hefði verið beitt. Héraðsdómur féllst því ekki á að þáttastjórnendur hefðu lagt sig í líma við að gera úr B ofbeldismann eða handrukkara, heldur hefði B sjálfur, með hátterni sínu, séð um að skapa sér þá ímynd. Í dóminum sagði síðan orðrétt:

Til þess að fjölmiðlar geti rækt hlutverk sitt verður að játa blaðamönnum frelsi til tjáningar, ekki einasta í ræðu eða rituðu máli, heldur einnig með birtingu mynda, eigi slíkt við. Um leið verður að gera þá kröfu til blaðamanna að umfjöllun þeirra sé málefnaleg, byggi á vandaðri könnun á staðreyndum og eigi erindi til almennings, sem innlegg í almenna þjóðfélagsumræðu.

Einnig kom fram:

Ekki er um það deilt að stefnandi, eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins, nýtur friðhelgi um lífshætti sína og einkahagi, þ.á m. um samskipti hans við aðra, auðkenni hans og sjálfsmynd, svo og annað það sem einkennir hann sem persónu gagnvart umhverfi sínu og öðrum í samfélaginu. Í því felst einnig að stefnandi nýtur verndar gagnvart myndbirtingu, án samþykkis hans, enda sé hann sjálfur aðalefni og andlag myndarinnar. Ekki er heldur um það deilt í málinu að stefndu tóku á laun upp hljóð og mynd af fundi stefnanda og Ragnars Ólafs Magnússonar að kvöldi 31. júlí 2008, og leituðu ekki samþykkis stefnanda fyrir birtingu upptökunnar í fréttaskýringarþættinum Kompási nokkru síðar. Þótt upptakan færi fram á almannaþæri er það engu að síður ekki sjálfgefið að stefndu hafi átt skýlausan rétt til birtingar hennar. Ræðst það af eðli upptökunnar og hvort efni hennar hafi haft einhverja þýðingu fyrir almenning, til upplýsingar, fræðslu eða sem innlegg í þjóðfélagsumræðu, en ekki aðeins til þess að svala forvitni áhorfenda.

Við umrædda upptöku var stefnandi staðinn að alvarlegu lögbroti. Við slíkar aðstæður getur dómurinn ekki fallist á að sú vernd, sem 71. gr. stjórnarskrárinnar tryggir stefnanda, veiti honum skjól fyrir umfjöllun fjölmiðla.

Dómurinn tekur svo fram að mestu máli hafi skipt að upptakan hafi verið raunsönn lýsing á samfélagsmeini þar sem leikreglur samfélagsins séu þverbrotnar og uppgjör mála knúin fram með líkamlegu ofbeldi eða hótunum um slíkt eða aðrar ófarir. Var umfjöllun þáttastjórnenda talin liður í almennri umfjöllun um handrukkun og þá ógn sem einstaklingum stafaði af henni. Loks sagði:

... verður að telja að birting myndar af honum hafi, eins og hér háttaði til, ekki falið í sér brot gegn rétti stefnanda til eigin myndar. Að álit dómsins hafði almenningur augljósa hagsmuni af því að þekkja stefnanda og starfsaðferðir hans, og mun meiri en stefnandi af því að upptakan yrði ekki birt. Jafnframt er það álit dómsins að umfjöllun stefndu um stefnanda hafi í umrætt sinn bæði verið málefnaleg og byggð á staðreyndum.

Voru hinir stefndu sýknaðir. Þessi dómur er skýrt dæmi um að ef maður tekur þátt í refsiverðu athæfi kunní að vera í lagi að birta mynd af honum þar sem hann þekktist til varnaðar fyrir aðra. Af þessum dómi má álykta að það virðist hafa spilað stórt hlutverk að B hafði hlotið refsídóm fyrir það sem um var deilt og var því ekki grunaður þegar málið var rekið þó svo að staða hans hafi verið slík þegar myndskreiðið var tekið upp og sýnt almenningi. Taldi dómurinn að umfjöllunin hafi átt erindi til almennings og almenningur eigi rétt á að sjá andlit hans á myndskreiðunum enda geti það orðið fólki til varnaðar. Dómurinn telur, öfugt við

niðurstöðuna í *Hrd*, 1975 bls. 578 að mynd manns teljist til einkamálefna hans. Er það í samræmi við niðurstöður MDE.

Ákvæði 71. gr. stjkskr. inniheldur rúmt orðalag og ljóst orðið að réttur manns til myndar sinnar falli þar undir, sbr. framangreint. Heppilegra væri þó ef finna mætti ákvæði í almennri löggjöf þar um.¹⁷⁵ Ein mynd getur sagt meira en hægt er að fjalla um í löngu máli. Þekktanleg mynd af manni ber með sér þátt í ímynd hans eins og hún horfir við umheiminum.¹⁷⁶ Ef efni myndar er á þann hátt að undir venjulegum kringumstæðum myndi birting þess brjóta gegn friðhelgi einkalífs manns getur birting myndarinnar falið í sér lögbrot skv. 229. gr. Það leiðir af því að mynd getur opinberað eitthvað sem ekki er ætlað almenningi á sama hátt og upplýsingar í rituðu eða töluðu formi. Þó má spyrja hvenær brýn nauðsyn sé til staðar svo slaka megi á einkalífsverndinni og birta mynd vegna einhvers tilefnis. Oft myndi tjáningarfrelsið hafa yfirhöndina.¹⁷⁷ Í skjóli þess verður að telja fjölmiðlum heimilt að birta myndir af mönnum sem koma við sögu í fréttaumfjöllun, svo lengi sem myndirnar sýna ekki menn við sérlega „annarlegar“ aðstæður, til dæmis við slysfarir. Er heimild þessi sérstaklega rík þegar um almannapersónur er að ræða.¹⁷⁸ Í samræmi við þetta má slá því föstu að þrátt fyrir að mynd teljist til einkalífs manns, sbr. t.d. *MDE, Sciacca gegn Ítalíu, 11. janúar 2005 (50774/99)*, er það ekki nema að slík mynd sýni mann við annarlegar aðstæður eða að aðhafast eitthvað sem bersýnilega á ekki erindi til almennings að myndbirting teljist brjóta gegn friðhelgi einkalífs.

Dæmi eru um að fjölmiðlar birti myndir af einstaklingum sem sakaðir eru um lögbrot, til að vara almenning við. Til dæmis í DV þann 3. október 1986 þegar birt var mynd af manni sem sakaður hafði verið um mörg kynferðisbrot gegn ungum drengjum.. Hafði hann ekki verið ákærður. Var myndinundir fyrirsögninni: „Svona lítur hann út- [S] fyrir allra augum.“ Var myndbirting réttlætt með varnaðargildi hennar til almennings, aðallega aðstandenda barna. Kom síðar í ljós að myndbirtingin bar árangur, því kona bar kennsl á manninn þegar hún sá til ferða hans með ungan dreng sem hann hafði náð að lokka inn í íbúð sína.¹⁷⁹ Er reglu um nafnbirtingu nú að finna 4. gr. siðareglna B.Í. og er þar meðal annars vikið að varnaðargildi fyrir borgara og almannaheill.

Þekkt er að birtar séu myndir af mönnum sem strokið hafa úr fangelsi. Ástæður þess eru líkast til að vara almenning við viðkomandi á sama tíma og lögregla leitar liðsinnis

¹⁷⁵ Sbr. Páll Sigurðsson: „Réttur til eigin myndar. Vegferð um afmarkað svið einkalífsverndar“, bls. 44.

¹⁷⁶ Sbr. Páll Sigurðsson: „Réttur til eigin myndar. Vegferð um afmarkað svið einkalífsverndar“, bls. 33.

¹⁷⁷ Páll Sigurðsson: „Réttur til eigin myndar. Vegferð um afmarkað svið einkalífsverndar“, bls. 45.

¹⁷⁸ Páll Sigurðsson: „Réttur til eigin myndar. Vegferð um afmarkað svið einkalífsverndar“, bls. 54.

¹⁷⁹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 404-405.

almenningi við að hafa upp á strokuföngum, sbr. einnig myndbirtingar alþjóðalögreglunnar, INTERPOL, af eftirlýstum mönnum. Íslenska lögreglan lýsti í fyrsta sinn eftir strokufanga með ljósmynd árið 1957 en þar var um að ræða ungan mann sem strokið hafði úr Hegningarhúsinu. Hlaut sú myndbirting mikla gagnrýni. Rúmlega þremur áratugum síðar, árið 1993, var auglýst eftir þremur strokuföngum af Litla-Hrauni í fjölmiðlum. Þá var lítið um gagnrýni. Einn strokufanganna gagnrýndi þó myndbirtinguna harðlega vegna áhrifa hennar á fjölskyldu hans.¹⁸⁰ Nú til dags virðast slíkar myndbirtingar af strokuföngum lítið tiltökumál fyrir almenning.

Nýlegt dæmi vakti athygli höfundar. Um var að ræða frétt á vefmiðli DV, þann 18. nóvember 2011.¹⁸¹ Umfjöllunin laut að því að talið var að dæmdur barnaníðingur væri fluttur til Akureyrar og foreldrar í bænnum voru óttaslegnir. Var það skoðun þeirra að láta ætti vita af því ef dæmdur barnaníðingur flytti í þeirra umhverfi. Þarna er um að ræða dæmi um að maður sem afplánað hefur refsingu sína fær bæði nafn sitt og mynd birta í fjölmiðlum og almenningur er ósáttur við að ekki hafi verið gefin út viðvörðun vegna komu hans í bæjarfélagið. Hægt er að skilja slík sjónarmið. Um er að ræða mann sem oftast en einu sinni hefur verið dæmdur fyrir brot sín og því ekki um einstakt atvik að ræða. Á hinn bóginn má spyrja hvaða hlutverki fjölmiðlar gegna í slíkum tilvikum. Maðurinn fær augljóslega ekki mikinn frið til þess að bæta ráð sitt ef hann fær hvergi að vera óáreittur og ljóst er að betrun manna fer ekki fram í fjölmiðlum. Hins vegar má vera að slíkar myndbirtingar beri einhvern árangur ef til þess kemur að viðkomandi fremur brot á nýjan leik, sbr. dæmið hér að ofan, og hafa fjölmiðlar þá vissulega hjálpað almenningi að verjast. Ávallt verður þó að hafa í huga hina miklu innrás í einkalíf einstaklings sem slíkt hefur í för með sér. Þarna verður mat að fara fram, hagsmunir almenningi af slíkri nafn- og myndbirtingu, þ.e. hvort hún eigi erindi í þjóðfélagssumræðu, gagnvart hagsmunum einstaklingsins af friðhelgi einkalífs síns. Á sú staðreynd, að dæmdur barnaníðingur sé fluttur í nærliggjandi umhverfi, erindi til almenningi í grenndinni? Í slíkum tilvikum er þetta vandmeðfarið. Höfundur telur að ekki sé hægt að komast að einhlítri niðurstöðu. Ávallt munu verða skiptar skoðanir. Þegar mat á hinum andstæðu hagsmunum fer fram verður m.a. að taka mið af því hvort einstaklingur hafi með háttarni sínu gert það að verkum að umfjöllun dagblaðs verði ekki til þess að sverta ímynd hans enn frekar, sbr. *Hrd. 19. mars 2009 (448/2008)* og *Hérd. Rvk. 16. október 2009 (E-12027/2008)*.

¹⁸⁰ Sigurjón Baldur Hafsteinsson: „Ljósmyndun sakamanna“, bls. 135.

¹⁸¹ „Ótti á Akureyri vegna dæmdu barnaníðings“, <http://www.dv.is>.

Í þessu samhengi er einnig hægt að skoða myndbirtingar í fjölmiðlum þar sem lögregla óskar eftir að ná tali af einstaklingum í tengslum við ákveðin mál. Oft er það vegna afbrota sem nýlega hafa verið framin og talið er að viðkomandi sé viðriðinn eða geti veitt upplýsingar um. Sem dæmi í þessa veru má nefna skartgriparán það sem framið var í úraverslun Michelsen þann 17. október 2011. Var ránið vel skipulagt og frekar langan tíma tók fyrir lögreglu að hafa hendur í hári ræningjanna. Var meðal annars brugðið á það ráð að birta myndir af mönnum, sem taldir voru geta veitt upplýsingar, í fjölmiðlum.¹⁸² Ljóst er að þegar auglýst er eftir mönnum á slíkan hátt er lögreglan að leita aðstoðar. Sjaldnast er verið að tengja fólk við afbrot á beinan hátt, sbr. þó myndbirtinguna í DV 1986. Oftast er raunin sú að verið er að leita upplýsinga án þess að fullyrt sé að viðkomandi sé viðriðinn afbrot.

Auk framangreinds má minnst á nafn- og myndbirtingar af fólki sem lýst er eftir vegna þess að ekki hefur spurst til þess í einhvern tíma. Oft á tíðum er þetta ungt fólk sem hefur ekki veitt upplýsingar um ferðir sínar og lýst er eftir viðkomandi með aðstoð fjölmiðla. Er lýst eftir því fyrir tilstuðlan barnaverndarnefndar sem hefur samband við lögreglu.¹⁸³ Þetta á þó ekki aðeins við um ungt fólk heldur má t.d. sjá tilkynningar í fjölmiðlum þar sem lýst er eftir eldra fólki. Þrátt fyrir að telja megi slíkar nafn- eða myndbirtingar inngríp í einkalíf fólks búa að baki þeim bæði almanna- og einstaklingshagsmunir. Ef um er að ræða týnda einstaklinga getur munað um aðstoð almennings við að finna þá. Í tilviki strokufanga búa almannahagsmunir að baki enda getur verið um einstaklinga að ræða sem taldir eru hættulegir umhverfi sínu. Ef um óbreytta borgara er að ræða geta ýmsir hagsmunir legið að baki. Til dæmis ef lýsa á því yfir að viðkomandi sé látinn, þá verður hann að finnast fyrst. Höfundur telur að slík myndbirting geti ekki talist andstæð reglum um friðhelgi einkalífs eða æruvend þar sem ekki er verið að tengja myndir eða nafn einstaklinganna við einhverja verknaði eða atburði. Aðeins er verið að leita aðstoðar almennings til að finna þá.

Í öðrum tilfellum, þegar maður liggur undir grun á rannsóknarstigi máls eða löngu eftir að maður hefur afplánað dóm sinn, má spyrja hvaða tilgangi það þjónar að birta nafn sakbornings og jafnvel mynd af honum. Þegar slík birting fer fram ásamt skírskotun í afbrot eða hugsanlegt afbrot má telja að um mun alvarlegra inngríp í einkalíf fólks sé að ræða en þegar nafn eða mynd er birt án slíkrar tengingar.

Af framangreindu má leiða að nafn manns og mynd teljist til einkamálefna í skilningi 229. gr. hgl. Birting í fjölmiðlum er þó ekki ávallt brot gegn nefndu ákvæði heldur verður að meta

¹⁸² Sbr. t.d. „Vopnað rán á Laugavegi: Þekkir þú manninn á myndinni?“, <http://www.visir.is>.

¹⁸³ Sbr. t.d. bréf lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu „Leit og eftirgrennslan eftir ungmennum undir 18 ára aldri“, <http://www.mos.is>. Lýst er eftir fólki í fjölmiðlum, sbr. t.d. „Lýst eftir 13 ára stúlku“, <http://www.mbl.is> og „Lýst eftir Sævaldi Herði“, <http://www.mbl.is>

það hverju sinni. Skiptir þá höfuðmáli í hvaða samhengi mynd eða nafn er birt og hvort efni umfjöllunar eða myndar sé á þann hátt að það verði talið brjóta gegn friðhelgi einkalífs einstaklings og eigi þar af leiðandi ekki erindi til almennings.

4.2.3 Ærumeiðingar

Í 234. gr. hgl. kemur fram að hver, sem meiði æru annars manns, með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem beri slíkt út, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að ári. Í 235. gr. er að finna sambærilegt ákvæði er varðar aðdróttanir og í 236. gr. er fjallað um alvarlegri tegund aðdróttana þar sem 2 ára refsing liggur við brotum.

Þessi ákvæði bera með sér að ærumeiðingum má skipta í tvo flokka innan hgl., annars vegar móðganir og hins vegar aðdróttanir. Hefur slík aðgreining þýðingu að lögum, jafnvel þó refsiramma 234. gr. og 235. gr. sé sá sami, eitt ár. Telja má að móðgun felist einna helst í hátterni sem beint er gegn öðrum manni og lýsir mikilli óvirðingu til dæmis með niðrandi og þekktum skammaryrðum. Einnig ef ummæli eru sérsniðin að ákveðnum manni og til þess fallin að smána hann.¹⁸⁴ Vissulega er þó mismunandi eftir stað og tíma hvað telst móðgandi og hvað ekki.¹⁸⁵ Þegar dómstólar fjalla um móðganir horfa þeir til hlutlægra mælikvarða, þ.e. hvort líta megi þannig á að almenningi myndi finnast ummælin niðrandi og ekki er þá horft til þess hvað sá hugsaði er lét ummælin falla.¹⁸⁶ Móðgun sem ærumeiðing hefur þó litla þýðingu fyrir efni þessarar ritgerðar.

Samkvæmt 235. gr. hgl. er aðdróttun ærumeiðing sem felur í sér ásökun í garð annars manns um eitthvað sem er til þess fallið að minnka virðingu hans. Er bæði átt við að virðing manns bíður hnekki í augum annarra og sjálfsvirðing hans að sama skapi.¹⁸⁷ Aðdróttun er því til þess fallin að hafa skerðandi áhrif á mannorð manna auk sjálfsvirðingar þeirra á meðan móðgun veldur einna helst löskun á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður. Um aðdróttun er að ræða ef maður er borinn sök um að hafa framið glæp. Hefur hann þá verið ærumeiddur á refsiverðan hátt, svo lengi sem ásökunin verður ekki sönnuð.¹⁸⁸

Helsti munurinn á móðgunum og aðdróttunum felst þó í því að mögulegt er að sanna efni aðdróttunar en það getur ekki átt við um móðgun.¹⁸⁹ Séu ummæli sönnuð er um refsilausan verknað að ræða (*exceptio veritas*).¹⁹⁰ Hefur slík regla augljósa þýðingu varðandi gildi

¹⁸⁴ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 199-200.

¹⁸⁵ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 125.

¹⁸⁶ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 200.

¹⁸⁷ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 200.

¹⁸⁸ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 201.

¹⁸⁹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 202.

¹⁹⁰ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 209.

tjáningarfrelsis og hlutverks fjölmiðla í umræðu um þjóðfélagsmál.¹⁹¹ Slík regla á ekki við um 229. gr. Þar er háttsemi refsiverð hvort sem frásögn er sönn eða ekki ef hún á ekki heima í almennri þjóðfélagsumræðu, sbr. 73. gr. stjkskr. eða aðrar ástæður séu fyrir hendi er réttlæti verknaðinn, sbr. 229. gr.¹⁹²

Í bæði 234. gr. og 235. gr. er útbreiðsla ærumeiðandi ummæla talin jafngild ærumeiðingunni sjálfri. Útbreiðsla ummæla táknar að maður segir frá eða breiðir ærumeiðingu út sem hann hefur heyrt annars staðar.¹⁹³ Ljóst er útbreiðsla ummæla sem eru virðingu manns til hnekkis er honum skaðlegri en ærumeiðing sem einungis er viðhöfð augliti til auglits og móðgun eða aðdróttun særir mann með auknum hætti eftir því sem fleiri menn fá vitneskju um hana.¹⁹⁴ Útbreiðsla ærumeiðinga getur verið með þrennum hætti. Í fyrsta lagi getur útbreiðslan eða frásögnin verið uppspuni en þá eru ummæli ekki höfð eftir einhverjum öðrum. Í öðru lagi getur sá sem ummæli breiðir út bætt einhverju við frásögnina. Í þriðja lagi er um að ræða hlutlausa frásögn en þá er skýrt frá ummælum en ekkert dæmt um sannindi þeirra.¹⁹⁵ Hér á landi er lagt til grundvallar að reglan um vítaleyssi sannra ummæla gildi einnig þegar um er að ræða útbreiðslu ummæla. Hvíllir þá sönnunarbyrði um að ummælin séu rétt að jafnaði á þeim sem breiðir þau út, að viðlagðri refsíabýrgð, sbr. *Hrd. 1993 bls. 140*, þar sem lagt var til grundvallar að útbreiðsla teldist sjálfstætt brot.¹⁹⁶ MDE hefur á hinn bóginn lagt til grundvallar að hafi blaðamenn eingöngu því hlutverki að gegna að miðla fullyrðingum annarra njóti þeir ríkrar verndar 10. gr. MSE og sé slík útbreiðsla refsalaus ef ummælin eru sett fram á óhlutdrægan hátt og eiga erindi til almennings.¹⁹⁷ Hefur jafnframt verið talið að þegar fjölmiðlar breiði út meiðandi staðhæfingar annarra nái vernd tjáningarfrelsisins lengra en þegar þeir setja fram sínar eigin staðhæfingar.¹⁹⁸ Þrátt fyrir að útbreiðsla af hálfu fjölmiðla njóti ríkrar verndar af hálfu MDE gerir dómstóllinn þó alltaf kröfur til þess að háttsemi blaðamanna sé forsvaranleg við útbreiðslu ummæla,¹⁹⁹ sbr. umfjöllun um góða trú hér að framan. Í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi fyrir MDE var honum virt til málsbóta að meiðyrði þau sem hann var sakfelldur fyrir hér á landi, hefðu að miklu leyti byggst á frásögnum annarra,²⁰⁰ og í *MDE, Jersild gegn Danmörku, 23. september 1994 (15890/89)*, var

¹⁹¹ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 130.

¹⁹² Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 115-116.

¹⁹³ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 266.

¹⁹⁴ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 203-204.

¹⁹⁵ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 266

¹⁹⁶ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 73-74.

¹⁹⁷ Sbr. Jens Elo Rytter: *Den Europæiske Menneskerettighedskonvention – og dansk ret*, bls. 304.

¹⁹⁸ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 74.

¹⁹⁹ Sbr. Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 74.

²⁰⁰ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 204. *MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88)*.

ekki talið réttlæt看legt að sakfella blaðamann vegna þess að hann hefði ekki viðhaft umdeild ummæli sjálfur heldur aðeins aðstoðað við útbreiðslu þeirra sem þáttastjórnandi. Hægt er að slá því föstu að síðarnefndi dómurinn hafi gert það að verkum að sú meginregla varð til þess að eingöngu í undantekningartilvikum megi draga blaðamenn til ábyrgðar vegna ummæla annarra, sem erindi eru talin eiga í opinbera umræðu.²⁰¹ Ekki er hægt að sjá að Hæstiréttur hafi beinlínis tekið tillit til sjónarmiða MDE í framkvæmd sinni²⁰² en hægt er þó að merkja áhrifin meðal annars í *Hrd. 2000, bls. 4506 (272/2000)*. Um var að ræða meiðyrðamál sem K, þáverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins höfðaði gegn S. Krafðist hann ómerkingar tiltekinna ummæla sem birtust í grein S í dagblaðinu D. Voru ummæli S innlegg í heita þjóðfélagssumræðu þess tíma. Var hann sýknaður bæði í héraðsdómi og Hæstarétti og bent á að K væri í áberandi stöðu innan Sjálfstæðisflokksins og yrði að una því að fjallað yrði um hann á þann hátt sem gert var í grein S. S kvaðst hafa fengið upplýsingar frá aðilum sem ekki sáu sér fært að koma fyrir dóminn og bundnir væru víðtækri þagnarskyldu um störf sín. Taldi Hæstiréttur það ekki á hann lagt að sanna ummæli sín þar sem það gæti orðið óhæfilegum erfiðleikum bundið. Af þessum dómi má álykta að ef óhæfilega erfitt reynist þeim er viðhefur ummæli að sanna þau, til þess að þau teljist refsilaus, verði það ekki á hann lagt. Einnig má draga þá ályktun að ef um er að ræða frásagnir, sem ekki eru upprunalega komnar frá þeim aðila er viðhefur refsiverð ummæli, verði það virt honum til refsimildunar, svo lengi sem hann viðhefur góða trú og breiði ekki út ósannar staðreyndir gegn betri vitund.²⁰³ Þessi dómur er í samræmi við sjónarmið MDE í sambærilegum málum en ekki verður það sama sagt um aðra nýlega dóma Hæstaréttar, sbr. t.d. *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008)*. Undir venjulegum kringumstæðum er viðurkennt að refsilaust sé að skýra frá kæruefnum, upplýsingum úr vitnaleiðslum og því sem kemur fram í uppkveðnum dómum, jafnvel þó þar birtist eitthvað sem skert gæti æru annars. Sama má segja um það sem fram fer á Alþingi og öðrum opinberum fundum sem almenningur hefur aðgang að.²⁰⁴ Slíkt hefur einnig verið talið gilda um útbreiðslu ummæla sem almenningi eru þegar kunn. Það er þó ekki algilt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig því yfirleitt er útbreiðslan einmitt til þess fallin að enn fleiri fái vitneskju um hin meiðandi ummæli.²⁰⁵

Í 237. gr. er fjallað um briglsyrði og segir þar, að bregði maður öðrum manni brigslum, án nokkurs tilefnis, verði það sektum, jafnvel þó hann segi satt. Í raun er þar tekið á því ef

²⁰¹ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls 76-77.

²⁰² Sbr. Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls 83-89.

²⁰³ Sbr. Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls 81.

²⁰⁴ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 204.

²⁰⁵ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 136-137.

ærumeiðandi ummæli eru borin fram án nokkurs tilefnis, þó sönn séu. Hugtakið brigsl merkir álasanir eða ásakanir sem kunna að fela í sér aðdróttanir en þurfa þó ekki endilega að vera svo víðtækar.²⁰⁶ Með ákvæðinu er einkum verið að vernda sjálfsvirðingu manns og ekki þarf að vera um útbreiðslu að ræða.²⁰⁷ Hægt er að hugsa sér að þetta ákvæði geti átt við ef verið er að rifja upp gamla refsidóma manns. Meiri líkur eru þó á að ákvæði 235. gr. verði beitt líkt og gert var í *Hérd. Rvk. 13. október 2011 (E-6524/2010)*, þar sem rifjaður var upp áratuga gamall refsíðómur stefnanda. Ákvæðið ber með sér að tilefni ummæla þarf ekki að vera mikið til að ummæli verði talin vítalaus. Þetta er þó háð mati hverju sinni.²⁰⁸ Taka má dæmi um mann sem býður sig fram í Alþingiskosningum og ber við flekklausri fortíð sinni. Einhver hefur vitneskju um að viðkomandi hafi setið af sér fangelsisrefsingu. Framboð hans og þær röngu staðreyndir sem hann heldur fram væru líklega nægt tilefni til að hinn gamli refsíðómur sé rifjaður upp. Sá er viðhefur ummæli ber sönnunarbyrði fyrir því að brigslýrði hafi ekki verið tilefnislaus.²⁰⁹ Álitæfni er hvort ákvæðið falli að nútímalegum kröfum sem gerðar eru til tjáningarfrelsis þar sem verið er að lýsa meiðandi ummæli refsiverð, jafnvel þó sannleiksgildi þeirra sé sannað. Það verður þó ekki beinlínis leitt af orðalagi 10. gr. MSE eða 73. gr. stjkskr.²¹⁰ Er þetta ákvæði þó afar sjaldgæft í framkvæmd og sýnist höfundi að enginn dómur hafa fallið um það.

Í 2. mgr. 232. gr. hgl. kemur fram að hver, sem opinberlega leggur annan mann í einelti með vísvitandi ósönnum skýrslum, sem lagaðar eru til þess að lækka hann í áliti almennings, sæti sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Á þetta ákvæði aðeins við ef um er að ræða vísvitandi ósannar skýrslur. Er það ekki alltaf raunin þegar um nafn- og myndbirtingu er að ræða og því ekki víst að þetta ákvæði hafi raunhæft gildi í tengslum við ritgerðarefnið, en getur þó átt við í einhverjum tilvikum.

Samkvæmt 18. gr. hgl. er ásetningur skilyrði refsíabyrgðar vegna brota á hgl. Í framkvæmd er þó sjaldnast sýknað af ærumeiðingarbroti vegna skorts á ásetningi. Ef sá sem brot fremur er í þeirri trú að ummæli hans séu sönn, nægir það almennt ekki til að losa hann undan refsíabyrgð. Væri þannig gengið mjög nærri vernd þeirri sem ákvæðum hgl. er gert að tryggja. Til þess að um ásetning sé að ræða verður gerandi að vera meðvitaður um að tjáning hans geti haft meiðandi áhrif á æru annars. Ærumeiðingar teljast þó til samhverfra brota og eru refsiverðar án tillits til afleiðinga. Meiðandi ummæli verða þó að hafa komist til vitundar

²⁰⁶ *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 65.

²⁰⁷ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 205.

²⁰⁸ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 205.

²⁰⁹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 205.

²¹⁰ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 137.

brotapóla.²¹¹ Afleiðingar meiðandi ummæla kunna þó að skipta máli við mat á miskabótum skv. 26. gr. skbl., bæði mat á því hvað teljist ólögmet meingerð og einnig við ákvörðun á fjárhæð bóta.²¹²

Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hgl. má í meiðyrðamáli dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk. Í 2. mgr. kemur fram að dæma megi þann sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum. . Úrræði bæði 1. og 2. mgr. þurfa að vera að kröfu þess sem misgert var við.

Ef mál, varðandi nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum vegna grunaðra, ákærðra eða dæmdra manna koma til umfjöllunar hjá dómstólum, má telja nokkuð ljóst að reyna myndi á ákvæði XXV. kafla hgl. Ef um væri að ræða nafn- eða myndbirtingu á manni, sem ekki væri búið að ákæra og nafn hans eða mynd sett í samhengi við það afbrot sem hann er sakaður um eru líkur á að slíkt teljist brot á friðhelgi einkalífs viðkomandi sem fellur undir ákvæði 229. gr. hgl., líkt og fyrr var fjallað um, eða aðdróttun, sbr. 235. gr. hgl. Sé um að ræða mann sem hefur verið ákærður er komið inn á svið meginreglunnar um opinbera málsmeðferð sbr. 10. gr. sml. Ávallt verður þó að hafa í huga orsakir þess ef dómari ákveður að loka þinghaldi, sbr. a-g-lið 10. gr. sml., og ber fjölmiðlum að virða slík tilfelli, sbr. *Hrd. 25. febrúar 2010 (90/2010)*. Ef maður hefur afplánað refsingu hljóta almennar reglur um æruvernd að eiga við um hann. Skoða má hina sértæku reglu í 2. mgr. 238. gr. hgl. í þessu samhengi. Þar segir að óheimilt sé að bera mann framur þeim sökum, sem hann hafði verið dæmdur fyrir og síðar öðlast uppreist æru. Kemur fram að sönnun leysi ekki undan refsingu ef svo stendur á. Svo sem fram kemur á þetta aðeins við ef viðkomandi hefur fengið uppreist æru, sem er sjaldgæft nú til dags og því ólíkleg að mikið reyni á þessa reglu. Ef um dæmdan mann er að ræða getur einnig verið um aðdróttun að ræða, sbr. *Hérd. Rvk. 13. október 2011 (E-6524/2010)*, en ef tekið er mið að umfjöllun í kafla 3.4. verða gamlir refsídómar þó stundum taldir eiga erindi í almenna þjóðfélagsumræðu í dag.

²¹¹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 206-207.

²¹² Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmetrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 77.

4.3 Skaðabótalög nr. 50/1993

4.3.1 Inngangur

Áður hefur komið fram að ákvæði 229. gr., 234. gr. og 235. gr. hgl. hafa að geyma viðurlög, sektir eða fangelsi allt að einu ári. Í ákvæði 264. gr. hgl., áður en því var breytt var að finna dæmi um bótaheimild í refsilögum. Vernd gegn brotum á friðhelgi einkalífs hefur nú á dögum að miklu leyti flust yfir á svið skaðabótar.²¹³ Má einnig fullyrða að refsingar vegna ærumeiðinga, og þá einkum útbreiðslu þeirra, gætu staðið höllum fæti gegn 73. gr. stjkskr. og 10. gr. MSE,²¹⁴ sbr. það sem fyrr hefur komið fram. Í b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. segir að heimilt sé að láta þann sem ábyrgð beri á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns, greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Er þetta meginákvæði íslenska laga um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.²¹⁵ Ólafur Jóhannesson skilgreindi hugtakið miska á þann hátt að um væri að ræða tjón sem ekki yrði metið til peninga eftir almennum mælikvarða. Væri um að ræða skerðingu hugrænna gæða, sem eru svo bundin við hvern einstakling, að erfitt er að meta til fjár.²¹⁶ Getur brotaþoli farið fram á skaðabætur vegna miska sem hann hefur orðið fyrir vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru eða persónu hans. Fjárhagslegar skaðabætur vegna brota á friðhelgi einkalífs geta þó verið raunhæfar, t.d. ef viðkomandi hefur misst vinnu vegna ummæla sem um hann hafa fallið, en þær eru nánast óþekktar á þessu sviði. Spila sönnunarvandræði þar stórt hlutverk.²¹⁷

4.3.2 Ákvæði 26. gr. skaðabótalaga

Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að skbl. segir um þessa grein frumvarpsins að ekki sé lengur skilyrði miskabóta vegna brots gegn friði, æru eða persónu að brotið sé refsivert líkt og var skv. þáverandi 264. gr. hgl. Nægir að brotið sé ólögmætt.²¹⁸ Með þessu var heimildin að vissu leyti rýmkuð frá því sem áður var.²¹⁹

Hugtakið ólögmæt meingerð var tekið upp með skbl., en áður var talað um refsiverða meingerð. Hugtakið ólögmæti er ekki skilgreint með nákvæmum hætti en ætla má að um sé að ræða mannlega háttsemi sem brýtur gegn réttarreglum og að ábyrgðarleysisástæður eigi

²¹³ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 26.

²¹⁴ Sbr. Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á internetinu“, bls 125.

²¹⁵ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 179.

²¹⁶ Ólafur Jóhannesson: „Fjártjón og miski“, bls. 3-11

²¹⁷ Sbr. Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 285.

²¹⁸ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 3668.

²¹⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 716.

ekki við um.²²⁰ Hugtakið meingerð er einnig að finna í húsaleigulögum nr. 36/1994 og lögum um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003. Í báðum tilfellum er vísað til persónulegrar meingerðar. Í greinargerðum með frumvörpum beggja laga er ekki að finna skýringu á því hvað telst til persónulegrar meingerðar.²²¹ Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að skbl. kom fram um 26. gr. að til þess að um ólögmæta meingerð geti verið að ræða verði hegðun að vera saknæm en gáleysi verður þó að vera verulegt til að skilyrðinu um ólögmæta meingerð sé fullnægt.²²² Talið er að ólögmæt meingerð geti falist í hvers kyns árásum á æru manns, en þó verður slík árás að vera af ákveðnum grófleika.²²³ Hæstiréttur hefur staðfest að ákvæði 26. gr. skbl. geti átt við í allmörgum og mismunandi tilfellum, svo sem við óréttmæta uppsögn úr starfi og við rannsókn sakamála.²²⁴ Helstu dæmi um réttarbrot sem b-liður 1. mgr. 26. gr. fjallar um eru ærumeiðingar, heimildarlaus frelsisskerðing, kynferðisbrot og ólögmæt röskun á friðhelgi einkalífs.²²⁵ Hér verður þó aðeins horft til hinnar ólögmætu meingerðar sem átt getur við ef um brot gegn friðhelgi einkalífs er að ræða með nafn- eða myndbirtingu í fjölmiðlum. Hæstiréttur hefur tekið til greina kröfur um miskabætur skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. í allnokkrum dómum þar sem talið hefur verið brotið gegn ákvæði 229. gr. hgl. um friðhelgi einkalífs eða ákvæðum hgl. er fjalla um ærumeiðingar.

Í umfjöllun um tjáningarfrelsið fyrr í ritgerðinni komu fram þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt fyrir takmörkunum þess. Ljóst er, að dómur sem kveður á um greiðslu miskabóta vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru eða persónu, felur í sér eftirfarandi takmörkun á tjáningarfrelsi. Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjskr. og 2. mgr. 10. gr. MSE verða ákveðin skilyrði að vera uppfyllt svo slíkar takmarkanir séu heimilar, til dæmis skilyrðið um vernd mannorðs annarra. Ef þau skilyrði teljast ekki uppfyllt þegar dæmdar eru miskabætur í meiðyrðamálum hefur MDE felld áfellisdóma gagnvart ríkjum vegna íhlutunar í tjáningarfrelsið, sbr. til dæmis *MDE, Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi*, 20. maí 1999 (21980/93). Því er ljóst að þegar dómstólar dæma miskabætur skv. ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skbl. gætu ríki hlotið dóm hjá MDE ef skilyrðum 2. mgr. 10. gr. MSE er ekki fullnægt.²²⁶

²²⁰ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 31.

²²¹ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 31.

²²² Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 3669.

²²³ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 32.

²²⁴ Sbr. Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 33-34.

²²⁵ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 157.

²²⁶ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 33-34.

Líkt og fyrr hefur komið fram kemur það í hlut dómstóla að reyna að finna jafnvægið milli tjáningarfrelsis, sbr. 73. gr. stjkskr. og friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjkskr. Við þetta mat þarf meðal annars að skoða hvort þau skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjkskr. séu uppfyllt. Þegar um er að ræða miskabætur skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. eru allavega tvö skilyrði ákvæðisins uppfyllt, lagaheimild er fyrir hendi og takmörkunin er vegna réttinda eða mannorðs annarra. Í hverju tilviki þarf svo að skoða hvort takmarkanirnar séu nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Hafa Hæstiréttur og MDE skýrlega tekið fram í dómum sínum að takmarkanirnar verði að skýra þröngt og sýna verði fram á augljósa nauðsyn þeirra. Hjá MDE hafa úrslit mála oft ráðist af því hvort ríki hafi gætt meðalhófs við takmörkun á tjáningarfrelsinu. Sama er uppi á teningnum varðandi skýringu á 3. mgr. 73. gr. stjkskr.²²⁷ Við ákvörðun þess hvort takmörkun er nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi vísast til kafla 3.2.5.4. Samkvæmt framangreindu verða nokkur skilyrði að vera uppfyllt ef ætlunin er að beita ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skbl. þegar um er að ræða nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum af grunuðum, ákærðum eða dæmdum mönnum. Um ólögmæta meingerð þarf að vera að ræða. Andlag hennar er æra eða persóna manns og þarf nafn- eða myndbirting manns í fjölmiðlum í tengslum við afbrot að vera talin til árása á mannorð eða friðhelgi einkalífs hans. Verður jafnframt að fara fram mat á því hvort sú takmörkun á tjáningarfrelsinu, sem felst í dómi um miskabætur sé nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Þarf þá alltaf að finna jafnvægið milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs og skoða hvort nafn viðkomandi eða mynd hans í tengslum við afbrot eigi heima í almennri þjóðfélagsumræðu eða ekki. Ef svo er ekki, má telja að gengið hafi verið of nærri friðhelgi einkalífs viðkomandi og réttlætanlegt að hann eigi rétt á miskabótum skv. b- lið 1. mgr. 26. gr. skbl. Verður það talið standast ákvæði 73. gr. stjkskr.

Ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skbl. veitir heimild til að dæma miskabætur til þess er misgert var við, þ.e. þolanda hinnar ólögmætu meingerðar. Áður var um að ræða skyldu en því var breytt árið 1999 með lögum nr. 37/1999 um breytingu á skaðabótalögum. Samkvæmt ákvæðinu er það sá sem ábyrgð ber á hinni ólögmætu meingerð sem heimilt er að dæma til greiðslu miskabóta. Ekki er nauðsynlegt að ákveðinn einstaklingur sé sjálfur sekur um meingerðina heldur getur reglan um vinnuveitendaábyrgð átt við.²²⁸ Á þetta oft við varðandi ábyrgð ummæla í fjölmiðlum, hvort sem það eru ljósvakamiðlar eða prentmiðlar, sbr. þó sérreglur um refsí- og fébótaábyrgð í 50. og 51. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011.²²⁹

²²⁷ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 39-40.

²²⁸ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 3669.

²²⁹ Sbr. Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 70 og 73.

Til þess að bótaskylda sé fyrir hendi þarf háttsemi að teljast sagnæm. Kemur þá til skoðunar hvort sá, er háttsemi viðhafði, hafi fylgt settum lagareglum eða öðrum reglum sem gilda um háttsemina. Ef ljóst er að slíkar reglur hafi verið brotnar eykur það líkurnar á því að um ólögmæta meingerð í skilningi 26. gr. skbl. hafi verið að ræða.²³⁰ Það sem skiptir miklu máli hér við mat á sök fjölmiðlamanns eru meðal annars ákvæði siðareglna B.Í. og úrskurðir siðanefndar B.Í. Verður talið að ef fjölmiðlamaður hefur farið gegn ákvæðum siðareglanna og siðanefndin úrskurðað svo, sé það til þess fallið að auka líkur á að hin ólögmæta meingerð sé til staðar. Þarna spila einnig stórt hlutverk hinir góðu blaðamannshættir sem siðareglunum er ætlað að tryggja og í nýlegum dómum Hæstaréttar kemur hin góða trú blaðamanns til skoðunar, sbr. umfjöllun í kafla 3.6. Fleiri atriði hafa áhrif á mat á bótaskyldu og fjárhæð bóta. Má þarf nefna tilgang og háttsemi tjónvalds eftir að hið meinta brot átti sér stað. Ef viðkomandi heldur áfram uppteknum hætti, hér með áframhaldandi nafn- og myndbirtingu, getur það leitt til ótvíræðari bótaskyldu og hærri bótafjárhæðar. Einnig er horft til þess hversu útbreidd ummæli eru, þ.e. hvar ummæli birtast. Því víðar sem ummæli berast má frekar ætla að bótaábyrgð sé fyrir hendi og bótafjárhæð hærri.²³¹ Hér lýtur álitafnið að nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum. Útbreiðslan er því umtalsverð.

Ef um áfellsdóm er að ræða, til dæmis ef ummæli hafa verið ómerkt, má vera að það eitt og sér geti leitt til þess að miskabætur verði ekki dæmdar eða þær lækkaðar. Einnig koma til skoðunar fyrning og tómlæti ásamt atriðum sem tengjast sönnun og sönnunarbyrði, en hún hvílir á tjónþola. Hins vegar er ljóst að sönnun á ófjárhagslegu tjóni er oft vandkvæðum bundin, þar sem ekki er beinlínis um sýnilegt tjón að ræða.²³² Orsakasambandið milli tjónsins og ummæla er ekki eins auðrakið og þegar um fjárhagslegt tjón er að ræða. Að sama skapi er erfitt að ákvarða bótaupphæðina, þ.e. að ákvarða hversu mikið tjónið er.²³³ Eru því ekki gerðar sömu kröfur til sönnunar um tjón og umfang þess þegar um miskabætur er að ræða.²³⁴ Hafa miskabætur í meiðyrðamálum iðulega verið dæmdar á algjörlega matskenndum grundvelli.²³⁵

Af framangreindri umfjöllun má ljóst vera að ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skbl. hefur raunhæfa þýðingu í umfjöllun um nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum af grunuðum, ákærðum

²³⁰ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 76.

²³¹ Sbr. Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 78-80.

²³² Sbr. Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 81-85.

²³³ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 285.

²³⁴ Sbr. Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 81-85.

²³⁵ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 180.

og dæmdum mönnum. Skilyrði ákvæðisins þurfa að vera uppfyllt auk skilyrða 73. gr. stjkskr. fyrir takmörkun á tjáningarfrelsinu.

4.4 Fjölmiðlalög nr. 38/2011

4.4.1 Inngangur

Fjölmiðlalög nr. 38/2011 öðluðust gildi þann 20. apríl 2011. Gilda þau um alla fjölmiðla sem miðla efni til almennings hér á landi og um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun. Einnig gilda þau um allt ritefni hvort sem því er miðlað á prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti. Kemur þetta fram í 3. gr. laganna en hafa verður hliðsjón af 4. gr. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögunum segir að ákveðið hefði verið að hafa gildissvið laganna ekki of þröngt. Væri það gert vegna hinna öru tæknibreytinga og sífellt nýrra forma fjölmiðla.²³⁶ Þau ákvæði laganna sem einna helst gætu haft áhrif þegar um nafn- og myndbirtingu sakborninga í fjölmiðlum koma til skoðunar hér á eftir.

4.4.2 Ákvæði 26. gr. fjölml.

Í 26. gr. fjölml. kemur m.a. fram að fjölmiðlaveita, þ.e. sá einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 2. gr., skuli í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skuli virða mannréttindi og jafnrétti auk þess að hafa í huga friðhelgi einkalífs. Fjölmiðlaveita skuli gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í umfjöllun sinni um fréttir og fréttatengt efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram. Í athugasemdum með grein þessari í frumvarpinu er hún talin vísa til þeirra hugmynda sem liggja til grundvallar upplýstri umræðu og ákvarðanatöku í lýðræðissamfélagi. Slíkar lýðræðishugmyndir byggi á því að upplýst umræða, tjáningarfrelsi og réttur til upplýsinga að teknu tilliti til friðhelgi einkalífs sé grundvöllur lýðræðisins. Eiga notendur fjölmiðla kröfu á að staðhæfingar sem settar eru fram séu réttar og að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram. Verður því blaða- og fréttamennska að vera fagleg og að leitað sé margra heimilda og heimildarmanna til að sannreyna staðreyndir áður en upplýsingar séu birtar. Líta skuli til félagslegra gilda fréttar- og upplýsinga þar sem blaða- og fréttamenn þurfi með ábyrgum hætti að miðla upplýsingum og fréttum til notenda. Beri þeir því siðferðislega ábyrgð á miðluðu efni og fyrst og fremst ábyrgð gagnvart notendum fjölmiðlanna. Talið var að með setningu þessa ákvæðis yrði það öðrum mannréttindaákvæðum til fyllingar.²³⁷

²³⁶ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-2011, bls. 110 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

²³⁷ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-2011, bls. 142-143 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

4.4.3 Rétturinn til andsvara, sbr. 36. gr. fjölml.

Í 36. gr. fjölml. er að finna réttinn til andsvara. Þar segir að aðili sem telji að lögmatir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hafi rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skuli birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafi verið færð fyrir beiðni þar um. Birta skal andsvör óháð formi fjölmiðils þannig að eftir verði tekið og er fjölmiðlaveitu óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir slíka birtingu eða miðlun andsvars. Fjölmiðlaveita getur þó synjað beiðni um andsvar ef ákvæðnar aðstæður eru fyrir hendi sbr. a-f-liði 2. mgr. 36. gr.

Með þessu ákvæði var lagt til að ein og almenn regla gilti um andsvarsrétt í öllum fjölmiðlum. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð er tiltekið að andsvör, eða leiðréttingu verði komið við svo skjótt sem mögulegt er. Ef um er að ræða rangfærslur í fréttatíma væri því eðlilegt að leiðrétting kæmi fram í næsta fréttatíma eftir að rök hafa verið færð fyrir slíkum andsvörum. Verður andsvarið eða leiðréttingin að koma fram með sama hætti í fjölmiðli og rangfærslan kom fram. Í 2. mgr. eru reglur um aðstæður þar sem fjölmiðlaþjónustuveitandi getur hafnað beiðni um andsvar. Megintilgangur þess er að koma í veg fyrir misnotkun á réttinum til andsvara en einnig að leysa ágreining ef upp kemur. Er upptalning ákvæðisins tæmandi og eigi enginn stafliðanna við er ekki í boði að synja um andsvar.²³⁸ Skv. 4. mgr. getur aðili borið rétt sinn undir fjölmiðlanefnd ef fjölmiðlaveita synjar beiðni um andsvar.

4.4.4 Refsi- og fébótaákvæði

Um ábyrgð á hljóð-, mynd- og ritefni eru ákvæði í 50. gr. og 51. gr. en brot á lögnum verða aðeins kærð til lögreglu að undangenginni kæru fjölmiðlanefndar eða Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 1. mgr. 57. gr. Samkvæmt 50. gr. er fjölmiðlamaður ábyrgur ef hann er heimilisfastur hér á landi eða lýtur annars íslenskri lögsögu. Á það við svo lengi sem hann tjáir sig í eigin nafni, flytur og/eða miðlar efni sem hann sjálfur hefur samið og/eða flytur efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun. Slík ábyrgðarregla tekur einnig til samtala sem fara fram í útvarpi eða sjónvarpi. Lúti einstaklingur ekki íslenskri lögsögu bera efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaþjónustuveitanda ábyrgð á efninu.²³⁹

Í 51. gr. er fjallað um ábyrgð á ritefni og er tekið fram í athugasemdum greinargerðar að greinin sé byggð í grunninn á hinu belgíska ábyrgðarkerfi.²⁴⁰ Með a-lið 1. mgr. 51. gr. var

²³⁸ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-2011, bls. 153-154 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

²³⁹ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-2011, bls. 190 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

²⁴⁰ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-2011, bls. 192 (enn óbirt í A-deild Alþt.). Samkvæmt því kerfi er það meginreglan að einn einstakur aðili að birtingu rits sé gerður ábyrgur fyrir efni þess, en öðrum sleppt. Beri aðilar þessa ábyrgð

ætlunin að uppræta hinar ströngu reglur sem höfðu gilt um nafngreiningu þeirra sem tjáðu sig í fjölmiðlum. Er því nægilegt skv. gildandi lögum að efni sé merkt einhverjum með augljósum hætti, þó svo að viðkomandi sé ekki nafngreindur bæði með skírnar- og eftirnafni. Í því samhengi þarf þó að vera augljóst um hvern sé að ræða til að viðkomandi verði gerður ábyrgur fyrir efninu.²⁴¹ Sú breyting varð auk þess með tilkomu fjölml. að í stað þess að blaðamenn beri ábyrgð á ummælum viðmælanda sinna líkt og raunin var í prentlögum, sbr. *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008)*, beri nafngreindur einstaklingur sem samþykkir miðlun upplýsinga ábyrgð á ummælum sínum.²⁴²

4.4.5 Ályktanir

Í hinum nýsettu fjölmiðlalögum eru engin ákvæði sem beinlínis taka á nafn- eða myndbirtingu. Þó er áréttað að fjölmiðlaveitur skuli í störfum sínum virða lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsið ásamt því að hafa friðhelgi einkalífs í huga. Er þó aðeins um almenna stefnuyfirlýsingu að ræða sem mætti nota til hliðsjónar og fyllingar öðrum réttarreglum þegar um vafamál varðandi nafn- og myndbirtingu er að ræða. Ljóst er að rétturinn til andsvara í 36. gr. gæti einnig komið að góðum notum í þessu samhengi. Á það sérstaklega við ef fjölmiðill nafngreindir eða myndbirtir grunaðan, ákærðan eða dæmdan mann og heldur fram rangfærslu, t.d. um sekt hans. Er þeim fjölmiðli þá skylt að leiðrétta mistök sín svo fljótt sem kostur er á jafnáberandi hátt og rangfærslan kom fram. Er þetta undantekning frá þeirri meginreglu að forráðamenn fjölmiðla ráði hvaða efni þeir birta í miðlum sínum.²⁴³ Í ákvæðum 50. og 51. gr. laganna er að finna reglur um hver beri ábyrgð á hljóð-, mynd- og ritefni. Hægt er að horfa til þessara reglna þegar mál er varða nafn – eða myndbirtingu koma til kasta dómstóla. Líklegast hafa ábyrgðarreglurnar mest gildi í framkvæmd, í tengslum við það hver sé ábyrgur fyrir ummælum í tengslum við nafn – og myndbirtingu. Aðrar reglur, sem nefndar voru, koma þó mannréttindaákvæðum stjkskr. og öðrum viðeigandi réttarreglum til fyllingar.

4.5 Reglur sakamálaréttarfars

4.5.1 Inngangur

Í kafla 3.7 var fjallað um rétt manns til réttlátrar málsmeðferðar, sbr. vernd þess réttar í 70. gr. stjkskr. og 6. gr. MSE. Í ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjkskr. er að finna nokkrar meginreglur sem

í ákveðinni röð, sem ákveðin er eftir nánari eða fjarlægari tengslum þeirra við efni og útgáfu rits, sbr. Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur*, bls. 136.

²⁴¹ Þskj. 215, 139. lögb. 2010-2011, bls. 192 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

²⁴² Sbr. Þskj. 215, 139. lögb. 2010-2011, bls. 188 og 192 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

²⁴³ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 176.

mikilvægar eru réttarfarslöggjöf hér á landi. Þær eru réttur manns til aðgangs að dómstólum, réttur til réttlátrar málsmeðferðar, réttur til þess að óháður dómstóll leysi úr máli manns, réttur til opinberrar málsmeðferðar og réttur til að leyst verði úr máli innan hæfilegs tíma.²⁴⁴ Ákvæði 1. mgr. 6. gr. MSE inniheldur einnig nokkrar mikilvægar reglur sem saman mynda heildarreglu um réttláta málsmeðferð. Þegar metið er hvort brotið hafi verið gegn ákvæðinu er meðal annars horft til þessara atriða. Þessar reglur eru jafnræði málsaðila fyrir dómi og reglan um að dómstólar aðildarríkja sjái um sönnunarfærslu og sönnunarmat. MDE leggi hins vegar mat á hvort reglum varðandi sönnun sé framfylgt af dómstólum aðildarríkjanna. Aðrir lykilþættir í réttlátri málsmeðferð eru reglan um munnlega málsmeðferð, bann við því að skylda mann til að játa á sig sök, stjórn dómara á þinghaldi og rökstuðningur fyrir dómsniðurstöðu.²⁴⁵ Ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE eru nær undantekningarlaust skýrð saman líkt og áður hefur komið fram.

Í sakamálaréttarfari er byggt á ákveðnum meginreglum við meðferð mála hjá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum og sækja þær stoð í framangreind ákvæði stjkskr. og MSE. Þessar meginreglur taka breytingum í tímans rás og eru engar algildar reglur til.²⁴⁶ Er þessar reglur m.a. að finna í sml. Ef nafn manns eða mynd af honum er birt í fjölmiðlum á viðkvæmu stigi máls er hætt við því að hann hljóti dóm almenningsálitsins án tillits til þess hverjar málalýktir verða. Hefur sakborningur ekki alltaf kost á því að verja sig og ljóst er að ójafnræði er með aðilum málsins, þ.e. annars vegar ríkisvaldi og hins vegar sakborningi. Hafa flestar meginreglur sakamálaréttarfars það að markmiði að vernda mannréttindi sakaðra manna og koma í veg fyrir að saklausir verði sakfelldir. Ljóst er að ekki má einungis horfa til réttaröryggis sakborninga heldur verður lögregla að hafa einhver úrræði til þess upplýsa afbrot. Er því einnig horft til réttarstöðu brotþola. Hafa þessi sjónarmið mótað þær meginreglur sem sakamálaréttarfarið býr við.²⁴⁷ Slíkar reglur hafa mikla þýðingu til varnar því að réttur sakbornins verði fyrir borð borinn. Hér á eftir verður fjallað um nokkrar þeirra og einblínt á þær sem skipta máli fyrir efni þessarar ritgerðar.

4.5.2 Reglan um opinbera málsmeðferð

Í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. segir að dómþing skuli háð í heyranda hljóði, nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila. Á sama hátt er kveðið á um opinbera málsmeðferð í 1. mgr. 6. gr. MSE. Í 10. gr.

²⁴⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 219.

²⁴⁵ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 67-102.

²⁴⁶ Sbr. Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 1.

²⁴⁷ Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 1-2.

sml. er þessi regla lögfest. Er þar að finna nokkrar undantekningar sem eru sambærilegar þeim sem finna má í 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE.²⁴⁸

Samkvæmt orðalagi ákvæðis 1. mgr. 6. gr. MSE má banna aðgang almennings að réttarhöldum að nokkru eða öllu leyti af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn myndi torvelda framgang réttvísinnar. Í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. eru undantekningar sem gera dómara heimilt að loka þinghaldi lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila. Í 10. gr. sml. eru undantekningar lögfestar og taldar upp í a-g-lið. Ekki má ganga lengra en nauðsyn krefur þegar þinghaldi er lokað, og því jafnvel hægt að hafa þinghaldið einungis lokað að hluta, sbr. m.a. orðalag 1. mgr. 10. gr. sml.²⁴⁹ Sé um að ræða viðkvæm mál eða að þinghöldum er lokað vegna annarra ástæðna sem taldar eru upp í a-g-lið 1. mgr. 10. gr. sml. verða fjölmiðlar að virða ákvörðun dómara.²⁵⁰ Í 2. mgr. 11. gr. áðurgildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og einnig í 161. gr. laga nr. 74/1974 var ákvæði um að sá skyldi sæta refsingu, sem gæfi opinberlega, í ræðu eða riti, vísitandi eða gáleysislega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli væri ekki að fullu lokið, eða hefði á annan hátt ólögmat áhrif á málsmeðferð eða málsúrslit. Með þessum ákvæðum var gefið tækifæri á að takmarka tjáningarfrelsi á allvíðtækan hátt. Verndarhagsmunir ákvæðisins voru æra einstaklinga og vernd hennar fyrir röngum og særandi frásögnum og tók það bæði til fréttu og túlkunar þeirra. Ljóst er að ákvæðið skapaði fjölmiðlum mikið aðhald. Fjölmiðlar höfðu samt sem áður, meðan ákvæði þetta var í gildi, mikið svigrúm til að skýra frá afbrotum og meðferð mála hjá dómstólum svo lengi sem frásögnin var rétt, sbr. ályktun Jónatans Þórmundssonar í riti hans Opinberu réttarfari, frá árinu 1980.²⁵¹ Ekki er sambærilegt ákvæði að finna í núgildandi lögum, en heimild er þó fyrir dómara að banna opinbera frásögn ef hann telur að frásögn geti leitt til sakarspjalla eða valdið vandamönnum sakbornings, brotaþola eða öðrum sem ekki eru fyrir sökum hafðir þjáningum eða verulegum óþægindum, sbr. 2. mgr. 11. gr. sml. og t.d. *MDE, The Sunday Times gegn Bretlandi, 26. apríl 1979 (6538/74)*. Varðar brot gegn 11. gr. sekt skv. 223. gr. sml. en dómari

²⁴⁸ Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 15-16.

²⁴⁹ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 106-107.

²⁵⁰ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 391.

²⁵¹ Jónatan Þórmundsson: *Opinbert réttarfar*, bls. 78-80.

ákveður slíkar sektir að sjálfsdáðum skv. 222. gr. sml.²⁵² Gengur regla 2. mgr. 11. gr. þó augljóslega styttra til takmörkunar tjáningarfrelsis en fyrrnefndar reglur í áðurgildandi lögum. Það má sannarlega spyrja hvort tilgangurinn hafi verið að auka vernd tjáningarfrelsis fjölmiðlafólks. Ekki er fjallað um það í lögskýringargögnum að baki sml. Ljóst er, að mikil vakning varð um vernd tjáningarfrelsis með lögfestingu MSE og telja má að þar sé áhrifavaldinn að finna.

Reglan um opinbera málsmeðferð gildir ekki um rannsókn sakamáls, heldur einungis meðferð þess fyrir dómi.²⁵³ Réttur þessi er fólgin í þremur atriðum. Í fyrsta lagi á almenningur rétt til aðgangs að réttarhöldum, í öðru lagi skal dóm kveða upp í heyranda hljóði og í þriðja lagi skal meðferð máls vera munnleg.²⁵⁴ Reglan hefur tvíþætt markmið. Henni er ætlað að koma í veg fyrir að réttaröryggi þeirra sem aðild eiga að dómsmálum sé hætta búin en almennt mætti ætla að hættan yrði meiri á órétti í garð þeirra væru réttarhöld lokuð. Í öðru lagi er það fylgifyrirkomur opinberrar málsmeðferðar að almenningur geti fylgst með störfum dómstóla, m.a. vegna tilkomu fjölmiðla. Með því ætti dómurum að vera veitt aðhald og traust almennings á þá að styrkjast.²⁵⁵

Til þess að reglan um opinbera málsmeðferð sé virt er nægilegt að almenningur hafi greiðan aðgang að þeim og dómsalir aðgengilegir.²⁵⁶ Þar sem að hér á landi er fremur sjaldgæft að fólk fylgist sjálft með því sem fram fer í réttarsölum fara fjölmiðlar með mikilvægt hlutverk. Dómstólarnir sjálfir hafa heimild samkvæmt reglunni til þess að gefa út einhliða fréttatilkynningar en er slíkt afar fátítt og þeim mun algengara að fjölmiðlamenn sjái sjálfir um að mæta til réttarhalda og útbúi fréttirnar eftir eigin upplifun. Er þá mikilvægt að slík fréttamennska sé vönduð.²⁵⁷ Frétttaflutningur fjölmiðla af dómsmálum er algengur, þar á meðal í dagblöðum, á veraldarvefnum og í sjónvarpi. Hefur því mikla þýðingu, vegna þess hversu mikil áhrif fjölmiðlar hafa í nútímasamfélagi, að samskipti fjölmiðlamanna við dómstóla, ákærvald og lögreglu séu á vandaðan hátt.²⁵⁸

Í *Hrd. 11. mars 2009 (454/2009)* fjallaði Hæstiréttur um nafngreiningu dagblaðs á ákærðum manni á meðan mál hans var til meðferðar hjá dómstólum. Á forsíðu DV, þann 5. júlí 2007, var birt stór mynd af R, ásamt nafni hans, þar sem hann mætti til aðalmeðferðar

²⁵² Sjá *Hrd. 25. febrúar 2010 (90/2010)*. Var málinu vísað frá Hæstarétti þar sem aðili þess krafðist þess fréttamönnum yrði gerð sekt fyrir að skýra opinberlega frá því sem átti sér stað í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Ekki er í lögum gert ráð fyrir að málsaðili geri kröfu um réttarfarssekt.

²⁵³ Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 16.

²⁵⁴ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 104.

²⁵⁵ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 103.

²⁵⁶ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 105.

²⁵⁷ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 382.

²⁵⁸ Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 17.

sakamáls í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hafði verið höfðað mál á hendur honum vegna ætlaðs innflutnings fíkniefna. Undir ljósmyndinni var fyrirsögn með stóru letri þar sem stóð: „Hræddir kókaínsmyglarar.“ Inni í umræddu blaði var umfjöllun um málið. Var þar birt ljósmynd af honum og nafn hans ítrekað. R höfðaði málið gegn blaðamönnum DV og ritstjóra þess og krafðist miskabóta auk þess að ákveðin ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk. Þegar umfjöllunin í blaðinu birtist hafði dómur ekki gengið í málinu. Þann 12. júlí 2007 sýknaði héraðsdómur stefnanda af kröfu ákærvaldsins og hinn 29. maí 2008 staðfesti Hæstiréttur þann sýknudóm. Stefndu byggðu meðal annars á því að R hafi, með fyrirsögninni, ekki verið gefið neitt annað að sök en það sem honum var gefið að sök samkvæmt ákæruskjali. Það sé opinbert skjal sem hver sem er hefði getað kynnt sér. Héraðsdómur sýknaði stefndu. Tók hann fram að réttarhaldið hefði verið opið almenningi og frásögn hinna stefndu hefði verið í samræmi við það sem fram kom í réttarhaldinu. Yrði að telja eðlilegt að færðar séu fréttir af sakamálum sem til meðferðar væru hjá dómstólum landsins og að ekki væri gerð sú krafa að beðið sé niðurstöðu dómsmála áður en greint væri frá því. Breytti þar engu um þótt stefnandi hafi síðar verið sýknaður af ákærurni. Taldi dómurinn því að á þeim tíma er umfjöllunin átti sér stað hafi efni hennar átt erindi við almenning og haft fréttagildi. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem sneri dómi héraðsdóms við. Athyglisverð eru eftirfarandi ummæli dómsins:

Þessi skrif sneru að alvarlegu sakamáli, sem rekið var fyrir dómi í heyranda hljóði, og sætti því engum takmörkunum eftir 10. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að fjölmiðlar neyttu frelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar til að fjalla um málið, þar á meðal með því að nafngreina þá, sem sökum voru bornir. Í þeirri umfjöllun bar á hinn bóginn að gæta sérstaklega að því að það er hlutverk dómstóla að slá því föstu hvort sakaðir menn séu sannir að broti, en ekki fjölmiðla.

Hæstiréttur tók síðan fram að með þeim málalokum sem urðu á refsímáli stefnanda í dómskerfinu hafi því verið hafnað að hann hafi orðið sannur að sök um að vera „kókaínsmyglari“ og jafnframt að hann hafi tekið bifreið í vörslur sínar „í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað.“ Var þetta fullyrt í skrifum DV án efnislegs fyrirvara um að staðhæfingarnar væru aðeins reistar á ákæru sem varist væri fyrir dómi. Sökum þess að áfrýjandi var sýknaður hafi ummælin falið í sér aðdróttun í garð hans og ekki efni til annars en að verða við kröfu hans um ómerkingu þeirra. Hæstiréttur leit til þess að orðið „hræddir“ sem kom fram á forsíðu umrædds dagblaðs hafi falið í sér gildisdóm og bæri því ekki að ómerkja. Hæstiréttur taldi að þrátt fyrir að of langt hafi verið gengið í þessu máli í umfjöllun fjölmiðla og fullyrðingum þeirra um viðkomandi mann hefðu þeir fullan rétt á að fjalla um mál á meðan þau væri til meðferðar hjá dómstólum. Jafnframt sló Hæstiréttur því

föstu að heimilt sé að nafngreina í fjölmiðlum þá sem sökum eru bornir þegar mál þeirra eru rekin fyrir dómstólum.

Vel má vera að aðili kæri sig ekki um umfjöllun fjölmiðla um mál sitt og gæti hann því krafist þess að þinghöld í máli hans væru fyrir luktum dyrum. Þar sem að það eru ekki eingöngu hagsmunir aðila sem spila þarna inn í, heldur einnig almannahagsmunir er líklegt að slík krafa fengi ekki framgöngu. Þrátt fyrir það hlýtur slík ósk aðila að vera eitt af þeim atriðum sem dómari lítur til þegar ákveðið er hvort þinghald skuli vera lokað.²⁵⁹ Í *Hrd. 2000, bls. 3697 (407/2000)* komu glögglega í ljós almannahagsmunir af opnum réttarhöldum. Um var að ræða fréttamann, sem krafðist úrskurðar um lokun réttarhalds og kærði síðan þann úrskurð héraðsdómara um lokun réttarhalds til Hæstaréttar. Sú staðreynd að fréttamanninum var játaður réttur til að krefjast slíks úrskurðar og kæra hann síðan til æðra dóms sýnir glögglega að reglan um opinbera málsmeðferð er ekki aðeins hugsuð fyrir þá sem hagsmuna hafa að gæta af úrslitum máls. Þau ummæli í 1. mgr. 6. gr. MSE og 1. mgr. 70. gr. stjkskr. er lúta að því að dómur skuli kveðinn upp í heyranda hljóði má ekki skilja það bókstaflega að skylda sé að lesa upp allan dóminn á opnu dómþingi. Ekki er þó hægt að skýra ákvæðið á annan veg en að dómur verði birtur opinberlega, að minnsta kosti dómsforsendur.²⁶⁰ Allir dómar Hæstaréttar frá árinu 1998 eru birtir á vef Hæstaréttar á veraldarvefnum. Dóma sem kveðnir eru upp fyrir þann tíma má nálgast í útgefnum dómasöfnum.²⁶¹ Um birtingu héraðsdóma á heimasíðu héraðsdómstólanna fer eftir tilkynningu dómstólaráðs nr. 4/2010.²⁶² Er fjallað um nafnleynd í 3. gr. reglnanna. Þar segir:

Ef ákærði er sýknaður í máli eða birting á nafni hans getur talist andstæð hagsmunum brotþola skal nafnleyndar gætt um ákærða. Ef ákært er fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga (kynferðisbrot) skal gæta nafnleyndar um brotþola og aðra sem geta persónugreint hann. Skal þess þá jafnframt gætt að má út úr dómi aðrar upplýsingar sem gera kleift að persónugreina viðkomandi, svo sem heimilisföng og staðanöfn.

Gæta skal nafnleyndar í sakamáli gagnvart vitni þegar fjallað er um viðkvæm persónuleg málefni þess sem eðlilegt er að leynt fari.

Gæta skal nafnleyndar í sakamálum þar sem dómfelldu eru yngri en 18 ára.

Gæta skal nafnleyndar í einkamálum sem fjalla um mjög viðkvæm persónuleg málefni, svo sem málum um forsjá barna og aðra hagsmuni þeirra, um lögræðissviptingu og nauðungarvistun, um erfðir, um slit hjúskapar og óvígðrar sambúðar, svo og í málum þar sem fjallað er um viðkvæmar heilsufarsupplýsingar.

²⁵⁹ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 105-106.

²⁶⁰ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 111.

²⁶¹ Auk þess sem hægt er að fá aðgang að dómasöfnum á <http://www.creditinfo.is> og nú nýlega var stofnuð vefsíðan <http://www.fonsjuris.is>, þar sem nálgast má dóma Hæstaréttar.

²⁶² Reglurnar má finna á heimasíðu dómstólanna, <http://www.domstolar.is> undir „dómstólaráð-tilkynningar“.

Má ætla að ef þær ástæður sem greint er frá í þessu ákvæði eru fyrir hendi og nafnleyndar því gætt í dómi héraðsdóms sé það sterk vísbending í þá átt að óréttlæt看legt sé af fjölmiðli að birta nafn.

4.5.3 Sannleiksreglan

Í sakamálaréttarfari er lögð á það mikil áhersla að hið sanna komi í ljós í hverju máli. Er með því stefnt að því að sekir fái lögmælt viðurlög og á sama tíma komið í veg fyrir að saklausir verðir dæmdir.²⁶³

Í 3. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 53. gr. sml. er að finna ákvæði er varða ákærvaldið og þá sem annast rannsókn mála. Segir að þessir aðilar skuli ávallt gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar sakbornings. Slík hlutlægni tryggir réttaröryggi sakaðra manna. Til þess að hlutlægnin sé tryggð við rannsókn mála hjá lögreglu verður rannsókn að vera markviss og lögreglan má ekki horfa til fyrirfram ákveðinnar atburðarásar. Verður ákærandi á sama hátt að horfa bæði til atriða er horfa til sýknu og sektar sakbornings og ef vafi leikur þar á ber að fella málið niður, sbr. 145. gr. sml. Annað sem leiðir af sannleiksreglunni er að dómara er heimilt að líta framhjá játningu sakbornings, telji hann hana ekki sannleikanum samkvæma, sbr. til dæmis 164. gr. sml.²⁶⁴ Er mikilvægt að öll fjölmiðlaumræða taki mið af þessu, enda er það í höndum ákærvalds að leiða hið sanna í ljós, ekki fjölmiðla.

4.5.4 Jafnræðisreglan

Líkt og áður hefur verið minnst á er ekki fullt jafnræði með aðilum í sakamálum líkt og í einkamálum þar sem aðilar í sakamálum eru annars vegar einstaklingur, eða í vissum tilvikum lögaðili, og hins vegar ríkisvaldið. Þó leiðir það af 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. og 3. mgr. 6. gr. MSE að aðilar máls skulu vera jafnréttháir fyrir dómara og er mikilvægt að dómari halli á hvorugan undir rekstri máls. Þrátt fyrir að undantekningar séu gerðar á þessari reglu ber dómara ávallt að hafa hana að leiðarljósi við úrlausn um réttarstöðu aðila í sakamálum.²⁶⁵

Á það verður að líta að sakborningur á ekki alltaf auðvelt með að koma fram sem sjálfstæður aðili í máli, til dæmis ef hann er í gæsluvarðhaldi. Einnig getur dómari, skv. 1. mgr. 123. gr. sml. gert sakborningi að víkja úr þinghaldi meðan tekin er skýrsla af vitni ef dómari telur að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða jafnvel haft áhrif á framburð þess. Sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 123. gr. ef um er að ræða vitni

²⁶³ Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 11.

²⁶⁴ Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 11.

²⁶⁵ Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 13-14.

sem yngra er en 15 ára. Einnig er hægt að ákveða að ákærði og málflytjendur víki úr þinghaldi ef taka á skýrslu af vitni sem gefur ekki upp nafn sitt, sbr. 8. mgr. 122. gr. sml.²⁶⁶

Sakborningur hefur á brattann að sækja vegna sterkrar stöðu ríkisvaldsins. Með jafnræðisreglunni er reynt að bæta úr því. Er þannig mikilvægt að hlutur sakbornings sé ekki gerður verri í fjölmiðlum áður en traustar upplýsingar liggja fyrir. Ef um nafn- eða myndbirtingu sakbornings í fjölmiðlum er að ræða á meðan rannsókn máls stendur yfir eða meðan mál er rekið fyrir dómstólum má spyrja hvort meira sé hallað á sakborning en ella. Dómstólum ber að fara eftir 70. gr. stjkskr., 1. mgr. 6. gr. MSE og meginreglum sakamálaréttarfars við störf sín. Þó má velta fyrir sér, miðað við áhrifamátt fjölmiðla á skoðanamyndun almennings, hvort dómara séu þar undanskildir. Dómara eru mannlegir og eðli málsins samkvæmt hljóta þeir að fylgjast með fjölmiðlum. Mikið hefur verið fjallað um refsingar vegna fíkniefnabrota, ofbeldisbrota og kynferðisbrota, í þjóðfélaginu á undanförunum árum.²⁶⁷ Í *Hrd.* 1997, bls. 328 var stigið stórt skref og hinum ákærðu dæmd 6 ára fangelsisrefsing fyrir innflutning á MDMA töflum. Hefur dómurinn reynst stefnumarkandi í framkvæmd réttarins í fíkniefnamálum í seinni tíð enda um hærri refsingu að ræða en áður hafði verið dæmd í sambærilegum málum. Má draga þá ályktun að áhrif fjölmiðla hafi spilað stórt hlutverk við ákvörðun refsingar í fyrrnefndum dómi. Er líklegt að slíkar umræður hafi einnig skilað sér til löggjafans sem breytt hefur refsimörkum lagaákvæða og þar með haft áhrif á refsiaávarðanir. Með lögum nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum, var refsiramma ýmissa ákvæða kynferðisbrotakafli hgl. breytt. Hefur lengi verið krafa í þjóðfélaginu, og fjölmiðlum, um hækkun refsinga fyrir kynferðisbrot. Brást löggjafinn við með þeim hætti að hækka meðal annars refsiramma vegna nauðgana og kynferðisbrota gegn börnum.²⁶⁸ Hefur það að einhverju leyti skilað sér til dómstóla með þyngri refsingum, en enn eru uppi háværar raddir í þjóðfélaginu um harðari refsingar vegna kynferðisbrota.

Því verður að íhuga hvort fjölmiðlaumfjöllun um mál, mögulega meðan það er enn á frumstigi, geti ekki að einhverju leyti haft áhrif á dómgreind dómara sem dæmir í máli þó að vafasamt sé að fullyrða nokkuð um það.

4.5.5 Þýðing gæsluvarðhaldsúrskurðar eða handtöku

Ákvæði er varða gæsluvarðhald og handtöku er að finna í sml. Verður nú stuttlega fjallað um mögulega þýðingu þessara þvingunarráðstafana fyrir nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum.

²⁶⁶ Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 14-15.

²⁶⁷ Jón Þór Ólason: „Dómstóll götunnar - gapastokkur nútímans“, bls. 376.

²⁶⁸ Ragnheiður Bragadóttir: „Þróun refsinga fyrir kynferðisbrot“, bls. 54 og 57.

Gæsluvarðhald er sú þvingunarráðstöfun sem talin er skerða frelsi einstaklings hvað mest. Skilyrði þess eru því afar ströng, sbr. 95. gr. sml. Má spyrja þess, hvort nafn- og myndbirting í fjölmiðlum sé frekar heimiluð hafi viðkomandi sakborningur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Séu hin ströngu skilyrði 95. gr. skoðuð má sjá að rökstuddur grunur þarf að vera fyrir hendi um að sakborningur hafi framið það brot sem hann er sakaður um og ljóst er að einstaklingar eru ekki sviptir frelsi sínu á þennan hátt nema líklegra sé en ekki að þeir hafi framið hinn refsiverða verknað sem þeir eru grunaðir um. Er það vissulega sjónarmið sem horfa þarf til þegar skoðað er hvort nafnbirting hans í fjölmiðlum sé heimiluð en eflaust færi þetta á sama tíma gegn bókstaflegri túlkun á 2. mgr. 70. gr. stjkskr. um að menn skuli teljast saklausir þar til sekt þeirra er sönnuð, að minnsta kosti ef upplýsingarnar kæmu frá stjórnvöldum. Þó gæti hugsanlega talist eðlilegt að yrði slakað á þeim kröfum þegar svo sterkur grunur er fyrir hendi um að viðkomandi hafi framið brot sem varðað getur langri fangelsisrefsingu eða þegar önnur skilyrði gæsluvarðhalds eru fyrir hendi. Algengt er í íslenskum fjölmiðlum að birtar séu myndir af mönnum með höfuð sitt hulið fyrir utan húsnaði héraðsdómstóla eftir að þeir hafa verið leiddir fyrir dómara og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Eins og áður hefur komið fram eru engin ákvæði í hgl. um verndarandlag mynda af mönnum. Þó væri unnt að notast við 229. gr. hgl. Með myndbirtingu af manni vegna einhvers tilefnis, líkt og hér var gefið dæmi um, er hægt að spyrja hvort slaka beri á einkalífsverndinni. Oft myndi tjáningarfrelsið hafa yfirhönd í því efni en það þarf ekki endilega að vera.²⁶⁹ Hægt er að horfa til *Hérd. Rvk. 16. október 2009 ((E-12027/2008))* í þessu efni. Þar taldi dómurinn að myndbirting sem sýndi mann ganga í skrokk á öðrum ætti erindi til almennings sem umfjöllun um samfélagsmein og til varnaðar fyrir aðra. Þar var þó um að ræða mann sem var staðinn að afbroti. Sá sem úrskurðaður er í gæsluvarðhald hefur ekki verið fundinn sekur um brot, þó grunurinn sé sterkur. Einnig hljóta tengsl við almenna þjóðfélagsumræðu að skipta máli, sem endranær.²⁷⁰

Handtaka er mildari ráðstöfun en gæsluvarðhald og telja verður meiri líkur á sekt einstaklings sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald heldur en þess sem aðeins hefur verið handtekinn til dæmis vegna þess að hann neitar að segja deili á sér, sbr. a-lið 3. mgr. 90. gr. sml. Myndi það teljast ganga allnærri friðhelgi einkalífs einstaklings ef nafn hans yrði birt í fjölmiðlum á því stigi máls enda geta menn verið handteknir af ýmsum ástæðum.

²⁶⁹ Páll Sigurðsson: „Réttur til eigin myndar. Vegferð um afmarkað svið einkalífsverndar“, bls. 45.

²⁷⁰ Sjá t.d. umfjöllun um hina svokölluðu „Glitnisrassíu“, þar sem fyrirverandi starfsmenn Glitnis (sumir núverandi starfsmenn Íslandsbanka) voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Einn var ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald, en mynd af honum samt sem áður birt, sjá t.d. „Glitnisrassía kemur Vilhjálmi ekki á óvart: Sakarefnin augljós-Markaðsmisnotkun frá 2003“, <http://www.pressan.is>.

Þeir sem úrskurðaðir hafa verið í gæsluvarðhald eða handteknir að ósekju geta höfðað mál gegn ríkinu til heimtu bóta skv. 2. mgr. 228. gr. sml. Ef viðkomandi á rétt til skaðabóta eða miskabóta á slíkum grundvelli væri ekki úr vegi fyrir viðkomandi að kanna hvort hann ætti ekki einnig rétt til bóta vegna fjölmiðlaumfjöllunar um hann á meðan á rannsókn málsins stæði yfir, ef sú væri raunin.

4.5.6 Ályktanir um þýðingu meginreglna sakamálaréttarfars

Hér að framan hefur nokkrum meginreglum sakamálaréttarfars verið stuttlega lýst. Fullyrða má að meginreglan um opinbera málsmeðferð, sem meðal annars 10. gr. sml. byggir á, sé þýðingarmikil fyrir álitafnið um nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum, að minnsta kosti ef um ákærðan mann er að ræða. Hafa fjölmiðlar greiðan aðgang að ákæruskjölum og þinghöldum og þar með nöfnum aðila, svo lengi sem þinghaldi er ekki lokað vegna tiltekinnna ástæðna. Að sama skapi skal málsmeðferð háð í heyranda hljóði. Af þeim sökum, og í skjóli fjölmiðlafrelsis síns, er fjölmiðlum heimilt að fjalla um dómsmál og nafngreina þá menn sem sakamál lýtur að sbr. *Hrd. 11. mars 2009 (454/2009)*. Vegna reglunnar um opinbera málsmeðferð verða ríkar ástæður að vera fyrir hendi ef loka á þinghaldi og er það á valdi dómara að ákveða slíkt. Að sama skapi gilda sérstakar reglur um nafnleynd í dómum héraðsdóma og má ætla að fjölmiðlar skuli taka tillit til þess ef ákveðið er að birta ekki nafn í sakamáli. Sannleiksreglan hefur þýðingu að því leyti að hlutlægnisskylda hvílir á handhöfum ákæruvalds og ber þeim, sem og dómara, að líta jafnt til atriða er horfa til sýknu og sektar sakbornings. Er þeim því ekki heimilt að horfa til fyrirfram ákveðinnar atburðarásar, sem mögulega var lýst í fjölmiðli. Fjallað var um jafnræðisregluna en vegna þess ójafnræðis sem ríkir á milli aðila sakamáls, þ.e. sakbornings og ríkisvalds er mikilvægt að ekki sé aukið á ójafnræði þeirra með fjölmiðlaumfjöllun um sakborning sem mögulega á ekki færi á að verja sig. Loks var vikið að reglum sml. er varða gæsluvarðhald og handtöku og stuttlega fjallað um hvaða þýðingu þær reglur geta haft fyrir viðfangsefnið en gæsluvarðhaldsúrskurður er vitnisburður um sterkan grun um sekt einstaklings. Í sumum tilvikum og ef um tengsl við þjóðfélagsumræðu er að ræða getur verið réttlæt看legt að fjalla um slíka sakborninga í fjölmiðlum. Handtaka hefur minna vægi enda eru menn handteknir af ýmsum ástæðum.

4.6 Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000 öðluðust gildi þann 1. janúar 2001 og var með þeim innleidd tilskipun Evrópusambandsins nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögunum kemur fram að setning slíkra

almennta laga um persónuvernd sé ein helsta viðleitni ríkisvaldsins til þess að sinna þeirri skyldu sem stjórnarskráin leggur á hinn almenna löggjafa að tryggja friðhelgi einkalífs.²⁷¹ Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um þann sem verið er að skrá eða miðla upplýsingum um. Þannig eru þetta upplýsingar sem beint eða óbeint er hægt að rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr.

Lögin gilda ekki aðeins um stjórnvöld heldur einnig einkaaðila þegar þeir vinna með persónuupplýsingar. Í 5. gr. laganna er að finna ákvæði er varðar tengsl við tjáningarfrelsi. Þar kemur m.a. fram að víkja megi frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Í athugasemd með 5. gr. í frumvarpi því er varð að lögunum kemur fram að ljóst sé að ákvæði frumvarpsins samrýmist ekki að öllu leyti sjónarmiðum um tjáningarfrelsi. Var því lagt til að með þessu ákvæði yrði lögfest vísiregla sem feli í sér að hvenær sem á þetta reyni þurfi að meta hvernig sjónarmið um persónuvernd og sjónarmið um tjáningarfrelsi vegist á og komast að niðurstöðu sem byggð sé á eðlilegu jafnvægi þessara sjónarmiða. Við mat á slíku jafnvægi segir í athugasemdunum að í fyrsta lagi skuli lögð áhersla á að aðilur meti þetta að nokkru sjálfir. Í öðru lagi skal afstaða Persónuverndar vera til leiðbeiningar og í þriðja lagi geti starfs- og siðareglur þeirra aðila sem 5. gr. kveður á um haft mikla þýðingu.²⁷²

Það ákvæði laganna sem einna líklegast er að reyna myndi á í sambandi við nafn -og myndbirtingu er að finna í 7. gr. Þar er í 5 töluliðum 1. mgr. fjallað um hvaða þátta skuli gætt við meðferð persónuupplýsinga. Ef persónuupplýsingar eru taldar eiga erindi til almennings, sem liður í almennri þjóðfélagsumræðu hljóta skilyrði 7. gr. að þurfa að vera uppfyllt. Ákvæði 5. gr. inniheldur undantekningu frá lögunum m.a. í tilviki fjölmiðlunar og í 7. gr. er að finna skilyrði sem uppfyllt þurfa að vera við vinnslu persónuupplýsinga. Lögin kunna því að varða álitafni ritgerðarinnar en ekki verður séð að þau hafi mikið gildi í framkvæmd.

4.7 Lögreglulög nr. 90/1996

Í 22. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um þagnarskyldu. Segir þar m.a. að lögreglumönnum og öðru starfsliði lögreglu beri þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu og leynt eigi að fara vegna almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt væri að leynt færu, upplýsingar er varða

²⁷¹ Alþt. 1999-2000, A-deild, bls. 2688.

²⁷² Alþt. 1999-2000, A-deild, bls. 2719.

starfshætti lögreglu og fyrirhugaðar lögregluaðgerðir. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögreglulögum segir í skýringum við þessa grein að aldrei skuli veita frekari upplýsingar en þörf er á hverju sinni. Einnig kemur fram að ákvæðinu sé ekki ætlað að þrengja tjáningarfrelsi lögreglumanna eða að koma í veg fyrir gagnrýni á yfirstjórn lögreglu heldur að sporna við því að lögreglumenn láti af hendi upplýsingar sem leynt eiga að fara, spillt geti árangri af lögregluaðgerðum eða skaðað löggæsluhagsmuni verulega á annan hátt.²⁷³ Er vernd ákvæðisins tvenns konar. Annars vegar varðandi upplýsingar um einkamál manna og viðkvæm málefni sem eðlilegt er að leynt fari. Hins vegar varðandi rannsóknarhagsmuni eða fyrirhugaðar lögregluaðgerðir.²⁷⁴ Gefi lögregla of miklar upplýsingar á viðkvæmu stigi máls getur það spillt rannsókninni. Hefur það t.d. mikið að segja ef grunur beinist að því að hinn brotlegi hafi haft samverkamenn en einnig getur það haft áhrif á komandi vitnisburð vitna.²⁷⁵ Reglan getur haft þýðingu fyrir viðfangsefnið þar sem nafn manna hlýtur að falla undir þagnarskylduna og upplýsingar þar um geta komið niður á rannsókn máls hjá lögreglu. Þar sem lögreglumönnum ber að gæta varkárni í upplýsingagjöf eru líkur á að fjölmiðlar fái upplýsingar um gang mála frá öðrum aðilum sem tengjast málum á einhvern hátt og er þá mögulega ekki um jafnáreiðanlegar upplýsingar að ræða. Er þá hætta á hagsmunatengslum.²⁷⁶ Annar fylgifiskur þessa er sú hætta að fjölmiðlamenn taki upp á því að rannsaka mál sjálfir. Með slíku er klárlega verið að ganga inn á verksvið lögreglunnar og getur beinlínis haft skaðleg áhrif á rannsókn máls. Verða fjölmiðlamenn, sem afla slíkra upplýsinga, sjálfir að bera lagalega ábyrgð á efni slíkra fréttu séu þær í bága við æruvernd eða friðhelgi einkalífs.²⁷⁷

²⁷³ Alþt. 1995-96, A-deild, bls. 3796-3797.

²⁷⁴ Kristín Edwald: „Upplýsingagjöf lögreglu meðan á rannsókn máls stendur og takmarkanir á aðgangi sakbornings og verjanda að gögnum máls á rannsóknarstigi“, bls. 98.

²⁷⁵ Kristín Edwald: „Upplýsingagjöf lögreglu meðan á rannsókn máls stendur og takmarkanir á aðgangi sakbornings og verjanda að gögnum máls á rannsóknarstigi“, bls. 99.

²⁷⁶ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 397.

²⁷⁷ Jónatan Þórmundsson: *Opinbert réttarfar*, bls. 83.

5 Siðareglur og vinnureglur

5.1 Inngangur

Reglur um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs eru tryggðar í stj. og MSE svo sem áður er rakið. Ekki eru gildandi lagaákvæði sem taka beinlínis á álitaefninu um nafn- og myndbirtingu sakborninga í fjölmiðlum heldur verða almennar reglur um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs taldar ná þar yfir og skoða verður hagsmuni aðila í hverju máli. Ýmis ákvæði laga eru þó til þess fallin að hægt er að beita þeim þegar þetta álitaefni er annars vegar líkt og fjallað var um hér að ofan. Siðareglur eru einnig mikilvægur leiðarvísir, ýmist hinar almennu siðareglur B.Í. eða vinnureglur sem settar eru af ákveðnum fjölmiðlum. Hér á eftir verður vikið að slíkum siðareglum og vinnureglum sem gildi hafa fyrir álitaefni ritgerðarinnar.

5.2 Siðareglur B.Í

Siðanefnd B.Í. hét upphaflega Siðareglunefnd og voru siðareglur hennar samþykktar 9. maí 1965. Í byrjun voru störf nefndarinnar ekki sýnileg almenningi en það breyttist árið 1985. Þá var siðareglunum breytt og ákveðið að birta skyldi úrskurði nefndarinnar í þeim fjölmiðli sem gerst hafði brotlegur í hverju tilviki. Eru brot á siðareglum flokkuð í þrennt nú til dags, ámælisverð, alvarleg og mjög alvarleg.²⁷⁸

Frá upphafi hefur verið ákvæði um það í siðareglunum að hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið siðareglurnar og hefur hagsmuna að gæta, geti kært meint brot til siðanefndar B.Í. Oftast nær er augljóst að viðkomandi hafi hagsmuna að gæta þar sem kærán lýtur að umfjöllun um hann sjálfan, fyrirtæki hans eða skjólstaðing.²⁷⁹ Ef sýnt er fram á að kærandi hafi ekki aðild að máli er kærinni vísað frá.²⁸⁰ Kröfurnar eru þó ekki mjög strangar og má nefna að landlæknisembættinu hefur verið heimilað að kæra umfjöllun um sjúklinga. Einnig hefur það gerst að nefndin hafi tekið til meðferðar kærúmál þar sem kærandinn hafði ekki beinna hagsmuna að gæta, t.d. vegna ummæla um minnihlutahópa þó að einstaklingar eða talsmenn hópsins hafi ekki lagt fram kærana.²⁸¹ Nefndin tekur ekki fyrir mál að eigin frumkvæði.²⁸²

Siðanefndin skilar úrskurðum um kæruefni. Kallar hún þá fyrst eftir greinargerð frá hinum kærða en fær síðan málsaðila eða aðra á fundi eftir því sem tilefni þykja til. Semur þá einn

²⁷⁸ Róbert H. Haraldsson og Steinar Örn Atlason: „Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands 1966-2005“, bls. 163-164.

²⁷⁹ Róbert H. Haraldsson og Steinar Örn Atlason: „Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands 1966-2005“, bls. 166.

²⁸⁰ Friðrik Þór Guðmundsson: „Boðskapur siðanefndarúrskurða: Reglurnar að baki reglunum“, bls. 217-218.

²⁸¹ Róbert H. Haraldsson og Steinar Örn Atlason: „Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands 1966-2005“, bls. 166.

²⁸² Þorsteinn Gylfason: „Spjall um siðareglur og siðanefnd blaðamanna“, bls. 4.

fundarmanna drög að úrskurði.²⁸³ Önnur leið fyrir þá sem finnst á sér brotið er að sjálfsögðu dómstólaleiðin. Slík sérstök kæruleið, líkt og fellst í málsmeðferð siðanefndar verður þó að teljast mjög hagkvæm, hraðvirk og ódýr.

Eðlilegt væri að álykta að siðareglur B.Í. nái aðeins yfir skráða félaga blaðamannafélagsins. Sú er þó ekki raunin því myndast hefur venja um að siðareglurnar taki einnig til blaða- og fréttamanna sem standa utan félagsins og á það fyrst og fremst við um fréttamenn ljósvakamiðla.²⁸⁴

Siðareglur B.Í. innihalda 6 greinar. Mest reynir þó á 3. gr. reglnanna en þar er kveðið á um að blaðamaður vandi upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýni fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðist allt, sem valdið geti saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu. Má kalla þessa reglu vandvirknis- og tillitssemisregluna enda krefst hún þess að einstaklingar eða hópar séu ekki særðir eða vanvirtir að tilefnislausu í fjölmiðlum.²⁸⁵ Hvað varðar tillitssemi er það viðhorf siðanefndarinnar að fara skuli mjög varlega þegar um viðkvæm mál er að ræða, sem lúta að einkamálefnum fólks og þá sérstaklega þeirra sem eru minnimáttar og eiga erfitt með að verja sig opinberlega.²⁸⁶ Sá hluti reglunnar er lýtur að vandvirkni gerir einkum ráð fyrir því að blaða- og fréttamenn hafi traustar heimildir fyrir þeim staðreyndum sem þeir setja fram. Á það sérstaklega við ef um er að ræða alvarlegar ásakanir í garð einhvers aðila. Siðanefndin metur ekki hversu traustar heimildir eru en sé um mikla tímaþröng eða vinnuálag að ræða hjá fjölmiðli virðist það mæta vissum skilningi hjá nefndinni, sbr. *úrskurð siðanefndar B.Í. 18. maí 2009 (4/2008-2009)*.²⁸⁷

Það ákvæði siðareglanna sem telst mjög raunhæft fyrir efni þessarar ritgerðar er að finna í 4. gr. þeirra. Þar segir:

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. (leturbr. höf.)

Í þeim úrskurðum siðanefndarinnar sem fjalla um nafnbirtingar hefur almenna reglan verið sú að birta ekki nafn aðila ef nafnbirting er til þess fallin að valda óþarfa sársauka eða vanvirðingu. Eitt sjónarmið sem bent hefur verið á er hvort tilgreiningar á nafni sé þörf, vegna

²⁸³ Þorsteinn Gylfason: „Spjall um siðareglur og siðanefnd blaðamanna“, bls. 4.

²⁸⁴ Friðrik Þór Guðmundsson: „Boðskapur siðanefndarúrskurða: Reglurnar að baki reglunum“, bls. 217.

²⁸⁵ Þorsteinn Gylfason: „Spjall um siðareglur og siðanefnd blaðamanna“, bls. 6.

²⁸⁶ Friðrik Þór Guðmundsson: „Boðskapur siðanefndarúrskurða: Reglurnar að baki reglunum“, bls. 219.

²⁸⁷ Friðrik Þór Guðmundsson: „Boðskapur siðanefndarúrskurða: Reglurnar að baki reglunum“, bls. 220.

samhengis við inntak fréttar, eða hvort slík tilgreining sé óþörf, sbr. *úrskurð siðanefndar B.Í. 5. nóvember 2007 (4/2007-2008)*. Þar var fjallað um mjög persónuleg málefni kæranda í DV ásamt því að rifjaðar voru upp 6 ára gamlar ásakanir í garð hans er vörðuðu harðræði. Auk þess var hann sakaður um líkamsárás gegn systur sinni og fjárdrátt á skattfé. Kærandi var forstöðumaður meðferðarheimilis og taldi siðanefndin að hann yrði að setta sig við opinbera umfjöllun um störf sín. Slík umfjöllun yrði þó að vera sanngjörn. Um persónuleg málefni hans taldi nefndin að þau ættu ekkert erindi í fjölmiðla. Umfjöllunin jafngilti nafnbirtingu og væri til þess fallin að skaða saklaust fólk. Voru ummæli er vörðuðu líkamsárás og skattabrot sögð tilhæfulaus og taldi nefndin því umfjöllun dagblaðsins óvandaða. DV hafði þó að eigin frumkvæði mildað fréttáflutning sinn með síðari umfjöllun um málið. Taldi siðanefndin það þó ekki duga til þess að rétta hlut kæranda. Var dagblaðið talið hafa brotið gegn 3. gr. siðareglanna og var brotið talið alvarlegt.

Í *úrskurði Siðanefndar B.Í. 22. maí 2006 (10/2005-2006)* var um að ræða kæru vegna fréttáflutnings DV af ræstingakonu sem grunuð var um þjófnað. Umfjöllunin varðaði þjófnað af bankareikningi starfsmanns Brimborgar hf. á u.þ.b. tveimur milljónum króna sem millifærðar voru úr heimabanka starfsmannsins. Fréttir af þessu birtust í DV þann 24. og 25. mars 2006. Fyrri daginn birtist í fyrisögn á forsíðu DV að önnur tveggja ræstingarkvenna hjá Brimborg hf. væri grunuð um þjófnaðinn. Að auki kom fram í undirfyrisögn að hin grunaða hefði áður tengst fjármálamisferli og væri auk þess óvirkur spilafíkill. Inni í blaðinu var nánari útlistun á meintu atferli hennar. Sagði þar að hún hefði komist í gögn starfsmannsins í gegnum starf sitt sem ræstitæknir, hún væri 28 ára og hafi áður verið orðuð við fjársvik. Daginn eftir birtist frétt inni í blaðinu um að hin grunaða hafi áður verið dæmd fyrir þjófnað í fyrra starfi. Var málsatvikum þess máls ítarlega lýst og ítrekað sagt frá grunsemdum á hendur henni vegna Brimborgarþjófnaðarins. Einnig var upplýst að hin grunaða neitaði öllum ásökunum. Í kæru lögmanns kæranda kom fram að hann hafi rætt við lögreglumann sem upplýsti hann um að umbjóðandi hans væri ekki grunaður um verknaðinn. Hafi hann sagt blaðamanni DV frá þessu og honum verið lofað að tekið yrði tillit til þessara sjónarmiða. Taldi hann að með fréttáflutningi blaðsins 24. og 25. mars 2006 hefði DV brotið gegn 4. og 5. gr. siðareglanna er varða nafnbirtingu og hagsmunaágreining. Forsvarsmenn DV báru á móti þessu og kváðust hafa heimildir fyrir því að ræstingakonan lægi undir grun og ekkert væri til sem sannaði samtal þeirra við lögmann hennar og séu því frásagnir hans einskis virði. Í umfjöllun siðanefndar sagði m.a. að hinn tilgreindi þjófnaður hefði verið fréttæfni og eðlilegt hefði verið að segja frá honum í fjölmiðlum. Taldi þó siðanefndin of langt gengið að greina svo nákvæmlega frá grunsemdum um meinta sekt kæranda í málinu og DV gerði í umrætt sinn. Umfjöllunin hafi jaðrað við nafnbirtingu þó svo að ekkert hafi legið fyrir um að lögregla

hafi grunað kæranda um þjófnaðinn. Á sama hátt hafi umfjöllun DV um fimm ára gamlan refsisdóm kæranda verið verulega ósanngjörn. Siðanefndin taldi að ekki hefði verið gætt nægilegrar aðgátar og varfærni við fréttaskrif sín í þessu máli og að með vinnubrögðum sínum hafi ritstjórn DV brotið gegn 3. gr. siðareglna B.Í. Taldist brotið alvarlegt. Með vísan til þessa úrskurðar er ljóst að eðlilegt er að fjölmiðlar fjalli um slík fréttæfni sem stórþjófnaðir eru. Það er þó varhugavert að auðkenna menn þegar ekki er fullvíst hver grunaður sé um verknnaðinn. Einnig verður að telja óviðeigandi að verið sé að draga inn í umfjöllun gömul brot viðkomandi aðila.

Einn meginmunur er á siðareglum og lagareglum. Í réttarkerfinu er mikið lagt upp úr því að lagareglur séu skýrar og að ljóst sé um hvaða tilvik þær gilda. Er þetta meginreglan þegar um settar lagareglur er að ræða. Hið sama á ekki við um siðareglur nema að takmörkuðu leyti.²⁸⁸ Siðareglur innihalda engin viðurlög en eitt af megin Einkennum lagareglna er að fjalla um refsingar. Má spyrja hvort ómögulegt sé að siðareglur innihaldi refsíákvæði? Telja má slíkt andstætt viðurkenndum siðferðissskoðunum um að ekki sé unnt að refsa fyrir siðferðisleg brot. Siðareglur eru þannig gerðar að þær standa yfirleitt ekki óbreyttar til langs tíma. Þannig er ekki hægt að ákveða að frá ákveðnu tímamarki sé tiltekin athöfn siðferðislega röng. Slíkar reglur þróast með háttsemi manna og hugsjónum og því erfitt að fella þær niður eða skapa þær skv. eigin ákvörðunum manna. Það er hins vegar einkenni lagasetningar.²⁸⁹

Af umfjöllun fyrri kafla ritgerðarinnar má ljóst vera að siðareglur B.Í. koma hinum almennu lagareglum sem notast er við á sviði fjölmiðlaréttar til styrktar. Líkt og fjallað var um í kafla 4.2 spila slíkar reglur veigamikið hlutverk við mat á sök fjölmiðlamanns þegar krafist er miskabóta skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. eins og sjá má t.d. í eftirfarandi dómum. Í svokölluðu Svefneyjarmáli, dómi *Bæjþ. Rvk. 24. júlí 1989 (21829/1987)*, var um að ræða mál vegna harðorðrar umfjöllunar í fjölmiðlum vegna kynferðisbrota. Hafði stefnandi áður en hann hóf málið, skotið máli sínu til siðanefndar B.Í. Byggði héraðsdómariinn niðurstöðu sína, um að sjónvarpsumfjöllunin hefði gengið of langt, augljóslega á úrskurði Siðanefndarinnar. Í *Hrd. 1992, bls. 401*, var einnig ítarlega vitnað til siðareglna og úrskurðar nefndarinnar en sakfellt var fyrir meiðyrði vegna nærgöngulla ummæla um staðarhaldara í Viðey.²⁹⁰ Í *Hérd. Rvk. 2. nóvember 2011 (S-700/2011)*, var um refsímál að ræða en horft var til brota lögreglumanns á starfsreglum ríkislögreglustjóra þegar honum var ákveðin refsing á grundvelli 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi. Var hann dæmdur til að greiða sekt í ríkissjóð. Siða- eða starfsreglur hafa því einnig þýðingu í refsímálum.

²⁸⁸ Garðar Gíslason: *Eru lög nauðsynleg*, bls. 43

²⁸⁹ Garðar Gíslason: *Eru lög nauðsynleg*, bls. 52-53

²⁹⁰ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 247-248.

5.3 Vinnureglur fjölmiðla

Þrátt fyrir að hinar almennu siðareglur B.Í. gildi yfir alla félagsmenn Bláðamannafélags Íslands, og jafnvel fleiri líkt og áður sagði, hafa ýmsir fjölmiðlar sett sér sérstakar vinnureglur. Er þeim þá ætlað að gilda um starfsmenn þess ákveðna fjölmiðils en segja má að þær komi siðareglunum til fyllingar. Þær eru oft aðgengilegar almenningi.²⁹¹ Ætla má að ef fjölmiðill setur sér slíkar starfsreglur auki það traust notenda og þá einna helst þeirra sem eiga í samskiptum við hann.

Ríkisútvarpið ohf. hefur sett sér vinnureglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim. Segir þar í 6. gr. að fréttá- og dagskrárgerðarmönnum beri að sýna fyllstu tillitssemi í viðkvæmum málum. Þeim beri að gæta þess að valda ekki saklausu fólki eða þeim sem eiga um sárt að binda óþarfa sársauka eða vanvirðu. Í 7. gr. segir loks að í umfjöllun um sakamál skuli virt sú meginregla að hver maður skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.²⁹²

Sömu sögu má segja um 365-miðla ehf. Þeir reka nokkrar útvarpsstöðvar, sjónvarpsstöðvar og netmiðla. Hafa þeir sett sér sérstakar siðareglur sem gilda um starfsemi fréttamiðla þeirra og einnig um sjálfstæða þáttagerð eftir því sem við á. Í 4. gr. 3. kafla reglnanna segir að ekki skuli birta upplýsingar um einkahagi fólks, nema um sé að ræða opinberar persónur. Hver er opinber persóna er metið hverju sinni. Undantekning er gerð ef persóna vill fá að segja frá einkahögum sínum í fjölmiðlum og enginn vafi er um ósk viðkomandi til þess. Aldrei skal ganga of nærri einkalífi, sorg eða vandræðum aðila nema almannahagsmunir krefjist þess. Í 5. gr. 3. kafla reglnanna kemur fyrir svipuð regla og í fyrrgreindum starfsreglum Ríkisútvarpsins ohf. Þar segir:

Ritstjórnir bera virðingu fyrir meginreglu réttarríkisins um að aðilar eru saklausir uns sekt þeirra er sönnuð og bera virðingu fyrir ábyrgð fjölmiðla í allri slíkri umfjöllun. Í umfjöllun um sakamál skal að öllu jöfnu ekki nafngreina sakborning fyrir en hann er ákærður. Undantekningar á slíkri nafnleynd geta átt við ef viðkomandi á langa brotasögu í ofbeldismálum, umfang málsins vekur mikla athygli, alvarleiki máls réttlætir slíka nafnbirtingu og/eða nafn viðkomandi hefur þegar komið fram á öðrum vettvangi. Þegar um nafnbirtingar er að ræða áður en fullnaðardómur er genginn er þess gætt að efnistöð og orðalag taki mið af því að ekki er búið að sakfella í viðkomandi máli og því sé ekki að finna ósannaðar fullyrðingar af neinu tagi um meint brot. Þolendur ofbeldisbrota eru að öllu jöfnu ekki nafngreindir og aldrei þolendur kynferðisbrotamála eða börn. Í einkamálum er það mat ritstjórna hverju sinni hvort að aðilar máls séu nafngreindir.²⁹³

Þrátt fyrir að Fréttablaðið heyri undir 365-miðla ehf. er í gildi sérstök siðaskrá ritstjórnar Fréttablaðsins.²⁹⁴ Er þar að finna eftirfarandi ákvæði:

²⁹¹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 241.

²⁹² Reglurnar má nálgast á heimasíðu Ríkisútvarpsins, <http://www.ruv.is>

²⁹³ Reglurnar má nálgast á heimasíðu 365, <http://www.365midlar.is>

²⁹⁴ Reglurnar má nálgast á heimasíðu Vísis, <http://www.visir.is>, undir fréttablaðið/ritstjórn.

Nafnbirtingar: Í tengslum við kærur, ákærur og dóma eru fremur birt nöfn manna í líkamlegum ofbeldismálum heldur en í málum af fjárhagslegum toga. Hafa verður þó í huga að í síðara tilvikinu er nafnleynd oft marklítill, af því að mörg fjárhagsleg mál tengjast atvinnurekstri á þann hátt að nöfn manna eru þegar kunn þeim sem vita vilja eða nota viðskiptahandbækur. Þegar persónur sæta kæru fer eftir mikilvægi málsins og kringumstæðum þess, til dæmis brotasögu viðkomandi aðila, hvort aðilar eru nafngreindir. Almenna reglan er sú, sem notuð er í yfirgnæfandi meirihluta tilvika, að birta ekki nöfn á slíku stigi. Undantekningar gætu verið margdæmdir síbrotamenn í ofbeldismálum eða forsvarsmenn og aðrir talsmenn nafngreindra fyrirtækja.

Ef um opinbera ákæru er að ræða eru meiri líkur á að aðilar séu nafngreindir, en eigi að síður þurfa birtingarástæður í því tilviki að vera nokkuð knýjandi. Dæmi um það væri ákæra á mann með brotasögu í ofbeldismálum eða lykilmáður í nafngreindu fyrirtæki.

Þegar dómur er birtur eru aðilar málsins yfirleitt nafngreindir, enda er þá ekki lengur um einkamál að ræða. Undantekningar byggjast einkum á hagsmunum brotaþola í málinu. Dæmi um það gætu verið í sífjaspellsmálum. Stundum er birtingu nafna frestað um tíma, einkum fólks sem farist hefur í slysum. Þetta gerir blaðið í samráði við aðra aðila sem koma að málinu, svo sem presta. Slík frestun kemur síður til greina ef hún gæti valdið óþægindum hjá aðstandendum annarra, sem af komust í slysinu.

Ekki eru birt nöfn þolenda kynferðisbrota. Ekki verður komið í veg fyrir að þessar reglur skilji eftir grá svæði. Í slíkum tilvikum ræða yfirmenn á ritstjórn sín á milli áður en ákvörðun er tekin.

Í siðaskránni kemur fram að sömu reglur verði taldar gilda um myndbirtingar og eiga við um nafnbirtingar.

DV er sá prentmiðill sem hlotið hefur hvað mesta gagnrýni fyrir nafn- og myndbirtingar af grunuðum og ákærðum mönnum. Hefur DV engar skráðar siðareglur en yfirlýsta ritstjórnarstefnu sem m.a. felur í sér ríka nafn- og myndbirtingu. Í kjölfar *úrskurðar Siðanefndar B.Í. 1. júní 2004 (6/2003-2004)* þar sem brot DV gegn 3. gr. siðareglanna var talið alvarlegt báru þáverandi ritstjórar blaðsins hönd fyrir höfuð sér. Málið varðaði nafnbirtingu þeirra á lækni í tengslum við dauðsfall barns á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Sögðu þeir það stefnu blaðsins að birta nöfn þeirra sem fjallað er um í fréttum nema í undantekningartilvikum. Ætti það við t.d. ef fórnarlamb á hlut að máli eða ef birting gæti vísað á fórnarlamb. Töldu ritstjórnarnir sig, með birtingu nafna og mynda af fólki, jafnvel í viðkvæmum og erfiðum sakamálum, ekki vera að dæma fólk og í skrifum þeirra fælist enginn dómur. Tóku þeir meðal annars fram að mál læknisins væri „komið alla leið í lögreglurannsókn.“²⁹⁵ Spurning er hvort það sé viðmiðið hjá DV, að fyrst að mál sé til rannsóknar hjá lögreglu, sé nafn- og myndbirting réttlæt看leg.

²⁹⁵ Illugi Jökulsson og Mikael Torfason: „Ritstjórnarstefna DV og siðareglur blaðamanna: nafnbirting DV felur ekki í sér dóm, segja ritstjórar“, bls. 18-19.

Morgunblaðið hefur engar birtar starfsreglur. Höfundur leitaði upplýsinga hjá fréttastjóra blaðsins og fékk eftirfarandi upplýsingar frá honum en þær koma fram í handbók fyrir blaðamenn Morgunblaðsins:

Nafnbirting í fréttum af sakamálum:

Birting mannanafna í fréttum af sakamálum ýmiss konar getur verið viðkvæmt mál. Morgunblaðið hefur farið varlegar í sakirnar í þessu efni en ýmsir aðrir fjölmiðlar og eru til þess gildar ástæður. Ein meginregla er í gildi:

Morgunblaðið birtir ekki nöfn grunaðra og sakborninga í sakamáli fyrr en dómur er fallinn og því aðeins að dómurinn hljóði upp á tveggja ára fangelsisvist eða lengri.

Þessi regla er þó ekki einhlít. Dæmi um það er t.d. mál, þar sem foreldri er dæmt til að minnsta kosti tveggja ára fangelsisvistar fyrir kynferðisafbrot gegn barni sínu. Ef nafn foreldrisins er birt, verður jafnframt opinbert hver þolandinn er og þarf ekki mikla spádómsgáfu til að sjá fyrir, að barnið geti orðið fyrir aðkasti og ofsóknum t.d. af hálfu skólafélaga.

Í svo viðkvæmu máli, sem nafnbirting í sakamáli getur verið, þarf að fara að öllu með gát og leita til fréttastjóra eða ritstjóra, ef einhver vafi leikur á, hvað skal gera.

Því er við þetta að bæta að í mjög alvarlegum málum s.s. morðmálum, birtir blaðið nafn gerandans ef játning liggur fyrir.

Myndbirtingar eru matsatriði hverju sinni. Oft birtir blaðið myndir úr réttasölum í mjög umtöluðum málum eins og dæmin sanna.²⁹⁶

Ljóst er að starfsreglum fyrrgreindra fjölmiðla er ætlað, að minnsta kosti í orði, að vernda einkalíf þeirra sem fjallað er um og aðstandenda þeirra. Allir, að DV og Morgunblaðinu undanskildum, setja sér þá reglu þegar fjallað er um sakamál að virða sakleysi þeirra sem fjallað er um. Af ljósvakamiðlunum er reglan orðuð með allnákvæmari hætti hjá 365-miðlum og nokkrar undantekningar tíundaðar. Spurning er hvort regla Ríkisútvarpsins veiti því meiri vernd. Undantekningar eins og þær sem nefndar eru í ákvæði 365-miðla, svo sem alvarleiki máls, umfang þess og ef viðkomandi á langa brotasögu virðast við fyrstu sýn allvíðtækar. Ef um er að ræða mál er varðar manndráp, sem telst alvarlegt mál og vekur almennt mikla athygli í því litla samfélagi sem Ísland er, þurfa samt sem áður ákveðin skilyrði að vera uppfyllt. Umfjöllun verður að eiga erindi í almenna þjóðfélagsumræðu, vera almenningi til varnaðar og má ekki vera til þess fallin að valda sakarspjöllum.

Framangreindar reglur hafa ekki lagagildi, líkt og fyrr sagði, og reglur stjórnskipunarréttar um friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi ásamt settum lagaákvæðum koma ávallt til skoðunar. Í *Hrd. 24. nóvember 2011 (179/2011)* var vikið að þætti vinnureglna með beinum hætti. Um var að ræða meiðyrðamál og verið var að meta sök blaðamanns. Í dóminum sagði:

²⁹⁶ Upplýsingar fengnar í tölvupósti, dags. 27. september 2011, frá Sigtryggi Sigtryggssyni, fréttastjóra Morgunblaðsins.

Gætti hann samkvæmt því ekki þeirrar skyldu sem fram kemur í 2. gr. reglna Ríkisútvarpsins frá 1. maí 2008 um fréttir og dagskrárefni tengt þeim að leita „... upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og leitast við að kynna sjónarmið þeirra sem jafnast.“ Getur hann því ekki talist hafa verið í góðri trú um sannleiksgildi þeirra ummæla sem í fréttinni fólust. Að þessu virtu verður fallist á kröfu áfrýjanda um ómerkingu ofangreindra ummæla með vísan til 241. gr., sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga.

Af þeim dæmum um vinnureglur sem tekin hafa verið er ljóst að Morgunblaðið gengur styst þegar kemur að nafn- og myndbirtingu. Birta blaðamenn þess ekki nöfn sakborninga fyrr en dómur í máli liggur fyrir og verður dómurinn að hljóða upp á tveggja ára fangelsi hið minnsta. Gerðar eru undantekningar ef t.d. um er að ræða mál er varða sífjaspell og eru nöfn þá ekki birt til verndar brotapolum. Dæmi sýna að DV gengur lengst og hefur ekki skráðar vinnureglur. Hins vegar er blaðið með ritstjórnarstefnu sem minnst var á hér að ofan og virðist ganga nokkuð langt í nafn- og myndbirtingum.²⁹⁷

Ekki má gleyma hinu mikla frelsi fjölmiðla og mikilvægi þeirra við að fjalla um mál er varða almenning. Þó má spyrja þeirrar spurningar hvort fjölmiðlar séu að vissu leyti að reyna að losna undan ábyrgð með því að setja slík undantekningarákvæði líkt og raunin er í tilviki 365- miðla ehf. og hvort slíkar undantekningar hafi á annað borð raunhæft gildi?

5.4 Áhrif siðareglna blaðamanna og vinnureglna fjölmiðla

Líkt og áður kom fram hafa siðareglur ekki lagagildi og innihalda ekki ákvæði um viðurlög. Hins vegar má spyrja hvaða hlutverki þær hafa að gegna við hlið hinna stjórnarskrárvörðu reglna og almennra laga er varða málefnið.

Þegar metið er hvort blaðamaður sé skaðabótaskyldur skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. þarf að meta sök hans. Ef blaðamaður hefur brotið gegn skráðum háttætnisreglum sem gilda um starf hans hlýtur það að koma til skoðunar þegar skaðabótaskylda hans er metin og hvort sök sé fyrir hendi. Líkt og fram kom í kafla 4.2 getur slíkt aukið líkurnar á því að bótaskylda sé fyrir hendi og einnig haft áhrif á fjárhæð bóta. Þegar sakarmat fer fram eftir aðferðum skaðabótaréttarins er m.a. horft til þess hvort viðkomandi hafi brotið skráðar háttætnisreglur. Er þá aðallega átt við sett lög.²⁹⁸ Þó er viðurkennt, líkt og áður var vikið að, að það eru ekki aðeins ákvæði í settum lögum sem geyma háttætnisreglur um hvernig beri að haga sér við tilteknar aðstæður. Siðareglur og verklagsreglur hafa mikla þýðingu við mat á því hvort tjóni er valdið með sagnæmum hætti. Eru þar skráðar reglur um hvað teljist góðir siðir og vönduð

²⁹⁷ Má nefna sem dæmi blað miðvikudagsins 28. september 2011, þar sem fjallað er um mjög viðkvæmt málefni. Um var að ræða nýafstaðinn harmleik sem skók lítinn bæ. Sjá vefútgáfu blaðsins: Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: „Sorgin í Sandgerði: „Hann var ljúfur drengur“, <http://www.dv.is>. Mætti færa rök fyrir því að slík umfjöllun gæti talist brot gegn 3. gr. Siðareglna B.Í.

²⁹⁸ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 168.

vinnubrögð hjá þeirri starfsstétt sem hefur sett sér reglurnar.²⁹⁹ Einnig hafa slíkar reglur þýðingu þegar um refsímál er að ræða, sbr. *Hérd. Rvk. 2. nóvember 2011 (S-700/2011)*. Af þessu að dæma hafa slíkar siðareglur augljósa þýðingu ef meiðyrðamál eða brot gegn friðhelgi einkalífs koma til kasta dómstóla.

MDE hefur í málum er varða tjáningarfrelsi vísað til siðareglna blaðamanna til stuðnings niðurstöðum sínum. Hefur MDE því lagt áherslu á, þegar það á við, að viðkomandi blaðamaður hafi virt siðareglur sinnar starfsgreinar t.d. hvort hann hafi gefið lesendum sjálfum færi á að mynda sér skoðun.³⁰⁰ Í *MDE, Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörku, 17. desember 2004 (49017/99)* sem fjallað var um í kafla 3.7 í tengslum við góða trú var það talið styrkja mat réttarins að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. MSE að blaðamennirnir höfðu ekki starfað í samræmi við siðareglur sínar. Í dómum sínum fjallar MDE oft um siðareglur blaðamanna á sama tíma og hann metur hvort viðkomandi blaðamaður hafi starfað í góðri trú, sbr. *MDE, Fatullayev gegn Azerbaijan, 4. október 2010 (40984/07)*.

Íslenskir dómstólar hafa vísað til úrskurða siðanefndar B.Í. til stuðnings niðurstöðum sínum, sbr. t.d. *Hrd, 1992 bls. 401*. Það er þó ekki algengt. Í *Hrd. 24. nóvember 2011 (179/2011)* var vikið að þætti vinnureglna með beinum hætti. Af öllu framangreindu virtu má fullyrða að siðareglur hafa mjög raunhæfa þýðingu í málum er varða friðhelgi einkalífs manns eða æru. Koma þær því vissulega til fyllingar hinum stjórnarskrárvörðu reglum.

²⁹⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skadabótaréttur*, bls. 180.

³⁰⁰ Sbr. Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 363.

6 Ályktanir um stöðu sakbornings á ýmsum stigum máls

6.1 Inngangur

Í framangreindri umfjöllun hefur ljósi verið varpað á helstu reglur sem gilda á sviði tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs og fjallað um hvaða mat fer fram þegar fundið er jafnvægi á milli þessara tveggja mannréttindareglna sem báðar eru verndaðar í stjkskr. og MSE. Auk þess var farið yfir ákvæði um réttláta málsmeðferð í stjkskr. og MSE. Ásamt ákvæðum stjkskr. voru almennar lagareglur, siðareglur B.Í. ásamt vinnureglum einstakra fjölmiðla skoðaðar en þær hafa vissulega þýðingu fyrir viðfangsefnið. Nú kemur til athugunar hvernig framangreindar reglur verða heimfærðar á stöðu sakbornings á ýmsum stigum máls. Verða dæmi úr raunveruleikanum notuð til að varpa ljósi á þá stöðu sem uppi er við nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum á mismunandi stigum.

6.2 Grunaðir menn

Með vernd tjáningarfrelsis í 73. gr. stjkskr. er fjölmiðlum tryggt víðtækt frelsi til umfjöllunar um öll þau málefni sem talin eru eiga erindi til almennings og eru þar af leiðandi hluti af almennri þjóðfélagsumræðu. Hér er til umfjöllunar réttarstaða grunaðs manns á rannsóknarstigi, áður en mál hans kemur til kasta dómstóla. Á þeirri stundu er ekki vitað hvort ákæra verði gefin út. Slík mál koma þó til kasta dómstóla með sérstökum hætti, m.a. ef úrskurða þarf um þvingunarráðstafanir o.fl. Lögregluþyriföld bera þó ábyrgð á málunum á þessu stigi. Fullyrða má að áhugi almennings á refsiverðum brotum sé einmitt mestur fyrst um sinn, þ.e. á þessu stigi máls.³⁰¹ Fjölmiðlar hafa ýmis afskipti af málum á rannsóknarstigi og hafa í því skyni talsverð samskipti við lögregluþyriföld en rannsóknaraðilar eru yfirleitt mjög varkárir við upplýsingagjöf enda málin oftast nær á viðkvæmu stigi.³⁰² Í þessu samhengi má líta til *MDE, Sciacca gegn Ítalíu, 11. janúar 2005 (50774/99)*, en þar var til umfjöllunar hvort upplýsingar um grunaða aðila ásamt myndum af þeim sem komu í fjölmiðlum teldist brot á 8. gr. MSE. Þar sem upplýsingarnar stöfuðu frá þyriföldum var talið að um brot á 8. gr. hefði verið að ræða.

Ljóst er að mikilvægir hagsmunir eru í húfi. Geta of miklar upplýsingar á viðkvæmu stigi máls orðið til þess að rannsóknin bíður tjón af. Einnig verður að horfa til hagsmuna hinna grunuðu og aðstandenda þeirra en við rannsókn máls eru þessir aðilar oft ekki í aðstöðu til að halda uppi vörnum öfugt við þegar mál eru rekin fyrir dómstólum. Má fullyrða að umfjöllun um grunaðan mann í fjölmiðlum geti orðið aðstandendum hans afar þungbær.

³⁰¹ Sbr. t.d. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 396.

³⁰² Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 397.

Fjölmiðlar hafa vissulega birt nöfn grunaðra manna og jafnvel myndir af þeim áður en ákæra er gefin út. Þegar slíkt er gert koma ýmis sjónarmið til skoðunar. Þegar fundið er jafnvægið á milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs hefur grundvallarþýðingu hvort tiltekin umfjöllun hefur erindi í almenna þjóðfélagssumræðu. Hefur það margoft verið staðfest af Hæstarétti og MDE. Hér má nefna dæmi. Karlmaður fannst látinn á heimili sínu að morgni 15. ágúst 2010. Enginn játaði fyrst um sinn á sig verknaðinn og yfirheyrði lögreglan fjölda manna. Lögreglan hafði þó einn mann í haldi yfir nótt daginn eftir verknaðinn. Þann 17. ágúst 2010 birtist frétt á vef DV undir fyrirsögninni „Grunaður um morð í Hafnarfirði: Játaði ást sína á youtube.“ Var maðurinn nafngreindur og mynd af honum birt. Sama dag birtist frétt á vefmiðli Pressunnar undir yfirskriftinni „Var morðið á Hannesi Helgasyni ástríðuglæpur? Hafði birt afar einlæga ástarjátningu á YouTube.“ Þarna birtu tveir vefmiðlar nafn og mynd einstaklings, GR, sem var í haldi lögreglu grunaður um manndrápið aðeins tveimur dögum eftir verknaðinn. Maðurinn hafði ekki játað. Ári áður hafði hann sett myndband á myndbandasíðuna www.youtube.com þar sem hann játaði ást sína á sambýliskonu hins látna. Sú ást var ekki endurgoldin og í fjölmiðlum var gerður reki að því að manndrápið væri ástríðuglæpur. Eftir að hafa verið sólarhring í haldi lögreglu var honum sleppt. Gagnrýndi lögmaður hans nafn- og myndbirtingu fjölmiðla harðlega. Síðar var GR handtekinn á ný, úrskurðaður í gæsluvarðhald og játaði loks á sig verknaðinn. Var hann dæmdur í 16 ára fangelsi með *Hrd. 13. október 2011 (198/2011)*. Gríðarleg fjölmiðlaumfjöllun var um þetta mál. Fjölmiðlar virtust hafa mjög nákvæmar upplýsingar úr lögregluskýrslum undir höndum og röktu atburðarásina stig fyrir stig. Ef útkoman hefði orðið sú að GR hefði ekki verið sannur að sök heldur einungis einn af þeim sem í haldi lögreglu voru við rannsókn málsins, má velta fyrir sér afleiðingunum. Á þessu frumstigi máls yfirheyrði lögreglan marga menn og óljóst var hvort aðeins einn aðili hefði verið að verki. Hefði nafn- og myndbirting því augljóslega getað skaðað rannsókn málsins. Á sama tíma hefði æra sakborningsins orðið fyrir mikilli skerðingu og erfitt er að ímynda sér áfallið sem fjölskylda sakbornings verður fyrir við að sjá nafn og mynd ástvinar síns slegið upp í fréttiformi áður en rannsókn hefur verið til lykta leidd. Að ótalað sé um þegar fjölmiðlamenn fara yfir alla liði atburðarásarinnar. Í litlu samfélagi eins og á Íslandi má fullyrða að manndráp sé atburður sem varði flesta. Fá slík mál yfirleitt mikið vægi í almennri þjóðfélagssumræðu. Sjaldgæft er að gerendur finnist ekki fljótlega á hér á landi. Þetta mál skar sig úr að vissu leyti þar sem frekar langan tíma tók að finna hinn seka og enginn játaði á sig verknaðinn. Umfjöllun um málið og sú staðreynd að hinn seki hefði ekki fundist virkaði að öllum líkindum til varnaðar fyrir almenning, sbr. 4. gr. siðareglna B.Í. Á hinn bóginn má gagnrýna það að birta mynd af sakborningnum ásamt nafni hans svo snemma

í rannsókn málsins. GR er ekki opinber persóna og átti því rétt til þess að nafn hans yrði ekki birt á þessu stigi máls. Má virða það þeim fjölmiðlum, sem þarna áttu hlut að máli, til „happs“, að hann var sekur um þann verknað sem honum var gefin að sök. Ef svo hefði ekki verið má spyrja hvort tilteknir fjölmiðlar eða blaðamenn hefðu ekki átt yfir höfði sér kæru vegna brota gegn friðhelgi einkalífs hans ásamt grófum aðdróttunum. Má fullyrða að 3. og 4. gr. siðareglna B.Í hafi, a.m.k. að einhverju marki, verið þarna virtar að vettugi. Engin kæra var þó lögð fram þannig að óljóst er hver niðurstaða slíks máls yrði.

Hér má nefna annað dæmi. Þann 10. janúar 2006 birtist á forsíðu dagblaðsins DV mynd af karlmanni undir fyrirsögninni „Einhentur kennari sagður nauðga piltum.“ Fjallaði fréttin um ásakanir tveggja pilta á hendur nafngreindum manni á Vestfjörðum. Sagði hann málið byggt á misskilningi. Sama dag og blaðið kom út svipti maðurinn sig lífi. Þarna er um að ræða umfjöllun um mál sem var á algjöru frumstigi og alls óvíst hvernig því lyktaði. DV birti hins vegar stóra mynd af manningnum á forsíðu blaðsins ásamt alvarlegum ásökunum. Má fullyrða að ef mál þetta hefði komið til kasta dómstóla hefði mátt láta reyna á 229. gr. hgl. ásamt b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. með skírskotun til þess að um líklegt brot á 3. og/eða 4. gr. siðareglna B.Í hefði verið að ræða.

Í sumarbyrjun 2007 týndist hundurinn Lúkas á Akureyri. Var því fljótlega haldið fram að hann hefði verið drepinn með hrottafengnum hætti. Var einn maður sérstaklega nefndur til sögunnar og nafn hans og mynd birt oft sinnis á bloggsíðum. Þann 30. júní 2007 var nafn hans birt í fjölmiðlum en hann kom m.a. fram í sjónvarpi og reyndi að verjast þeim ásökunum sem á hann voru bornar. Varð maðurinn fyrir ýmsu ónæði og missti m.a. starf sitt. Um miðjan júlí 2007 kom hundurinn í leitirnar, heill á húfi. Höfðaði hinn nafngreindi meiðyrðamál á hendur einum bloggara og fékk ummæli ómerkt og dæmdar miskabætur, sbr. *Hérd. Reykn. 14. febrúar 2011 (E-415/2010)*. Gaf hann út yfirlýsingar um frekar málshöfðanir. Óvíst er þó hvort hann höfði mál vegna birtingar fjölmiðla á nafni hans sérstaklega. Má halda því fram að í þessu máli hafi frekar verið um múgæsing að ræða heldur en mál er virkilega varðaði almenna þjóðfélagsumræðu en líkt og að framan greindi, fannst hundurinn á lífi.

Framangreind dæmi vörðuðu almenna borgara sem grunaðir voru um saknæmt athæfi. Sú staðreynd að hinn grunaði er almannapersóna getur haft þýðingu. Um almannapersónur var fjallað í kafla 3.6 en slíkar persónur eru nátengdar almennri þjóðfélagsrumæðu oft vegna starfs síns eða stöðu. Um þær gildir svokallað rýmkað tjáningarfrelsi en vegna stöðu þeirra hafa fjölmiðlar meira frelsi til að fjalla um atriði í tengslum við þær heldur en hinn almenna borgara. Ef um er að ræða almannapersónu sem grunuð er um refsiverðan verknað þarf að meta hvort viðkomandi sé í slíkri stöðu að hann þurfi að þola umræðu um það á vettvangi

fjölmiðla, sbr. ef um málefni er að ræða sem varða almenning, t.d. stjórnsmál eða málefni tengd bankahruninu líkt og raunin var í *Hrd. 24. nóvember 2011 (179/2011)* og *Hrd, 24. nóvember 2011 (100/2011)*. Um mál stjórnsmálamannsins Á var fjallað í kafla 3.6.2. Hann er dæmi um almennpersónu sem verður að þola umfangsmikla gagnrýni á störf sín. DV byrjaði, árið 2001, að fjalla um grunsemdir um að Á væri misnota aðstöðu sína sem formaður bygginganefndar Þjóðleikhússins. Fylgdi blaðið málinu nákvæmlega eftir. Fékk hann síðar dóm m.a. fyrir umboðssvik. Er þetta eitt af fáum dæmum þar sem sjá má virka rannsóknarblaðamennsku á Íslandi. Á vormánuðum 2011 komst í hámmæli mál GÞ þáverandi forstöðumanns trúfélagsins K. Fjölmiðlar fóru mikinn. Höfðu sjö konur lagt fram kæru á hendur honum vegna kynferðisbrota gagnvart þeim meðan þær voru félagar í söfnuði hans. Hann neitaði öllum ásökunum. Mikið var fjallað um málið í fjölmiðlum og m.a. birtar myndir af GÞ þar sem hann var að koma úr yfirheyrslum á lögreglustöð, sbr. frétt Fréttablaðsins þann 28. apríl 2011, bls. 12.³⁰³ Fór það svo að ekki var gefin út ákæra á hendur honum. Hægt er að fallast á það að GÞ teljist almennpersóna. Hann gegndi forstöðumennsku í trúfélagi sem fjöldi fólks er hluti af. Þeir sem sinna slíku starfi eru oft í þeirri stöðu að veita fólki hjálp á þeim tímum sem það sér enga lausn á sínum vandamálum. Má því halda því fram að rétt sé að slík umræða fari fram, þ.e. hvort viðkomandi sé í raun treystandi til að gegna slíku starfi. Ljóst er að samfélagið hefur litast að vissu leyti af slíkum óhugnanlegum málum á undanförunum árum, sbr. mál G sem var forstöðumaður meðferðarheimilis og dæmdur var fyrir kynferðisbrot með *Hrd. 4. desember 2008 (334/2008)*. Slík umræða má þó ekki einkennast af heift. Sú staðreynd að fjölmiðlar fjölluðu mikið um málið á rannsóknarstigi þess og minna um það eftir að ákveðið var að ákæra ekki verður þess valdandi að mannorð GÞ hefur verið svert. Á hinn bóginn verður opinber staða hans til þess að umfjöllunin verður að hluta réttlætunleg, sbr. *Hrd, 29. janúar 2009 (321/2008)*, enda viðurkennt að fjölmiðlar hafa ríka heimild til myndbirtingar af almennpersónum.³⁰⁴ Hann kom sér sjálfur í þá ábyrgðarstöðu sem hann var í. Þó má halda því fram að myndbirting af manni fyrir utan lögreglustöð sé heldur langt gengið. Slík mynd er fljót að stimpla sig inn í huga almennings.

Rétt fyrir árslok 2011 komst meint nauðgunarmál í hámmæli í fjölmiðlum. Nafn meints geranda var birt fljótlega eftir að kæra var gefin út. Um var að ræða E en hann er þekktur einkaþjálfari og fjölmiðlamaður. Voru hann og kærasta hans grunuð um nauðgun á 18 ára gamalli stúlku. Gríðarleg fjölmiðlaumfjöllun hefur verið um þetta mál en þegar þetta er ritað hefur ákæra ekki verið gefin út. Um er að ræða afar umdeilda persónu. Hefur hann ítrekað

³⁰³ „Var yfirheyrður í gærmorgun“, bls. 12.

³⁰⁴ Páll Sigurðsson: „Réttur til eigin myndar. Vegferð um afmarkað svið einkalífsverndar“, bls. 54.

látið gróf ummæli falla á opinberum vettvangi m.a. um það hvernig koma skuli fram við kvenfólk ásamt því að hafa gefið út nokkrar bækur um hvernig karlmenn skulu haga sér í samskiptum við konur.³⁰⁵ Af þessum sökum verður E talinn almannapersóna. Hann hefur ítrekað tekið þátt í almennri þjóðfélagsumræðu með hneykslandi og ögrandi hætti. Hann hefur því sjálfur unnið að því markvisst að koma persónu sinni á framfæri. Verður því haldið fram hér að slíkur aðili þurfi að una við talsverða fjölmiðlaumræðu. Á það sérstaklega við í þessu tilfelli þar sem um nauðgunarkæru er að ræða og viðkomandi hefur tjáð sig um kvenfólk á afar frjálsglegan hátt á ýmsum vettvangi, þar á meðal í fjölmiðlum. Verður því talið að mál hans eigi heima í almennri þjóðfélagsumræðu. Einn fjölmiðill gekk svo langt að birta mynd af meintu fórnarlambi nauðgunarinnar. Verður það ekki talið réttlæt看legt, enda viðkomandi stúlka ekki almannapersóna og ætti því ekki að þurfa að una því að fjallað sé um hana á slíkan hátt í fjölmiðlum.³⁰⁶

Hægt væri að halda því fram að GR, sem fyrr var fjallað um í tengslum við morð í Hafnarfirði, teldist almannapersóna. Hann kom sér að vissu leyti í sviðsljós fjölmiðla með því myndbandi sem hann birti opinberlega. Ekki verður á það fallist af hálfu höfundar að raunin sé sú. Hann hafði birt myndband og komið í kjölfarið í viðtal í sjónvarpi. Það voru hans einu samskipti við fjölmiðla. Ekki hafði hann verið á síðum dagblaða eða í fréttum í einhvern tíma eða mörg skipti svo hægt yrði að telja hann til almannapersónu. Lögmaður hans gagnrýndi nafn- og myndbirtingu fjölmiðla opinberlega.³⁰⁷ Dæmi má finna um menn sem telja má almannapersónu vegna afbrota sinna eða vafasamrar fortíðar, sbr. J, sem segja má að nærast á sviðsljósi fjölmiðlanna en hann hefur ítrekað komið fram í fjölmiðlum og fjallað um afbrotaferil sinn og fíkniefnaneyslu. Erfitt væri fyrir hann að mótmæla umfjöllun fjölmiðla um sig. Hætt er við því að slíkir menn sveipist dýrðarljóma í augum ungs eða óharðnaðs fólks þrátt fyrir að hann verði mögulega öðrum víti til varnaðar. Verður að vanda slíka umfjöllun enda varla hlutverk fjölmiðla að hvetja til slæmra verka.

Þrátt fyrir að viðfangsefni ritgerðarinnar lúti að nafn- og myndbirtingu er ljóst að mögulegt er að þekkja grunaða menn án þess að þeir séu beinlínis nafngreindir eða mynd birt af þeim í fjölmiðlum. Á vordögum 2011 kom ungur maður með lík unnustu sinnar í farangursgeymslu bíls að Landspítalanum í Fossvogi. Örskömmu síðar var birt mynd af bílnum, þar sem bílnúmerið sást, á vefmiðlinum www.eyjan.is. Aðstandendur fólksins þekktu

³⁰⁵ Einnig má sem dæmi nefna grein sem birtist fyrir nokkrum árum og fjallaði um félagsskap karlmannna sem E var hluti af, „Þeir sprengja í kellingar“, <http://www.visir.is>.

³⁰⁶ Í þessu samhengi má horfa til *Hrd.* 2002, bls. 1212 (306/2001), þar sem lögmaður var dæmdur til greiðslu miskabóta til X sem kært hafði föður sinn fyrir kynferðisbrot en faðirinn var sýknaður af því.

³⁰⁷ Sbr. Yfirlýsing Guðrúnar Sesselju Arnardóttur, hrl., 17. ágúst 2010.

bílinn og voru afar ósáttir með myndbirtinguna enda höfðu fréttirnar ekki borist til allra ættingja hinnar látnu. Málinu lauk með *Hérd. Reykn. 21. nóvember 2011 (S-849/2011)* en ungi maðurinn var talinn ósakhæfur. Ritstjóri vefritsins, Karl Th. Birgisson, fjarlægði stuttu síðar myndina af vefnum. Hann varði sig á þann hátt að gott væri að birta slíkar myndir til þess að grunur félli ekki á aðra.³⁰⁸ Ef horft er til tillitssemisreglur 3. gr. siðareglna B.Í. verður að telja þessa myndbirtingu óæskilega, sérstaklega í ljósi þess að ekki höfðu upplýsingar um lát stúlkunnar borist öllum aðstandendum. Einnig ber að horfa til þess að þau rök sem búa að baki lokuðum réttarhöldum eiga einnig við þegar mál eru á rannsóknarstigi og mikilvægt er að horfa til hagsmuna þeirra einstaklinga sem máli tengjast, ásamt aðstandenda þeirra. Ávallt verður að hafa í huga að á þessu stigi máls er lítið vitað um sök eða sakleysi manna, nema þá helst að þeir játi verknað sinn. Sé raunin sú ættu rannsóknaryfirvöld að skýra fjölmiðlum frá því.³⁰⁹ Rök ritstjórans Karls Th. Birgissonar um að mikilvægt sé að birta nöfn afbrotamanna í fjölmiðlum strax á rannsóknarstigi til þess að fella ekki grun á aðra má telja vanhugsuð. Hlýtur það augljóslega að vera í höndum lögreglu að ákveða hvaða menn eru grunaðir á hverjum tíma og sjá til þess að grunur falli ekki á aðra.

Þrátt fyrir ýmsa hættu á misskilningi og óáreiðanlegum upplýsingum á rannsóknarstigi máls verður talið að þeim fjölmiðlum sem sinna fréttamennsku beri skylda til að fylgjast með mikilvægum málum strax á rannsóknarstigi svo lengi sem skýrt er frá upplýsingum með málefnalegum hætti og innan siðlegra og löglegra marka. Annað gæti komið niður á fjölmiðlafrelsinu en aðhald fjölmiðla verður að teljast mikilvægt fyrir rannsóknaryfirvöld.³¹⁰ Annað sem hafa ber hugfast er að á rannsóknarstigi hafa yfirvöld yfirburðaaðstöðu gagnvart þeim sem rannsókn beinist að. Hefur hann að jafnaði lélega varnarstöðu og engan aðgang að gögnum lögreglu en það breytist auðvitað þegar mál kemur til kasta dómstóla.³¹¹ Einnig má horfa á þetta álitaefni frá sjónarmiðum um almannaöryggi. Hafi geisað alda afbrota af einhverju tagi og enginn aðili er grunaður um verkin mætti telja það rétt almennings að fá vitneskju um það svo hann geti farið varlegar en annars. Sömuleiðis ættu lögreglu yfirvöld að upplýsa almenning þegar einhver hefur verið handtekinn, grunaður um aðild að málinu.³¹² Upplýsingar í fjölmiðlum á rannsóknarstigi máls eru því ekki einungis til þess fallnar að svara

³⁰⁸ „Karl Th. ritstjóri Eyjunnar ver birtingu á bílnúmeri“, <http://www.dv.is>. Sami aðili hefur oftast en einu sinni viðrað þesa skoðun sína, sbr. „Samkvæmisleikur dagsins“, <http://blog.eyjan.is/karl/>.

Einnig má hér nefna fyrirneft dæmi þar sem ekki bein nafnbirting fór fram en lýsing á viðkomandi, sbr. „Þekktur íslenskur poppari flæktur í stórt kókaínsmygl“, <http://www.dv.is>.

³⁰⁹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 397.

³¹⁰ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 397.

³¹¹ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 398.

³¹² Kristín Edwald: „Upplýsingagjöf lögreglu meðan á rannsókn máls stendur og takmarkanir á aðgangi sakbornings og verjanda að gögnum máls á rannsóknarstigi“, bls. 97.

forvitni heldur getur upplýstur almenningur veitt rannsóknaryfirvöldum gagnlegar upplýsingar. Með því er sýnt fram á að afbrot teljast ekki einkamál neinna heldur mein samfélagsins í heild.³¹³ Það sjónarmið kom berlega í ljós í *Hérd. Rvk. 16. október 2009 (E-12027/2008)*, sem áður er reifaður. Um var að ræða mál gegn þáttastjórnendum fréttaskýringarþáttarins K. Náðst hafði myndskleið af B þar sem hann sást ganga í skrokk á manni. Með sýningu myndskleiðsins taldi hann brotið gegn rétti sínum til friðhelgi einkalífs. Í niðurstöðu héraðsdóms kom fram að þar sem myndskleiðið hefði sýnt hann fremja afbrot yrði ekki fallist á að vernd 71. gr. stjkskr. veitti honum skjól fyrir umfjöllun fjölmiðla. Hefði upptakan lýst samfélagsmeini og umfjöllunin talin liður í almennri umfjöllun um handrukun. Að lokum sagði að almenningur hefði haft augljósa hagsmuni af því að þekkja brotamanninn og hans starfsaðferðir. Myndbirtingin af hinum þekktu kynferðisbrotamanni í DV 1986 var réttlætt af varnaðarsjónarmiðum. Er slík myndbirting fátíð hér á landi, enda almenningur beinlínis varaður við manni sem ekki hafði verið ákærður. Síðar kom í ljós að myndbirtingin var tilætlaðan árangur, en maðurinn náðist með ungan dreng á leið inn í íbúð sína.

Samkvæmt framangreindu hefur það höfuðþýðingu þegar metið er hvort nafn- eða myndbirting grunaðs manns sé réttlætanleg hvort umfjöllun í tengslum við hinn grunaða teljist liður í almennri þjóðfélagssumræðu. Ef um almennpersónu er að ræða hafa fjölmiðlar víðtækari rétt til slíkrar umfjöllunar og á það sérstaklega við ef viðkomandi er í þannig stöðu að starfa á kostnað almennings. Einnig kemur til skoðunar réttur almennings til vitneskju um slík samfélagsmál sem afbrot eru, enda eru þau ekki einkamál neins. Geta slíkar upplýsingar verið til varnaðar auk þess sem upplýstur almenningur getur veitt lögreglu og öðrum rannsóknaryfirvöldum mikilvægar upplýsingar við úrlausn sakamála. Hafa fjölmiðlar því víðtækan rétt til umfjöllunar um sakamál svo lengi sem þau teljast liður í almennri þjóðfélagssumræðu og umfjöllunin er ekki til þess fallin að spilla rannsókn máls eða verða til sakarspjalla, sbr. *MDE, The Sunday Times gegn Bretlandi, 26. apríl 1979 (6538/74)*. Umfjöllunin verður þó ávallt að vera á þann veg að tekið sé tillit til aðstandenda hins grunaða og fórnarlambes ef því er að skipta, sbr. 3. gr. siðareglna B.Í. til dæmis.

6.3 Ákærðir menn

Í kafla 3.7 var rætt um rétt sakaðs manns til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Mikilvægur þáttur í réttlátri málsmeðferð er að hún sé opinber, sbr. 10. gr. sml. sem fjallað var um í kafla 4.4.2. Þegar ákæra hefur verið gefin út á hendur sakborningi gildir sú regla. Er þá auðvelt fyrir

³¹³ Þór Jónsson: „Æsifréttir eða nauðsynleg upplýsingamiðlun?“, bls. 10.

almenning, oft í gegnum fjölmiðla, að nálgast upplýsingar um nafn sakbornings ásamt ákæruatriðum.

Þegar um er að ræða dómsmál sem enn eru til meðferðar hjá dómstólum eru líkur á því að fjölmiðlar hafi ekki í höndum allar upplýsingar um málavexti líkt og dómstólarnir sjálfir. Af þeim verða fjölmiðlar að sýna varkárni. Í *MDE, The Sunday Times gegn Bretlandi*, 26. apríl 1979 (6538/74) var því slegið föstu að fjölmiðlum sé skylt að fjalla um dómsmál og almenningur eigi rétt á slíkum upplýsingum svo lengi sem upplýsingagjöfin veldur ekki sakarspjöllum. Ljóst er að á þessu stigi máls er ekki enn vitað hvort hinn ákærði verði sakfelldur eða sýknaður og myndi það væntanlega hafa útbreidd áhrif ef fjölmiðlar kæmu með getgátur um úrslit málsins eða jafnvel sleggjudóma. Virði fjölmiðlar þetta ekki væri réttaröryggi þjóðfélags okkar stefnt í hættu þar sem þeir væru að fara inn á verksvið dómstólanna.³¹⁴ Í *Hrd. 11. mars 2009 (454/2009)* komu til skoðunar ummæli sem látin voru falla í DV um mann á meðan mál hans var til meðferðar hjá dómstólum. Sló Hæstiréttur því föstu að þar sem málið væri rekið fyrir dómi í heyranda hljóði, gætu fjölmiðlar takmarkalaust neytt frelsis skv. 73. gr. stjórnarskrárinnar að fjalla um málið og þar á meðal að nafngreina þá sem sökum voru bornir. Á hinn bóginn yrði að gæta þess sérstaklega að það væri hlutverk dómstóla en ekki fjölmiðla að ákvarða um sekt manna. Það sem einnig skiptir máli við mat á því hvort nafn- eða myndbirting sé réttlæt看leg er hvort viðkomandi sakborningur sé í framhaldinu sýknaður af ákæru eða fundinn sekur. Sjá einnig *MDE, N.F. gegn Ítalíu*, 2. ágúst 2001 (37119/97) þar sem því var slegið föstu að heimilt væri að birta nafnalista þar sem hann var hvort eð er aðgengilegur fyrir almenning. Í *Hrd. 11. mars 2009 (454/2009)* var horft til þess að með dómi héraðsdóms og Hæstaréttar hefði því verið hafnað að sakborningur hefði gerst sekur um þau athæfi er fullyrt var í umfjöllun DV en blaðið hefði haldið þessum staðhæfingum fram án efnislegs fyrirvara um að staðhæfingarnar væru reistar á ákæru. Þar sem sakborningurinn var sýknaður var talið að ummælin hefðu falið í sér aðdróttun og voru þau af þeim sökum ómerkt. Höfundur telur að þarna megi halda fram að blaðamaður hafi ekki starfað í góðri trú enda var ýmislegt fullyrt í umfjöllun blaðsins sem óvíst var á þeim tíma hvort satt væri eður ei.

Samkvæmt framangreindu er því mikilvægt að hafa í huga að vegna hinnar opinberu málsmeðferðar er meginreglan sú að fréttaf lutningur af dómsmálum er frjálss þegar þau eru enn til meðferðar. Þrátt fyrir að heimilar séu lögbundnar takmarkanir á opnum þinghöldum, sbr. 10. gr. sml., má aldrei gleyma mikilvægi frjálssrar fjölmiðlunar. Fjölmiðill verður þó að

³¹⁴ Sbr. Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 390.

fara varlega við túlkun ýmissa atriða sem einungis ættu að vera í höndum löglærðra dómara. Mætti því segja að þegar um er að ræða fréttatilkynningar um dómsmál, væri í raun betur hægt að treysta einhliða yfirlýsingu frá dómstóli sjálfum heldur en túlkun fréttamanns á aðstæðum. Ljóst er þó að hið síðarnefnda þjónar betur reglunni um opinbera málsmeðferð, þar sem fréttamaður er sjálfur viðstaddur þinghald og einnig myndi slík fréttatúlkun teljast vinsælla fréttæfni heldur en beinharðar staðreyndir komnar beint frá dómara.³¹⁵

Svo lengi sem mál verður talið eiga erindi til almennings hefur MDE staðfest að þrengra svigrúm sé til takmarkana ríkis á tjáningarfrelsinu, sbr. *MDE, Jersild gegn Danmörku*, 23. september 1994 (15890/89). Geti ríki hins vegar sýnt fram á að takmörkun sé nauðsynleg vegna alvarlegra afleiðinga ummæla hefur dómstóllinn staðfest að takmörkun sé í lagi, sbr. *MDE, McVicar gegn Bretlandi*, 7. maí 2002 (46311/99). Auk þess hefur dómstóllinn tekið fram að fjölmiðlar ráði sjálfir hvernig þeir setja fram fréttir sínar og geti þess vegna t.d. birt refsikærum í heild sinni, sbr. *MDE, News Verlags GmbH & Co, KG gegn Austurríki*, 11. janúar 2000 (31457/96).

Ef tekið er mið af framangreindu er ljóst að fjölmiðlar hafa mikið frelsi til að fjalla um mál sem til meðferðar eru hjá dómstólum, svo lengi sem fjallað er um þau á málefnalegan og upplýstan hátt og hinir umdeildu hagsmunir hafi erindi til almennings. Takmarkanir á þessu frelsi fjölmiðla geta því verið í andstöðu við 10. gr. MSE.³¹⁶ Hefur ávallt þýðingu hvort sá aðili sem um er rætt teljist almannapersóna. Hins vegar má spyrja hvort umfjöllun um ákveðna aðila sem eru aðilar að dómsmáli geti talist það yfirgripsmikil að of langt sé gengið í nafni reglunnar um opinbera málsmeðferð. Síðsumars 2011 var fjallað um það í kvöldfréttum Stöðvar 2 að Þ, fyrrverandi sambýlismaður alþingiskonunnar S, hefði verið ákærður fyrir að njósna um hana. Var í kjölfarið fjallað um málið á mörgum netmiðlum, sbr. frétt á www.pressan.is þann 26. ágúst 2011 undir yfirskriftinni „Fyrrum sambýlismaður njósnaði um Siv Friðleifsdóttur: Setti eftirlitstæki í bíl hennar - Kæra lögð fram.“ Þegar fréttin birtist hafði ákæra verið gefin út. Fyrirsögnina má þó túlka á þann veg að Þ hefði gerst sekur um þann verknað sem honum var gefinn að sök, þó hið rétta væri hægt að sjá við lestur fréttarinnar, sbr. sjónarmið í *Hrd. 1. mars 2007 (278/2006)*. Var talsvert fjallað um málið í fjölmiðlum næstu vikur á eftir og þegar aðalmeðferð þess fór fram var auðvelt að fylgjast með gangi mála, sbr. frétt á vef DV með fyrirsögninni „Þorsteinn hló á meðan Siv gaf vitnisburð.“³¹⁷ Fór það svo að Þ var sakfelldur fyrir brot á fjarskiptalögum og gerð sekt. Í þessu máli var um að ræða

³¹⁵ Jónatan Þórmundsson: *Opinbert réttarfar*, bls. 77-78.

³¹⁶ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 396.

³¹⁷ „Þorsteinn hló á meðan Siv gaf vitnisburð“, <http://www.dv.is>.

kæru á hendur fyrrverandi sambylismanni stjórnámálamanns. Ljóst er að S er almannapersóna. Hún er stjórnámálamaður og þarf sem slíkur að þola nærgöngula umræðu um störf sín og einkalíf að vissu leyti. Hefur hún margoft komið fram í fjölmiðlum í tengslum við vinnu sína. Þarna var um að ræða opin réttarhöld. Augljóslega vörðudu þau þó viðkvæm málefni, aðilar höfðu slitið samvistum ári áður og annar aðilinn var nú ákærður fyrir að njósna um hinn. Eðlilegt er að fjalla um dómsmál á meðan meðferð þess stendur yfir, sbr. *Hrd. 11. mars 2009 (454/2009)*. Hins vegar má færa rök fyrir því að farið sé út fyrir mörk góðra blaðamannshátta þegar fjallað er um mál á svo ítarlegan hátt að erfitt getur reynst fyrir lesendur að mynda sér eigin skoðun. Einnig má spyrja hversu mikið erindi það á til almennings að aðili máls hafi hlegið í réttarsal.³¹⁸ Í *MDE, von Hannover gegn Þýskalandi, 24. júní 2004, (59320/00)*, staðfesti dómstóllinn að makar, börn og aðrir aðstandendur almannapersóna ættu að njóta sömu friðhelgi um einkalíf sitt og aðrir borgarar, og það að þeir tengdust almannapersónu einhverjum böndum réttlætti ekki fjölmiðlaumfjöllun um þau. Þrátt fyrir að um opin réttarhöld hafi verið að ræða og reglan um opinbera málsmeðferð hafi átt við verða íslenskir fjölmiðlar hins vegar að halda umfjöllun sinni hlutlausri enda þeirra helsta hlutverk að koma upplýsingum til almennings en ekki að móta skoðanir hans.³¹⁹

Í umfjölluninni að framan um grunaða menn var fjallað um mál GR vegna manndraps í Hafnarfirði. Þegar það var rekið fyrir dómstólum fór fjölskylda hins látna mikinn í fjölmiðlum. Komu þau margsinnis fram í sjónvarpi á meðan málið var til meðferðar og tjáðu sig um ýmis atriði. Auk þess skrifaði einn aðstandandi hins látna opið bréf til Ögmundar Jónassonar, innanríkisráðherra og Valtýs Sigurðssonar, ríkissaksóknara, sem birt var á vefmiðli Pressunar.³²⁰ Í allri fjölmiðlaumfjölluninni varðandi þetta mál má fullyrða að verulega hafi hallað á sakborninginn. Þrátt fyrir að um mjög alvarlegan verknað sé að ræða af hans hálfu hlýtur það að teljast gegn góðum siðum fjölmiðlamanns að slík umræða, t.d. um sakhæfi manns, geti farið fram á svo óheftum grundvelli að fjallað er um atburði úr æsku hans sem

³¹⁸ Sbr. einnig umfjöllun DV um L sem ákærður hefur verið af sérstökum saksóknara fyrir brot í aðdraganda bankahrunsins. „Grár og gugginn L á kaffihúsi“, <http://www.dv.is>. Varðaði greinin veru L á kaffihúsi hér í borg og var meðal annars fjallað ítarlega um svipbrigði hans og ásýnd ásamt því að reynt var að geta til um líðan hans.

³¹⁹ Hér má nefna nýlega umræðu um áhrif fjölmiðlaumræðu um sakborninga við refsimat. „Sleppur Baldur með skrekkinn? Fordæmi fyrir refsilækkun vegna fjölmiðlaumræðu“, <http://www.eyjan.is>. Um var að ræða umfjöllun um kröfu verjanda B, fyrrum ráðuneytisstjóra, um að réttlætlanlegt væri að dómur B yrði mildaður í Hæstarétti vegna óvæginnar fjölmiðlaumræðu. Var þessari umræðu m.a. svarað af Jóni Þóri Ólasyni lektor með greininni „Meintar ólögæltar refsilækkunarástæður“, <http://www.visir.is>. Þar kveður hann það alrangt að hægt sé að virða sakborningum fjölmiðlaumfjöllun til refsilækkunar. Þar sem refsilækkun geti einungis komið fram vegna tiltekinna lögmæltra tilvika er tengjast afbrotinu sjálfu. Umfjöllun fjölmiðla gæti þó komið til skoðunar sem ólögælt refsíákvörðunarástæða og gæti þannig leitt til málsbóta eða refsipýngingar við refsimat.

³²⁰ „Helgi systursonur Hannesar: Kaldrifjaður morðingi“, <http://www.pressan.is>

augljóslega teljast hluti af hans einkalífi, jafnvel þó þeir séu hluti af dómskjölum.³²¹ Ekki er haldið fram að umfjöllunin hafi verið röng. Þrátt fyrir að hún sé byggð á staðreyndum má spyrja hvort of nærri sé gengið persónu með þessum hætti að í því felist ólögmat meingerð skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. Það er verðugt álitaefni. Því má heldur ekki gleyma að sakborningum sem haldið er í gæsluvarðhaldi hafa ekki tók á að verja sig með sama hætti og þeir sem ganga lausir.

Framangreind dæmi sýna tilhneigingu íslenskra fjölmiðla, sumra hverra, til að dansa á hinnu fínu línu sem skilur að tjáningarfrelsið og friðhelgi einkalífs. Í skjóli meginreglunnar um opinbera málsmeðferð er þó ljóst að fjölmiðlar hafa víðtæka heimild til umfjöllunar um dómssmál og þegar ákæra hefur verið gefin út og dómssmál rekin í heyranda hljóði er heimilt að nafngreina þá sem sökum eru bornir í fjölmiðlum líkt og berlega kom fram í *Hrd. 11. mars 2009 (454/2009)*. Hins vegar er mikilvægt að slík umfjöllun sé hlutlaus og taki ávallt mið af því sem á erindi til almennings enda ber fjölmiðlum að virða þær ástæður sem búa að baki lokuðum réttarhöldum. Þrátt fyrir hina víðtæku heimild fjölmiðla til umfjöllunar um dómssmál á meðan meðferð þeirra stendur ber þeim að horfa til þess hvort sakborningur er sýknaður eða fundinn sekur enda getur niðurstaða máls haft þýðingu um hvort nafngreining manns í fjölmiðlum ásamt umfjöllun um þær sakir sem hann er borinn geti að lokum talist aðdróttun, sbr. *Hrd. 11. mars 2009 (454/2009)*. Að lokum hefur það þýðingu, líkt og þegar um grunaða menn er að ræða, hvort viðkomandi teljist almannapersóna. Eins og fyrr hefur vikið hafa fjölmiðlar rýmkað tjáningarfrelsi þegar um almannapersónur ræðir enda eru þær nátengdar hinnu almennu þjóðfélagsumræðu.

6.4 Dæmdir menn

Að lokum lýtur spurningin að því hvort að maður sem afplánað hefur refsingu sína sem honum var dæmd eftir viðurkenndum leiðum réttarkerfisins þurfi að sæta því að dómstóll götunnar í formi fjölmiðla, ýfi brot mannsins upp í sífellu. Er eðlilegt að slíkir aðilar séu nafngreindir og jafnvel mynd af þeim birt í fjölmiðlum, þrátt fyrir að hafa afplánað dæmda refsingu? Ekki er beinum orðum fjallað um slíkt í lögum og við fáa dóma að styðjast en *Hrd. 19. mars 2009 (448/2008)* og *Hérd. Rvk. 13. október 2011 (E-6524/2010)* ásamt úrskurði *Síðanefndar B.Í. 22. maí 2006 (10/2005-2006)* gefa ákveðna vísbendingu um framkvæmd slíkra mála. Ef viðkomandi er með hreint sakavottorð og um er að ræða mjög gamlan dóm hefur slíkt verið talið ósmekklegt og ummæli þar að lútandi, ásamt ummælum um að stefnandi hefði fjölda ákærumála á bakinu, ómerkt með vísan til 235. gr. hgl., sbr. *Hérd. Rvk.*

³²¹ Sbr. t.d. „Gunnar Rúnar ósakhæfur: Fjölskylda Hannesar ekki sát“, <http://www.dv.is>.

13. október 2011 (E-6524/2010). Þess ber að geta að málinu hefur verið áfrýjað og óvíst hvort Hæstiréttur muni fallast á slík rök. Á sama hátt var í fyrrnefndum úrskurði siðanefndar B.Í talið að ósanngjarnt væri að fjalla um gömul dómsmál og var það talið brot á 3. gr. siðareglanna. Hlýtur að vera hægt að fallast á það að svo gömul dómsmál eigi ekkert erindi í þjóðfélagsumræðu í dag og varla verður talið að brýn nauðsyn vegna réttinda annarra hafi verið til staðar til þess að rifja upp þetta dómsmál, sbr. 3. mgr. 71. gr. stjkskr. og 2. mgr. 8. gr. MSE.

Fyrir hvern mann ætti það að teljast verulega íþyngjandi að vera sviptur frelsi sínu eða dæmdur til annarra viðurlaga. Eftir slíka afplánun eða uppgjör bóta er rétt að líta svo á að viðkomandi hafi gert upp sakir sínar við samfélagið. Ef ljóst er að viðkomandi hefur öðlast einhverja betrun við refsingu þá, sem honum var dæmd, og sýnir merki þess að hann hafi eða hyggist taka upp betri lífshætti, mætti færa rök fyrir því að umfjöllun um persónu hans með nafni og/eða mynd í fjölmiðlum í tengslum við gamlan refsidóm, sé ósanngjörn og andstæð 3. eða 4. gr. siðareglna B.Í., 229. gr., 235. gr. hgl. eða jafnvel 237. gr. hgl. Á vormánuðum 2011 var í fjölmiðlum slegið upp fréttum um að maður sem setið hafði í fangelsi fyrir þátt sinn í svokölluðu líkfundarmáli, sbr. *Hrd. 28. apríl 2005 (510/2004)*, hefði sést á viðskiptaþingi með forseta Íslands og forseta Slóveníu. Birtist frétt varðandi þetta meðal annars á vefriti Pressunnar þann 4. maí 2011 þar sem fyrirsögnin hljóðaði svo: „Líkmaður á þingi með forsetum Íslands og Slóveníu - Breyttist dagskráin vegna nærveru hans?“³²² Umfjöllunin laut að því að G sem dæmdur hafði verið 5 árum áður hefði setið þing með forsetum Íslands og Slóveníu sem fulltrúi fyrirtækis sem starfaði með metanbíla. Ætluðu forsetarnir að skoða bíl á vegum fyrirtækisins en hættu snögglega við. Voru leiddar að því líkur að það hefði verið vegna nærveru G. Á svipuðum tíma, birtist lítil grein sama efnis aftan á Fréttablaðinu undir fyrirsögninni „Líkmaður hittir forseta.“ Fljótlega eftir þessa umræðu kom G fram í sjónvarpi og sagði sögu sína.³²³ Sagðist hann hafa snúið við blaðinu. Velta má fram þeirri spurningu hvort slíkur maður þurfi að þola það alla ævi að vera tengdur við þann glæp sem hann framdi einhverjum árum fyrr. Einnig hvort hann þurfi að sæta því sem eftir lifir að vera tengdur við umrætt líkfundarmál eða jafnvel gangast undir nafninu „líkmaðurinn“? Ef þetta er skoðað í tengslum við *Hérd. Rvk. 13. október 2011 (E-6524/2010)* má slá því föstu að sum gömul dómsmál eigi ekki erindi til almennings í dag. Hér er ekki um að ræða svo gamalt dómsmál,

³²² „Líkmaður á þingi með forsetum Íslands og Slóveníu – Breyttist dagskráin vegna nærveru hans?“, <http://www.pressan.is>.

³²³ „Fattaði að ég væri bara enn eitt fíflíð á leið í fangelsi“, <http://www.visir.is>.

aðeins nokkurra ára. Ef tekið er mið af *úrskurði siðanefndar B.Í. 22. maí 2006 (10/2005-2006)* verður þó talið að slík umfjöllun sé ósanngjörn.

Við sérstakar aðstæður samt sem áður getur verið réttlætanlegt að birta myndir af mönnum (ásamt nafni) opinberlega ef full ástæða þykir til að ætla að menn séu hættulegir umhverfi sínu vegna þekkrar ofbeldishneigðrar sinnar.³²⁴ Þegar um er að ræða svívirðilega glæpi gagnvart börnum verður oft mikil umræða um gerendur þeirra í fjölmiðlum. Svo virðist sem slíkir menn séu leyfilegt skotmark fjölmiðla. Framar í ritgerðinni var minnst á eitt slíkt dæmi. Var um að ræða umfjöllun í vefriti DV þann 17. nóvember 2011 undir yfirskriftinni „Ótti á Akureyri vegna dæmds barnaníðings.“ Fjallaði fréttin um ferðir margdæmds barnaníðings, Á. Var hann talinn halda til á Akureyri og voru foreldrar í bænum ósáttir við að hafa ekki fengið upplýsingar um ferðir hans. Nokkrum dögum síðar, þann 22. nóvember 2011, var greint frá því að Á byggi á Skúlagötu. Birtist þá frétt á vefritinu Pressunni með fyrirsögninni „Steingrímur Njálsson og Ágúst Magnússon nágrannar á Skúlagötu – Leikvöllur í portinu en engin börn.“³²⁵ Fullyrða má að slíkar nafn- og myndbirtingar séu gríðarlegt inngríp í persónufrelsi einstaklings. Þarna er hins vegar um að ræða mann sem ítrekað hefur verið dæmdur fyrir eða sakaður um brot gegn börnum. Var hann dæmdur til 5 ára fangelsisvistar árið 2004 og eru meint brot sem hann er talinn hafa framið á meðan reynslulausn hans stóð nú til meðferðar hjá ríkissaksóknara. Hægt er að réttlæta viðvaranir til almennings með slíku enda hægt að fullyrða að slíkt eigi erindi í þjóðfélagsumræðu. Þarna er því ekki aðeins verið að rifja upp einstakan refsidóm viðkomandi manns heldur ítrekuð afbrot sem hann er grunaður um. Hann er því ekki með hreina sakaskrá líkt og tilfellið var í *Hérd. Rvk. 13. október 2011 (E-6524/2010)*. Ef mál hans kæmi til kasta dómstóla yrði niðurstaðan líklega sambærileg þeirri sem Hæstiréttur komst að í *Hrd. 19. mars 2009 (448/2008)* í máli F. Þar miðaði Hæstiréttur við að þar sem um þjóðfélagsmál væri að ræða, þ.e. starfsaðferðir lögreglunnar, og F einungis nefndur í dæmaskyni yrði hann að sæta því að vera gerður að umfjöllunarnefni. Einnig yrði slík umfjöllun ekki til þess fallin að sverta ímynd hans, þar sem hann hefði skapað sér slíka ímynd sjálfur enda viðkomandi ítrekað gerst sekur um refsiverð brot.

Líkt og raunin er þegar um grunaðan mann og ákærðan er að ræða skiptir höfuðmáli hvort umfjöllun um þá á heima í almennri þjóðfélagsumræðu en sé raunin ekki sú eru rýmri heimildir til takmörkunar skv. 3. mgr. 73. gr. stjskr. Af framangreindri umfjöllun má leiða að

³²⁴ Páll Sigurðsson: „Réttur til eigin myndar. Vegferð um afmarkað svið einkalífsverndar“, bls. 55.

³²⁵ „Steingrímur Njálsson og Ágúst Magnússon nágrannar á Skúlagötu – Leikvöllur í portinu en engin börn“, <http://www.pressan.is>.

ef gamalt dómssmál verður talið eiga erindi í almenna þjóðfélagsumræðu í dag og umfjöllun um dæmdan mann hafi varnaðargildi fyrir almenning sé réttlætanlegt af fjölmiðlum að fjalla um slík mál. Ef viðkomandi hefur sýnt betrun og hefur ekki ítrekað komist í kast við lögin hlýtur hann að eiga rétt á friði um sína einkahagi líkt og almennur borgari fyrir umfjöllun fjölmiðla, með vísan til 71. gr. stjkskr, 8. gr. MSE og XXV. kafla hgl.

7 Niðurstöður og lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um þær réttarreglur sem til skoðunar koma við nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum af grunuðum, ákærðum og dæmdum einstaklingum.

Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðissamfélögum svo sem margsinnis hefur komið fram í réttarframkvæmd innlendra dómstóla og MDE. Verður mikið að koma til ef takmarka á rétt fjölmiðla til að fjalla um atriði sem erindi eiga til almennings, þá sérstaklega þegar um ræðir stjórn málaumræðu eða aðra gagnrýni á yfirvöld.

Í samhengi við umfjöllunarefni þessarar ritgerðar er nauðsyn að hafa hugfast að tjáningarfrelsið er einn af hornsteinum lýðræðislegs samfélags og allar takmarkanir á því verður að skýra þröngt. Friðhelgi einkalífs ber ávallt að virða og takmarkast tjáningarfrelsið af henni. Reglur varðandi nafn- og myndbirtingu er ekki að finna berum orðum í lögum og koma stjórnarskrárákvæði fyrst og fremst til skoðunar, ásamt tilteknum ákvæðum almennra laga, siðareglna og sérstakra vinnureglna.

Þær réttarreglur sem helst reynir á varðandi nafn- og myndbirtingu grunaðra, ákærðra og dæmdra manna eru á sviði stjórnskipunarréttar. Er þar annars vegar um að ræða ákvæði 73. gr. stjkskr. sbr. 10. gr. MSE um tjáningarfrelsið og hins vegar ákvæði 71. gr. stjkskr. sbr. 8. gr. MSE um friðhelgi einkalífs. Þessi stjórnarskrárvörðu mannréttindi vegast sífellt á. Dómstólar eru einir bærir um að meta hvort þær takmarkanir sem gera má á þessum réttindum eigi við og þá hvor þeirra hafi forgang. Mat dómstóla byggist á nokkrum atriðum. Einkum er horft til þess hvort umrætt málefni sé tengt almennri þjóðfélagsumræðu og hvort viðkomandi sem til umfjöllunar er geti talist almannapersóna en um slíkar persónur gildir rýmkað tjáningarfrelsi. Í dómum MDE kemur hin góða trú einnig til skoðunar, en það viðhorf hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi. Auk þess sem að framan er rakið má segja að vegist á réttur manns til réttlátrar málsmeðferðar sbr. 70. gr. stjkskr. og 6. gr. MSE. og frelsi fjölmiðla til að fjalla um mikilsverð málefni líðandi stundar, svo sem réttarhöld. Umfjöllun fjölmiðla um mál undir rekstri dómstóla getur þó orðið til þess að mannréttindi sakbornings séu frekar virt enda veita fjölmiðlar virkt aðhald. Regla 2. mgr. 70. gr. stjkskr. og 2. mgr. 6. gr. MSE um sakleysi manns uns sekt er sönnuð á ekki við um sjálfstæða frásögn eða ályktun fjölmiðla á sekt manns. Ákvæðið kemur einungis til skoðunar ef um ræðir upplýsingar til fjölmiðla sem stafa frá stjórnvöldum sbr. *MDE, Sciacca gegn Ítalíu, 11. janúar 2005 (50774/99)*. Þrátt fyrir að reglur stjórnskipunarréttar hafi grundvallarþýðingu fyrir viðfangsefni ritgerðarinnar koma ákvæði almennra laga einnig til skoðunar. Í ákvæði 229. gr. hgl. er að finna ákvæði um opinberun

einkamála. Hægt er að slá því föstu að á ákvæðið myndi reyna ef til dómsmáls kæmi er varðaði slíka nafn- og myndbirtingu er ritgerðin fjallar um. Einnig kemur til skoðunar ákvæði 235. gr. er varðar aðdróttun en því hefur verið beitt til ómerkingar ummæla er vörðuðu gamlan refsidóm. Í b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. er að finna heimildarákvæði til greiðslu miskabóta til þess er verður fyrir ólögumætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu. Nafn- og myndbirting í fjölmiðlum af grunuðum, ákærðum eða dæmdum manni getur talist ólögumætt meingerð gegn persónu hans, a.m.k. ef hún verður talin brjóta gegn friðhelgi einkalífs á þann hátt að nafn eða mynd er sett í samhengi við eitthvað sem venjulega teldist einkamál. Getur viðkomandi því krafist miskabóta. Í lögum um meðferð sakamála má finna nokkrar reglur er varða álitaefnið og sækja þær stoð í 70. gr. stjkskr. Ber þar helst að nefna 10. gr. sml. er varðar opinbera málsmeðferð. Ef um er að ræða opinbera málsmeðferð hafa fjölmiðlar ríka heimild til umfjöllunar um mál auk heimildar til að nafngreina þá er sökum eru bornir. Reglan um opinbera málsmeðferð gildir ekki á rannsóknarstigi. Siðareglur og vinnureglur sem gilda í umhverfi fjölmiðla koma almennum lagareglum til fyllingar og hafa þýðingu við mat á sök blaðamanns skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl.

Þegar um ræðir grunaðan mann er fjölmiðlaumfjöllun viðkvæm þar sem mál hans er enn á rannsóknarstigi og óvíst hvort hann verði sóttur til saka. Við mat á því hvort umfjöllun um grunaðan mann sé réttlæt看leg þarf að horfa til þess hvort hún eigi erindi til almennings og sé nauðsynlegt innleg í þjóðfélagsumræðu. Getur almenningur haft hagsmuni af slíkri umfjöllun og hefur það verið staðfest í réttarframkvæmd sbr. *Hérd. Rvk. 16. október 2009 (E-12027/2008)* þar sem myndbirting af stefnanda sem sýndi hann ráðast á annan mann var ekki talin brjóta gegn friðhelgi einkalífs hans á þeim forsendum að almenningur hefði hagsmuni af umfjölluninni. Við mat á því hvort umfjöllun um grunaðan mann eigi erindi til almennings hefur þýðingu hvort um almannapersónu er að ræða, sbr. umfjöllun um mál þingmannsins Á sem lauk með *Hrd. 2003, bls. 435 (393/2002)* svo og ummæli um stöðu fjárfestisins P í forsendum héraðsdóms sem lauk með *Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011)*. Í samhengi við þetta er það blaðamanna að meta hverju sinni hvernig málið horfir við þegar umfjöllun um grunaða menn á sér stað. Það mat verða fjölmiðlar að byggja á fyrrnefndum atriðum um innlegg í þjóðfélagsumræðu og hvort viðkomandi sé almannapersóna. Það mat takmarkast af siðareglum blaðamanna svo og þeim lagareglum sem löggjafinn hefur sett til verndar einkalífs þeirra sem til umfjöllunar eru. Hér koma einnig til skoðunar hagsmunir aðstandenda, bæði grunaðra og brotþola, sbr. umfjöllun um manndápsmál GR sem lauk með *Hrd. 13. október 2011 (198/2011)*. og einnig um hinn ósakhæfa X en máli hans lauk með *Hérd. Reykn. 21. nóvember 2011 (S-849/2011)*. Mikil umfjöllun var um málin á fyrstu stigum rannsóknar þeirra.

Ef ákærvaldið hefði ekki talið þau líkleg til sakfellis væri jafnvel auðvelt fyrir fjölmiðlamenn að segja að leiðrétting þess efnis hafi verið birt og þar með ætti sá sem til umfjöllunar er að vera „laus allra mála.“ Dómstóll götunnar gleymir seint og er óvíst hvort sú leiðrétting afturkalli dóm hennar. Þetta verða fjölmiðlamenn að hafa í huga. Á þessu stigi máls, þegar um grunaðan mann er að ræða, er fjölmiðlaumfjöllun mjög viðkvæm og hvað mest takmörkunum háð.

Þegar um er að ræða einstakling sem ákærður hefur verið sækir umfjöllun um mál hans stoð í meginregluna um opinbera málsmeðferð sbr. 70. gr. stjkskr., 6. gr. MSE og 10. gr. sml. Hefur slík umfjöllun talist mjög frjáls svo lengi sem hún veldur ekki sakarspjöllum sbr. það sem fram kom *MDE, The Sunday Times gegn Bretlandi, 26. apríl 1979 (6538/74)*. Þrátt fyrir það þarf að stíga varlega til jarðar og fjölmiðlar kunna í einhverjum tilfellum að ganga of nærri friðhelgi einkalífs viðkomandi. Má segja að þar vegist á þessar tvær meginreglur, svo sem dæmi voru tekin um umfjöllun fjölmiðla um dómsmál á hendur fyrrverandi sambýlismanni alþingiskonunnar S. Þar var um opið þinghald að ræða þó málið sjálft hafi mikið til snúist um fjölskyldumálefni. Í málinu var gengið mjög langt í túlkun á því sem fram fór í réttarsal og sett í fréttabúning. Hér þurfa fjölmiðlar að gæta að mikilvægi hlutleysis síns í ljósi þess að það er hins almenna borgara að mynda sér skoðun á því sem fram fer en ekki fjölmiðla að búa til þá skoðun. Öll fjölmiðlaumfjöllun verður að taka mið af því. Á þessu stigi verður almenningur þannig að geta lesið fréttir með þeim fyrirvara að viðkomandi sé saklaus uns dómstóll telur sekt hans sannaða. Þetta sjónarmið kom skýrt fram í *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)*, þar sem ummæli fjölmiðils um sekt manns voru ómerkt á þeim grundvelli að viðkomandi var sýknaður af ákæru á báðum dómstigum. Í sama máli sló Hæstiréttur því föstu að heimilt væri að fjalla um mál í fjölmiðlum og nafngreina þá sem sökum væru bornir svo framarlega sem um væri að ræða réttarhöld háð í heyranda hljóði.

Fjölmiðlaumfjöllun um dæmda menn er algeng. Í því samhengi er þó álitaefni hversu lengi slík mál eiga að vera til umfjöllunar eftir að dómfelldi hefur afplánað sína refsingu og þannig gert upp sakir sínar við samfélagið. Þá kemur til skoðunar hvort viðkomandi hafi sýnt betrun af refsivist sinni eða ekki og má hafa til hliðsjónar hvort viðkomandi hafi ítrekað verið dæmdur fyrir áþekk brot eða ekki sbr. það sem fram kom í *Hrd. 19. mars 2009 (448/2008)* um margdæmdan fíkniefnasala svo og þeirra dæma sem voru tekin um umfjöllun fjölmiðla um kynferðisbrotamenn sem ítrekað höfðu brotið af sér á tíma reynslulausnar. Óhætt er að fullyrða að viðkomandi eigi ekki að þurfa að sæta því að vera umfjöllunarefni fjölmiðla í tengslum við afbrot það sem hann framdi áður. Auk þess verða gamlir refsíðómar ekki taldir eiga erindi í almenna þjóðfélagsumræðu í dag, sbr. það sem fram kom í *Hérd. Rvk. 13.*

október 2011 (E-6524/2010) og einnig í úrskurði siðanefndar B.Í. 22. maí 2006 (10/2005-2006).

Afbrot verða ekki talin til einkamála borgaranna enda nær undantekingalaust um samfélagsmein að ræða. Á hinn bóginn verður að hafa hugfast að allri fjölmiðlun fylgir ábyrgð og verða fjölmiðlamenn að hafa það hugfast að of nærgöngul umfjöllun getur verið meiðandi fyrir þá sem til umfjöllunar eru í þessu samhengi, sem jafnframt iðulega eiga um sárt að binda vegna þess sem umfjöllunin lýtur að. Ljóst er þó að í sumum tilfellum er það skylda fjölmiðla að fjalla um mál þrátt fyrir að þau séu á viðkvæmu stigi, til þess að upplýsa almenning og vara hann við. Allt ber þetta þó að sama bruni, ef um málefni er að ræða sem talið er eiga erindi til almennings, hefur almenningur rétt á slíkum upplýsingum og á sama hátt er það skylda fjölmiðla að fjalla um slík málefni með vísan til 73. gr. stjkskr. Verður slík umfjöllun þó að vera vönduð enda í höndum dómstóla að sakfella mann og ákveða honum viðurlög en ekki í höndum almennings, dómstóls götunnar.

HEIMILDASKRÁ

Alastair Mowbray: *Cases and Materials on the European Convention on Human Rights*. New York 2007.

Alþingistíðindi.

Arnlfjótur Björnsson: *Skaðabótaréttur. Kennslubók fyrir byrjendur*. 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

Björg Thorarensen: „Áhrif mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. tbl. 2003, bls. 373-420.

Björg Thorarensen: „Eðli mannréttindareglna í stjórnarskránni og eftirlitshlutverk dómstóla“. *Afmælisrit lagadeildar Háskóla Íslands*. Ritstj. MaríaThejll. Reykjavík 2008, bls. 83.-154.

Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 286-341.

Björg Thorarensen: „Stjórnskipunarréttur“. *Um lög og rétt*. 2. útgáfa. Ritstj. Róbert R. Spanó. Reykjavík 2009, bls. 21-97.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Clare Ovey og Robin C.A White: *Jacobs, White and Ovey. The European Convention on Human Rights*. 5. útgáfa. New York 2010.

Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 29-88.

D.J. Harris ofl.: *Harris, O' Boyle og Warbrick. Law of the European Convention on Human Rights*. 2. útgáfa. New York 2009.

Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. tbl. 1952, bls. 123-178.

Einar Benediktsson: *Einræður Starkaðar*, 1921.

Eiríkur Jónsson: „Ábyrgð á birtu efni á internetinu“. *Afmælisrit. Björn Þ. Guðmundsson sjötugur 13. júlí 2009*. Reykjavík 2009, bls. 103-135.

Eiríkur Jónsson: „Hinn kennilegi grundvöllur 73. gr. stjórnarskrárinnar“. *Tímarit lögfræðinga*, 2. tbl. 2007, bls. 107-146.

Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 2007, bls. 25-96.

Eiríkur Tómasson: *Meginreglur sakamálaréttarfars*. Reykjavík 2009.

Eiríkur Tómasson: *Réttarstaða sakbornings og verjanda*. Reykjavík 2009.

Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi. Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu*. Reykjavík 1999.

Eiríkur Tómasson: „Saklaus uns sekt er sönnuð: hvað felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“. *Afmælisrit til heiðurs Gunnari G. Schram sjötugum, 20. febrúar 2001*. Reykjavík 2002, bls. 121-144.

„Fattaði að ég væri bara enn eitt fíflíð á leið í fangelsi“, <http://www.visir.is>, 16. maí 2011 (skoðað 25. nóvember 2011).

„Fjölmíðlum ber að haga umfjöllun í samræmi við lög um persónuvernd“, <http://www.mbl.is>, 13. júlí 2005 (skoðað 14. október 2011).

Friðrik Þór Guðmundsson: „Boðskapur siðanefndarúrskurða: Reglurnar að baki reglunum“. *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir. Reykjavík 2009, bls. 213-226.

Garðar Gíslason: *Eru lög nauðsynleg? Og fleiri greinar úr réttarheimspeki*. Reykjavík 1991.

„Glitnissrassía kemur Vilhjálmi ekki á óvart: Sakarefnin augljós - Markaðsmisnotkun frá 2003“, <http://www.pressan.is>, 1. desember 2011 (skoðað 1. desember 2011).

Grár og gugginn Lárus á kaffihúsi“, <http://www.dv.is>, 26. desember 2011 (skoðað 29. desember 2011).

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

„Gunnar Rúnar ósakhæfur: Fjölskylda Hannesar ekki sátt“, <http://www.dv.is>, 21. desember 2010 (skoðað 24. nóvember 2011).

Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*. Reykjavík 1967.

Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 2012, bls. 45-100.

„Helgi systursonur Hannesar: Kaldrifjaður morðingi“, <http://www.pressan.is>, 22. nóvember 2010 (skoðað 1. desember 2011).

Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmíðlar*. Reykjavík 1997.

Illugi Jökulsson og Mikael Torfason: „Ritstjórnarstefna DV og siðareglur blaðamanna: Nafnbirting DV felur ekki í sér dóm, segja ritstjórar“. *Blaðamaðurinn*, 4. tbl. 2004, bls. 18-19.

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir: „Sorgin í Sandgerði: „Hann var ljúfur drengur“, www.dv.is, 28. september 2011 (skoðað 28. september 2011).

Jens Elo Rytter: *Den Europæiske Menneskerettighedskonvention – og dansk ret*. 2. útgáfa. Kaupmannahöfn 2006.

Jon Fridrik Kjølbro: *Den Europæiske Menneskerettighedskonvention. For praktikere*. 3. útgáfa. Kaupmannahöfn 2010.

Jónatan Þórmundsson: „Brot gegn friðhelgi einkalífs“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. tbl. 1976, bls. 147-167.

Jónatan Þórmundsson: *Opinbert réttarfar*. Reykjavík 1980.

Jón Þór Ólason: „Dómstóll götunnar - gapastokkur nútímans“. *Úlfljótur*, 3. tbl. 2004, bls. 343-403.

„Karl Th. ritstjóri Eyjunnar ver birtingu á bílnúmeri“, www.dv.is, 14. maí 2011 (skoðað 30. nóvember 2011).

Kjartan Gunnarsson: „Friðhelgi einkalífs“. *Úlfljótur*, 3. tbl. 1978, bls. 171-242.

Kristín Edwald: „Upplýsingagjöf lögreglu meðan á rannsókn máls stendur og takmarkanir á aðgangi sakbornings og verjanda að gögnum máls á rannsóknarstigi“. *Úlfljótur*, 1. tbl. 2001, bls. 97-102.

Kyrre Eggen: *Vernet om ytringsfriheten etter art. 10 i Den europeiske menneskerettighetskonvensjon*. Oslo 1994.

„Leit og eftirgrennslan eftir ungmennum undir 18 ára aldri“, <http://www.mos.is>.

„Líkmaður á þingi með forsetum Íslands og Slóveníu – Breyttist dagskráin vegna nærveru hans?“, <http://www.pressan.is>, 4. maí 2011 (skoðað 20. nóvember 2011).

„Lýst eftir 13 ára stúlku“, <http://www.mbl.is>, 14. nóvember 2011 (skoðað 15. nóvember 2011).

„Lýst eftir Sævaldi Herði“, <http://www.mbl.is>, 13. nóvember 2011 (skoðað 15. nóvember 2011).

Lögfræðiorðabók með skýringum. Ritsjt. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Mark W. Janis, Richard S. Kay og Anthony W. Bradley: *European Human Rights law. Text and materials*. New York 2008.

„Meintar „ólögmæltar refsilækkunarástæður““, <http://www.visir.is>, 2. janúar 2012 (skoðað 2. janúar 2012).

Ólafur Jóhannesson: „Fjártjón og miski“. *Úlfljótur*, 2. tbl. 1947, bls. 3-11.

Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*. Reykjavík 1960.

„Ótti á Akureyri vegna dæmids barnaníðings“, <http://www.dv.is>, 17. nóvember 2011 (skoðað 17. nóvember 2011).

Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna*. Reykjavík 1997.

Páll Sigurðsson: *Mannhelgi. Höfuðþættir almennrar persónuverndar*. Reykjavík 2010.

Páll Sigurðsson: „Nærgöngul myndbirting af almannapersónum“. *Lagasýn. Greinasveigur um lög, lönd og sögu*. Reykjavík 2009, bls. 13-49.

Páll Sigurðsson: „Réttur til eigin myndar. Vegferð um afmarkað svið einkalífsverndar“. *Lagaskuggsjá*. Reykjavík 2004, bls. 29-72.

Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 359-389.

Peter Germer: *Statsforfatningsret*. København 2001.

Ragnheiður Bragadóttir: „Þróun refsinga fyrir kynferðisbrot“. *Stjórnsmál og stjórnarsýsla*, 1. tbl. 2009, bls. 49-68.

Rhona K. M. Smith: *Textbook on International Human Rights*. 3. útgáfa. Oxford 2007.

Róbert H. Haraldsson og Steinar Örn Atlason: „Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands 1966-2005“. *Blaðamaðurinn*, 1. tbl. 2006, bls. 11-19.

„Samkvæmisleikur dagsins“, <http://blog.eyjan.is/karl/>, 2. nóvember 2011 (skoðað 29. nóvember 2011).

Sigríður Rut Júlíusdóttir: „Mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í umfjöllun um opinberar persónur“. *Útljótur*, 1. tbl. 2005, bls. 111-138.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson: „Ljósmyndun sakamanna“. *Samfélagstíðindi*, 16. tbl. 1996, bls. 123-137.

Sleppur Baldur með skrekkinn? Fordæmi fyrir refsilækkun vegna fjölmiðlaumræðu“, <http://www.eyjan.is>, 29. desember 2011 (skoðað 29. desember 2011).

„Steingrímur Njálsson og Ágúst Magnússon nágarnar á Skúlagötu – Leikvöllur í portinu en engin börn“, <http://www.pressan.is>, 22. nóvember 2011 (skoðað 1. desember 2011).

Theory and Practice of the European Convention on Human Rights. Ritstj. Pieter Van Dijk o.fl. Antwerpen 2006.

Upplýsingar frá Sigtryggi Sigtryggssyni, fréttastjóra Morgunblaðsins.

„Var yfirheyrður í gærmorgun“. *Fréttablaðið*, 28. apríl 2011, bls. 12.

Vefsíða 365-miðla, <http://www.365midlar.is>.

Vefsíða héraðsdómstólanna, <http://www.domstolar.is>.

Vefsíða Ríkisútvarpsins, <http://www.ruv.is>.

Vefsíða Vísis: <http://www.visir.is>.

Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2005.

„Vopnað rán á Laugavegi: Þekkir þú manninn á myndinni?“, <http://www.visir.is>, 18. október 2011 (skoðað 13. nóvember 2011).

Yfirlýsing Guðrúnar Sesselju Arnardóttur, hrl., 17. ágúst 2010.

„Þekktur íslenskur poppari flæktur í stórt kókaínsmygl“, www.dv.is, 17. nóvember 2011 (skoðað 20. nóvember 2011).

„Þeir sprengja í kellingar“, <http://www.visir.is>, 14. janúar 2005 (skoðað 26. desember 2011).

Þorsteinn Gylfason: „Spjall um siðareglur og siðanefnd blaðamanna“. *Blaðamaðurinn*, 4. tbl. 2004, bls. 4-9.

„Þorsteinn hló á meðan Siv gaf vitnisburð“, www.dv.is, 12. október 2011 (skoðað 25. nóvember 2011).

Þór Jónsson: „Æsifréttir eða nauðsynleg upplýsingamiðlun?“. *Blaðamaðurinn*, 1. tbl. 2001, bls 10-13.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1968, bls. 1007
Hrd. 1975, bls. 578
Hrd. 1992, bls. 401
Hrd. 1993 bls. 140
Hrd. 1993, bls. 565
Hrd. 1995, bls. 408
Hrd. 1997, bls. 328
Hrd. 1999, bls. 857 (252/1998)
Hrd. 2000, bls. 3697 (407/2000)
Hrd, 2000, bls 4506 (272/2000)
Hrd. 2002, bls. 1212 (306/2001)
Hrd. 2002, bls 1941 (218/2002)
Hrd. 2003, bls. 435 (393/2002)
Hrd. 2003, bls. 3136 (36/2003)
Hrd. 28. apríl 2005 (510/2004)
Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005)
Hrd. 1. mars 2007 (278/2006)
Hrd. 4. október 2007 (37/2007)
Hrd. 25. október 2007 (67/2007)
Hrd. 4. desember 2008 (334/2008)
Hrd. 11. desember 2008 (34/2008)
Hrd, 29. janúar 2009 (321/2008)
Hrd. 5. mars 2009 (328/2008)
Hrd. 19. mars 2009 (448/2008)
Hrd, 30. apríl 2009 (475/2008)
Hrd. 28. maí 2009 (575/2008)
Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009)
Hrd. 25. febrúar 2010 (90/2010)
Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)
Hrd. 10. mars 2011 (329/2010)
Hrd. 13. október 2011 (198/2011)
Hrd. 10. nóvember 2011 (65/2011)
Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011)
Hrd. 24. nóvember 2011 (179/2011)
Hrd. 15. desember 2011 (158/2011)

Dómar héraðsdóms:

Bæjþ. Rvk. 24. júlí 1989 (21829/1987)
Hérd. Rvk. 16. október 2009 (E-12027/2008)
Hérd. Reykn. 14. febrúar 2011 (E-415/2010)
Hérd. Rvk. 22. september 2011 (E-7299/2010)
Hérd. Rvk. 13. október 2011 (E-6524/2010)
Hérd. Reykn. 22. mars 2011 (E-1088/2010)
Hérd. Rvk. 2. nóvember 2011 (S-700/2011)
Hérd. Reykn. 21. nóvember 2011 (S-849/2011)

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

MDE, Handyside gegn Bretlandi, 7. desember 1976 (5493/72)

MDE, *The Sunday Times* gegn Bretlandi, 26. apríl 1979 (6538/74),
MDE, *Marckx* gegn Belgíu, 13. júní 1979 (6833/74)
MDE, *X og Y* gegn Hollandi, 26. mars 1985 (8978/80)
MDE, *Lingens* gegn Austurríki, 8. júlí 1986 (9815/82)
MDE, *Müller* gegn Sviss, 24. maí 1988 (10737/84)
MDE, *Oberschlick* gegn Austurríki, 23. maí 1991 (11662/85)
MDE, *Porgeir Þorgeirson* gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88)
MDE, *Schwabe* gegn Austurríki, 28. ágúst 1992 (13704/88)
MDE, *Jersild* gegn Danmörku, 23. september 1994 (15890/89)
MDE, *Stjerna* gegn Finnlandi, 25. nóvember 1994 (18131/91)
MDE, *Allenet de Ribemont* gegn Frakklandi, 10. febrúar 1995 (15175/89)
MDE, *Botta* gegn Ítalíu, 24. febrúar 1998 (21439/93)
MDE, *Bladet Tromsø og Stensaas* gegn Noregi, 20. maí 1999 (21980/93)
MDE, *News Verlags GmbH & Co, KG* gegn Austurríki, 11. janúar 2000 (31457/96)
MDE, *Vilborg Yrsa Sigurðardóttir* gegn Íslandi, 30. maí 2000 (32451/96)
MDE, *Du Roy og Malaurie* gegn Frakklandi, 3. október 2000 (34000/96)
MDE, *N.F.* gegn Ítalíu, 2. ágúst 2001 (37119/97)
MDE, *McVicar* gegn Bretlandi, 7. maí 2002 (46311/99)
MDE, *Skalka* gegn Póllandi, 27. maí 2003 (43425/98)
MDE, *Von Hannover* gegn Þýskalandi, 24. júní 2004 (59320/00)
MDE, *Cumpănă og Mazăre* gegn Rúmeníu, 17. desember 2004 (33348/96)
MDE, *Pedersen og Baadsgaard* gegn Danmörku, 17. desember 2004 (49017/99)
MDE, *Sciacca* gegn Ítalíu, 11. janúar 2005 (50774/99)
MDE, *White* gegn Svíþjóð, 19. desember 2006 (42435/03)
MDE, *Tønsberg Blad AS og Haukom* gegn Noregi, 1. mars 2007 (510/04)
MDE, *Lombardo* gegn Möltu, 24. apríl 2007 (7333/06)
MDE, *Stoll* gegn Sviss, 10. desember 2007 (69698/01)
MDE, *Daróczy* gegn Ungverjalandi, 1. október 2008 (44378/05)
MDE, *Flux* gegn Moldóvíu, 29. október 2008 (22824/04)
MDE, *Sanoma Uitgevers B.V* gegn Hollandi, 14. september 2010 (38224/03)
MDE, *Fatullayev* gegn Azerbaidjan, 4. október 2010 (40984/07)
MDE, *Mosley* gegn Bretlandi, 10. maí 2011 (48009/08)

Ákvarðanir Mannréttindanefndar Evrópu:

Ákv. MNE, *Trøber* gegn Noregi, 5. apríl 1995 (21863/93)

Úrskurðir siðanefndar B.Í.

Úrskurður siðanefndar B.Í. 1. júní 2004 (6/2003-2004)

Úrskurður siðanefndar B.Í. 22. maí 2006 (10/2005-2006)

Úrskurður siðanefndar B.Í. 5. nóvember 2007 (4/2007-2008)

Úrskurður siðanefndar B.Í. 18. maí 2009 (4/2008-2009)

LAGASKRÁ

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Lög um prentrétt nr. 57/1956

Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991

Skadabótalög nr. 53/1993

Húsaleigulög nr. 36/1994

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994

Lögregluglög nr. 90/1996

Útvarpslög nr. 53/2000 (felld úr gildi)

Lög um persónuvernd og meðferð persónupplýsinga nr. 77/2000

Lög um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011